









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. júlí 2005 - 182. tölublað – 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Þróun eða aðstoð

Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor segir að orðið „þróunaraðstoð“ sé herfileg öfugmæli. Sannleikurinn sé sá að valið standi um aðstoð án þróunar eða þróun án aðstoðar.



Í DAG 24

### Enn eitt tapið hjá KR-ingum

Skagamenn unnu sinn fyrsta sigur á KR-vellinum í tólf ár þegar þeir lögðu þá röndóttu með 0–2 sigri í lokaleik fyrri umferðar í gær. KR-ingar hafa því tapað fimm af síðustu sjö leikjum í Landsbanka-deildinni og eru 17 stigum á eftir toppliði FH þegar mótið er hálfnað.



ÍÞRÓTTIR 34

### Útnárinn Ísland er báru-járnsklæddur

Íslendingar hafa lagt tvennt til byggingarlista-sögunnar, ann-ars vegar torf-bæinn og hins vegar báru-járnsklædda timburhúsið.



MENNING 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI** um norðaustan- og austanvert landið. Skýjað og víða skúrir sunnan og vestan til. Lægir víðast í kvöld. Hiti 10-18 stig, hlýjast á Norðaustur- og Austurlandi. VEÐUR 4

LANDIÐ ALLT
Föstudagar: 18–49 ára*




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í apríl 2005. Lestur á föstudögum.



MYND/AP

**SAKLAUS FÓRNARLÖMB** Fjölmargir slösuðust í hryðjuverkaárásunum, meðal annars þessi kona sem brenndist illa í andliti. Hún var farþegi í neðanjarðarlest sem sprengja sprakk í við lestarstöðina Edgware Road, skammt norðan við Hyde Park. Sjö dóu í þeirri sprengingu.

# Þrjátíu og átta fórust

**Mannskæðasta árás sem Lundúnabúar hafa orðið fyrir frá stríðslokum var gerð í gær. Fjögur sprengjutilræði voru framin á háannatíma í lestum og strætisvögnum. Samtök íslamskra öfgamanna lýstu ábyrgð á verknaðinum.**

**HRYÐJUVERK** Hryðjuverkamenn tengdir al-Kaída samtökunum létu til skarar skríða gegn Lundúnabúum í gærmorgun. Á háannatíma, þegar borgarbúar voru á leið til vinnu, sprengdu þeir fjórar sprengjur í neðanjarðarlestum og strætisvagni á tæpri klukkustund.

Lengi vel lék vafi á hversu margar sprengingarnar voru og var um tíma talið að sjö tilræði hefðu verið framin. Þegar líða tók á daginn var ljóst að sprengjur höfðu sprungið í þremur lestum og einum strætisvagni. Að minnsta kosti 38 biðu bana og 700 slösuðust, sumir mjög alvarlega.

Evrópsk samtök íslamskra öfgamanna, tengd al-Kaída, lýstu ábyrgð á verknaðinum í gær en yfirlýsing þeirra hefur ekki fengist staðfest.

Árásirnar bar upp á upphafsdegi viðræðna leiðtoga G8-ríkjanna í Skotlandi. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, hélt hins vegar til Lundúna og fundaði með ráðherrum og embættismönnum. Í ávarpi sínu til þjóðarinnar fordæmdi hann árásirnar harðlega og sagði að illvirkjunum myndi ekki takast ætlunarverk sitt. Elísabet Bretadrottning kvaðst miður sín yfir ódæðunum og vottaði þeim um sárt eiga að binda samúð sína.

Fjöldi Íslendinga býr í Lundúnum eða er þar í sumarfríi. Nokkrir þeirra voru nærri vettvangi atburðanna en ekki er talið að þeir hafi slasast.

- shg / Sjá síður 2-13, 20 og 24

Forseti Íslands er í Lundúnum:

## Árás á alþjóðasamfélagið

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var staddur í Lundúnum í gærmorgun þegar hryðjuverkaárásirnar áttu sér stað. Hann segist þó hafa verið í nokkurri fjarlægð frá þeim stöðum þar sem sprengingarnar urðu og því hafi hann ekki orðið þeirra var fyrst í stað.

Ólafur Ragnar segir að árásirnar hafi haft mikil áhrif á áform hans og Dorritar sem höfðu ætlað sér að sækja ýmsa atburði í Lundúnum bæði í gær og í dag, suma sem Dorrit hafði sjálf átt þátt í að skipuleggja, enda hafi miðborgin hreinlega lamast í kjölfar árásanna.

„Það var fróðlegt að fylgjast með því af hversu miklu æðruleysi og einhug íbúar borgarinnar tóku árásunum. Íbúar Lundúna eru sterkur vitnisburður um hið alþjóðlega samfélag, þar sem fólk af öllum kynþáttum sýnir samstöðu í baráttunni gegn niðurrifsöflunum,“ segir Ólafur Ragnar. „Við Íslendingar erum heppnir með það frjálsa og örugga samfélag sem við búum í. Árásir sem þessar eru árásir á þau gildi,“ segir Ólafur Ragnar, sem hefur sent Elísabetu Bretadrottningu samúðarskeyti vegna árásanna.

- oá

Björgólfur Thor í Finnlandi:

## Stærstur í símafyrirtæki

**VIÐSKIPTI** Finnska símafyrirtækið Elisa Oyj vill sameinast Saunalahti Group Oyj, sem félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar á stóran hlut í. Félagið hefur gert hluthöfum Saunalahti tilboð um að þeir fái einn hlut í Elisa fyrir 5,6 hluti í sínu félagi. Er það sagt vera 27 prósentum hærra en meðalverð á hlutabréfum félagsins síðastliðna tólf mánuði. Saunalahti er samkvæmt þessu metið á 320 milljónir evra eða um 25 milljarða króna.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Björgólfur og annar stór hluthafi, en þeir ráða yfir helming hlutafjár í Saunalahti, hafa samþykkt tilboðið. Skilyrðið er að Elisa ráði yfir tveimur þriðju atkvæða í sameinuðu félagi. Samkvæmt fréttatilkynningu yrði Elisa metið á rúma tvo milljarða evra eða um 164 milljarða króna. Það yrði næststærsta símafélag Finnlands og Björgólfur Thor stærsti einstaki hluthafinn.

- bg

Áhrif hryðjuverkanna:

## Hóflegar lækkanir á markaði

**VIÐSKIPTI** Hlutabréfamarkaðir vestan sem austan hafs lækkuðu í gær vegna hryðjuverkanna í Lundúnum. Ekki er þó hægt að segja að örvænting hafi gripið um sig á mörkuðum. Framan af degi stefndi í miklar lækkanir en upp úr hádegisbili fóru hlutabréf að hækka á ný. Telja margir að áhrif hryðjuverkanna verði minni háttar á breskt efnahagslíf nema helst á ferðamannageirann. Breska pundið lækkaði gagnvart öllum gjaldmiðlum.

Á hrávöruvörumarkaði lækkaði olíuverð en gull hækkaði hins vegar í verði.

Íslenska Úrvalsvísitalan lækkaði um 0,8 prósent í tæplega þriggja milljarða viðskiptum.

Sjá síðu 30 /- eþa





## SPURNING DAGSINS

*Óskar, stendur lögreglumönnum ógn af forsetum á reiðhjólum?*

Nei, almennt séð held ég það nú ekki.

Bush Bandaríkjaforseti hjólaði á lögreglumann í Skotlandi í fyrradag. Óskar Bjartmarz er formaður Lögreglufélagsins.

Halldór Ásgrímsson um árásina í Lundúnum:

# Lýðræðisleg öfl hljóta að sigra

**HRYÐJUVERK** „Við Íslendingar, eins og aðrar þjóðir fordæmum þessi grimmilegu hryðjuverk sem beinast gagnvart saklausum borgurum,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. „Hugur okkar er hjá bresku þjóðinni. Það er okkar skylda að styðja við bakið við þeim eins og við getum og efla böndin gegn baráttu gegn þessum illu öflu í heiminum, sem hafa það að markmiði að skapa sem mestan glundroða.“

Aðspurður um áhrif árásanna segir Halldór atburði sem þessa hafa áhrif um allan heim. „Það dregur úr vilja fólks til að hafa samskipti, skapar ótta og eykur eftirlit í kring um flugvelli og önnur samgöngumannvirki. Það gerðist í kringum 11. september 2001 og mun gerast núna.“

Halldór segir að á alþjóðavísu muni áhrif árásarinnar verða til þess að þjappa þjóðum heims enn betur saman. „Ég tek undir það sem forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair, sagði, að þeir geta ekki unnið heldur eru það við, hin lýðræðislegu öfl, sem hljótum að vinna þessa baráttu. En það er alltaf erfitt að eiga við fólk sem telur að dauðinn geti verið mikilvægari en lífið.“ - SS



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Segir skyldu okkar að styðja við bakið á Bretum á þessari ögurstundu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**VIÐ STJÓRNARRÁÐIÐ**

## SAMÚÐARKVEÐJUR

**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** forseti Íslands vottaði í gær bresku þjóðinni djúpa samúð sína, konu sinnar „og Íslendinga allra vegna hinna hræðilegu hryðjuverkaárása í Lundúnum,“ eins og sagði í skeyti sem hann sendi til forsætisráðherra Bretlands og Bretadrottningar. „Hugur okkar er hjá hinum særðu og fjölskyldum hinna látnu og slösuðu.“

Forsetinn segir að um veröld víða sameinist fólk nú „í varðstöðu um hið frjálsa og opna samfélag“ og segir Íslendinga heita Bretum einlægum stuðningi á erfiðum tímum.

**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** forsætisráðherra sendi í gær fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands samúðarskeyti til forsætisráðherra Bretlands, vegna hryðjuverkanna í Lundúnum.

„Þá hefur ríkisstjórnin jafnframt ákveðið í ljósi þessara hörmunga að flaggað skuli í hálfa stöng við opinberar stofnanir,“ sagði í tilkynningu sem forsætisráðuneytið sendi frá sér um miðjan dag í gær.

**HALLDÓR BLÖNDAL** forseti Alþingis sendi í gær samúðarkveðjur fyrir hönd Alþingis, til Michaels Martins, forseta neðri deildar breska þingsins. Halldór sagði Íslendinga slegna yfir hryðjuverkunum og sagði Íslendinga hugsa hlýtt til bresku þjóðarinnar á þessum erfiðu tímum.



**FÁNAR DREGNIR Í HÁLFA STÖNG** Eftir að fréttist af árásinni á Lundúnir voru fánar dregnir í hálfa stöng í Gleneagles í Skotlandi þar sem G8-fundurinn fer fram.

# Sár og sorgmæddur

**Davíð Oddssyni brá þegar hann heyrði að árás hefði verið gerð á Lundúnir. Hann fylgdist með fyrstu myndunum af atburðinum með bandaríska sendiherranum.**

**HRYÐJUVERK** „Mér brá þegar ég heyrði að búið væri að gera árás á Lundúnir,“ segir Davíð Oddsson utanríkisráðherra. „Ég var að undirbúa fund með James Gadsden, bandaríska sendiherranum, þegar ég heyrði þetta fyrst. Þegar sendiherrann kom horfðum við saman á fréttir frá Lundúnum á Sky og CNN. Við vorum báðir svekktir, sárir og sorgmæddir þegar við sáum hvað hafði gerst.“



**DAVÍÐ ODDSSON**

Davíð segir árásina í gær einkar ófyrirleitna. Spjótunum sé beint að saklausum borgurunum sem geti ekki varið sig. Hann segist eiga marga kunningja í Lundúnum og sem betur fer hafi hann ekki heyrt af neinum sem hafi lent í vandræðum. Davíð segir að þetta sé versta hryðjuverk í sögu Bretlands. Þegar Írski lýðveldisherinn hafi gert árásir hafi hann yfirleitt látið vita hvar og hvenær yrði sprengt.

Aðspurður hvort hann telji að árásin tengist þátttöku Breta í Íraksstríðinu segir Davíð að það geti vel verið.

„Bretar hafa verið virkustu bandamenn Bandaríkjanna í Írak og því eru þeir líklegast frekar skotmark en ella. Ætla má að þeir séu óvinir númer tvö á eftir Bandaríkjunum hjá þeim öfgamönnum sem gera svona árásir.“

Davíð segist telja að staða Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sé sterk.

„Oftast þjappar fólk sér á bak við stjórnvöld þegar svona atburðir gerast. Í það minnsta fyrstu mánuðina og misserin á eftir.“

Davíð segir alveg ljóst að hryðjuverkin hafi verið þaulskipulögð. Óðæðismennirnir hafi gert árásirnar á sama tíma og G8-fundurinn hafi verið að hefjast. Þar með hafi þeir tryggt að kastljós fjölmiðlanna væri mjög nærri og öryggisgæsla ekki jafnmikil og venjulega í Lundúnum þar sem fjöldi löggæslumanna væri í Edinborg að gæta þess að þar fari allt vel fram. Davíð segist telja það algjöra tilviljun að árásin hafi verið gerð degi eftir að tilkynnt var að Lundúnir fengju að halda Ólympíuleikana árið 2012.

„Ef einhver hefði viljað koma í veg fyrir að leikarnir færu fram í Lundúnum hefðu þeir væntanlega sprengt tveimur dögum fyrr.“ trausti@frettabladid.is

Kolbrún Halldórsdóttir:

## Full samúðar

**HRYÐJUVERK** „Maður verður óttalaga máttlaus og lítill þegar slíkt gengur á,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna.

„Ég treysti því að Bretar hafi þessi mál í öruggum farvegi og þeir hafa örugglega komið í veg fyrir árásir af þessu tagi oft á undanförnum misserum. Það er ekkert nema ótrúleg fólska sem lætur fólk gera svona lagað og auðvitað er maður fullur samúðar og hluttekningar til fjölskyldna þeirra sem féllu í árásunum.“



**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR**

Kolbrún segir að henni hafi þótt viðbrögð Tony Blair merkileg og að hann hafi sýnt víðsýni og slegið skynsamlega tóna þegar hann hvatti Breta til þess að fordæma ekki alla múslima fyrir voðaverkin. - OÁ

Guðjón Arnar Kristjánsson:

## Stríð uppræta sjaldnast hatur

**HRYÐJUVERK** „Við fordæmum þetta auðvitað,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, aðspurður um viðbrögð við hryðjuverkaárásunum.

„Því miður þá virðist ekki vera auðvelt að bregðast við hryðjuverkum manna sem virða ekkert, hvorki líf né reglur. Það er hins vegar spurning hvort hryðjuverk verði nokkurn tíma upprætt með ofbeldi, hvort alþjóðasamfélagið þurfi ekki að leysa vandann með öðrum hætti. Stríð uppræta sjaldnast hatur,“ segir Guðjón. - OÁ



**GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON**

Alltaf í leiðinni
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er í Lundúnum:

# Mikil þögn yfir borginni

**HRYÐJUVERK** „Það er sérkennilegt að vera hér,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sem stödd er í Lundúnum.

„Það er mikil þögn yfir borginni og nánast engir bílar á ferli.“ Hún segir merkilegt hvað fólk virðist hafa tekið sprengjuárásunum í Lundúnum með miklu jafnaðargeði. „Ég get ekki merkt það að mikill ótti í fólki, en Bretar eru vanir að takast á við margvíslegar uppákomur. Frá því þegar sprengingarnar urðu í Madríd fyrir rúmu ári síðan, hafa Bretar gert sér grein fyrir að slíkt kynni að gerast hér líka. Það var mikil umræða um mögulega hryðjuverk hér í Lundúnum á þeim tíma. Bretar taka þessu með miklu jafnaðargeði, þó þeir geri sér grein fyrir því hversu alvarlegt þetta er. Það sýnir að þeir láta árásina ekki stjórna lífi sínu, en til þess er leikurinn gerður.“

Ingibjörg Sólrún segist hafa farið niður í City, viðskiptahverfi Lundúna, um fjögurleytið í gær til að litast um, en þar hafi bankar og fyrirtæki verið lokaðir, bæði af öryggisástæðum og vegna þess að það tæki fólk margar klukkustundir til að komast heim. „Ég gekk yfir Millennium-brúna, sem venjulega er full af ferðamönnum, en þá voru þar bara jakkafatafólk úr fjármálahverfinu.“ - SS



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Segir sérkennilegt að vera nú í Lundúnum. Mikil þögn sé yfir borginni og fáir bílar á ferli.







Frostþolnir
útipottar
50%
afsláttur

# Garðplöntu útsala

allt að
60%
afsláttur





**Kistlar,** ný sending, þrjár stærðir
**2.990, 4.990 og 6.990**



blómaval
*heillandi heimur*

Sigtún - Grafarholt - Kringlan - Smáralind
- Akureyri - Keflavík - Selfoss -

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 07.07.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 65,32 | 65,64 |
| Sterlingspund | GBP | 113,97 | 114,53 |
| Evra | EUR | 78,42 | 78,86 |
| Dönsk króna | DKK | 10,519 | 10,581 |
| Norsk króna | NOK | 9,91 | 9,968 |
| Sænsk króna | SEK | 8,31 | 8,358 |
| Japanskt jen | JPY | 0,585 | 0,5884 |
| SDR | XDR | 94,57 | 95,13 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,1328 -1,6%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Al-Kaída lýsir yfir ábyrgð á hryðjuverkunum í Lundúnum:

# Hótar Dönum og Ítölum öllu illu

**HRYÐJUVERK** Samtök tengd al-Kaída lýstu skömmu eftir tilræðin í Lundúnum í gær yfir ábyrgð sinni á þeim. Í yfirlýsingu sinni höfðu þau jafnframt í heitingum við Dani og Ítala vegna þátttöku þeirra í hernaðinum í Írak.

„Hin leynilegu samtök heilags stríðs al-Kaída í Evrópu“ birtu í gærmorgun yfirlýsingu á vefsíðu sem gjarnan er notuð af íslömskum öfgahópum þar sem þau sögðust hafa staðið á bak við tilræðin í Lundúnum.

Þó að samtökin séu lítið sem ekkert þekkt og áreiðanleiki yfirlýsingarinnar hafi ekki verið staðfestur telja sérfræðingar ekki loku fyrir það skotið að þau beri í raun og veru ábyrgð. Þau segja að Bretar hafi margsinnis verið varaðir við slíkum aðgerðum. Samtökin ítreka enn fremur hótanir sínar gagnvart Dönum og Ítölum og segja að þeirra bíði svipuð meðferð dragi þeir hermenn sína ekki frá Írak og Afganistan hið fyrsta.

Hópur tengdur al-Kaída bar einnig ábyrgð á sprengjutilræðunum í Madríd í mars á síðasta ári þegar 191 maður lét lífið. Handbragð þeirra árása og tilræðanna í Lundúnum er um margt svipað. **- aöe**




MYND/AP

**GENGIÐ GEGN BUSH** Danir eru margir ósáttir við stuðning stjórnvalda sinna við hernað Bandaríkjanna í Írak. Hótun hryðjuverkamanna gæti orðið vatn á myllu mómælenda.



**FRÁ TAVISTOCK-TORGI** Aldrei verður hægt að koma algjörlega í veg fyrir slíkar árásir.

Hryðjuverkasérfræðingar:

# Árásin var afar vel skipulögð

**HRYÐJUVERK** Sérfræðingar í hryðjuverkavörnum segja að aldrei verði hægt að koma algjörlega í veg fyrir árásir á borð við þær sem gerðar voru á Lundúnir í gær. Vopna- og sprengiefnaleit á hverjum einasta farþega væri alltof kostnaðar- og tafsöm til að hún væri réttlætanleg.

„Það er ómögulegt að koma í veg fyrir vel skipulagða hryðjuverkaárás. Það besta sem lögreglan getur gert er að koma fyrir útsendurum í hryðjuverkasellum, fá upplýsingar og stöðva þannig illvirkjana,“ segir Alex Standish, ritstjóri Jane's Intelligence Digest.

### Mjög færir hryðjuverkamenn

Viðmælendum AP-fréttastofunnar bar saman um að árásirnar í gær hefðu verið afar vel skipulagðar og skýr markmið hefðu legið að baki þeim. „Þessi árásarhrina sýnir að við eigum í höggi við hryðjuverkamenn sem eru mjög færir á sínu sviði,“ segir Charles Blackmore, forstjóri Vance-öryggisfyrirtækisins.

Blackmore og Standish voru hins vegar sammála um að lögregla og sjúkralið hefðu brugðist hratt og vel við erfiðum aðstæðum og greinilegt þau hefðu lært margt af árásunum 11. september 2001.

Aðeins eru nokkrar vikur liðnar síðan umfangsmikil stórslysaæfing var haldin í Lundúnum og eflaust hefur sú reynsla skilað sér vel í gær. **- shg**




# Hryðjuverk á háannatíma

**Vandlega skipulögð hryðjuverkaárás var gerð á Lundúnir í gærmorgun þegar fjórar sprengjur sprungu á innan við klukkutíma í strætisvagni og neðanjarðarlestum. Samgöngur lömuðust í miðborginni.**

**HRYÐJUVERK** Á tæpri klukkustund tókst hryðjuverkamönnum að valda meiri glundroða í Lundúnum en dæmi eru um frá stríðslokum. Sprengjur sprungu á fjórum stöðum og í það minnsta tugir týndu lífi.

Fyrsta sprengjan sprakk í neðanjarðarlest á háannatíma á milli Aldgate og Liverpool lestarstöðvanna klukkan 8.51 að staðartíma í gærmorgun. Lestin var umsvifalaust rýmd og slökkvilið og lögregla fór strax á vettvang til að kanna aðstæður. Lögregluyfirvöld höfðu í gærkvöld staðfest sjö dauðsföll í sprengingunni. Auk þess særðust ríflega eitt hundrað manns, þar af tíu alvarlega.

Einungis fimm mínútum síðar sprakk önnur sprengja í neðanjarðarlest á Piccadilly-sporinu milli Russell Square og Kings Cross lestarstöðvanna. Sú sprengja var öllu öflugri en sú fyrri. Farþegar þustu út úr lestinni í örvinglan og ótta og þegar björgunarlið kom á vettvang var aðkoman hryllileg. Í það minnsta 21 lá í valnum og tugir manna voru særðir. Bráðabirgðalíkhúsum var komið upp í nálægum hótelum og strætisvagnar nýttir til að flytja særða á spítala.

Rúmum tuttugu mínútum síðar sprakk þriðja sprengjan í lest við lestarstöðina Edgware Road skömmu eftir að hún tók af stað á leið í átt til Paddington-stöðvarinnar. Lestin fylltist af reyk og öll ljós slokknuðu áður en farþegar gátu komið sér út. Seinna kom í ljós að sprengingin hafði rofið vegg í lestinni og valdið skemmdum á annarri lest á næsta spori. Að minnsta kosti sjö létust við Edgware Road.

Fjórða og síðasta sprengjan sprakk á efri hæð tveggja hæða strætisvagns við Tavistock-torg klukkan 9.47. Þakið rifnaði af vagninum og bílar í grenndinni skemmdust einnig. Lögregla hefur ekki útilokað að um sjálfsmorðsárás hafi verið að ræða. Að minnsta kosti þrír létust í þessari sprengingu.



**BRAK STRÆTISVAGNSINS** Lögreglumaður stendur við brak strætisvagnsins á Tavistock-torgi þar sem að minnsta kosti tveir létust. Lögregla óttast að sú tala komi til með að hækka.

oddur@frettabladid.is


# ORKA ÚR IÐRUM JARÐAR



**Kynning á framkvæmdum við Hellisheiðarvirkjun**

Gestamóttakan í Skíðaskálanum í Hveradölum er opin **mánudaga-laugardaga kl. 9-17 og sunnudaga kl. 13-18.**

Allar nánari upplýsingar í síma **516 6000** og á **www.or.is**

Aðgangur er ókeypis.

**Allir velkomnir!**

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur


## VEÐRIÐ Í DAG

**RÉTT AÐ VARA VIÐ HVASSVIÐRI NORÐVESTAN TIL**
Það er kröpp lægð undan Vestfjörðum sem valda mun stífum vindi víða vestan og norðan til en þó einkum norðvestan til. Það lægir hægt og rólega með kvöldinu. Hann ætti að rífa af sér norðaustan og austan til í dag.
**HELGARVEÐRIÐ**
Enn er að sjá fremur hægar suðlægar áttir. Skúrir sunnan og vestan til en nokkuð bjart um norðaustan- og austanvert landið. Hitinn verður á bilinu 10-19 stig hlýjast norðaustan og austan til.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Yfirleitt nokkur vindur.

### Sunnudagur




Vindur fremur hægur.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C | heiðskírt | París | 21°C | alskýjað | Alicante | 29°C | hálfskýjað |
| Ósló | 30°C | heiðskírt | Berlín | 22°C | skúrir | Milano | 23°C | hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 30°C | heiðskírt | Frankfurt | 20°C | skúrir | New York | 18°C | skúrir |
| Helsinki | 24°C | heiðskírt | Madrid | 33°C | heiðskírt | San Francisco | 19°C | heiðskírt |
| London | 21°C | léttskýjað | Barcelona | 27°C | skúrir | Orlando/Florida | 32°C | skúrir |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Svín virkar á grillið




**SVÍNAKJÖT GLJÁÐ Í SÆTU BALSAMIC, SÍTRÓNUGRASI OG PARMASKINKU**

800 g hreinsaður vöðvi, helst svínalund
10 sneiðar Parmaskinka
2 bollar balsamic edik
1/2 bolli púðursykur
3 stk sítrónugras
Bréf basil
Salt og pipar
100 g smjör

landslið matreiðslumeistara

Aðferð:
Sjóðið upp á balsamic ediki og púðusykri þar til sykurinn hefur verið leystur upp. Þá er gott að merja sítrónugrasið vel, saxa fínt niður og bæta út í edik blönduna. Kryddið svínakjötið með salti og pipar og vefjið inní parmaskinku. Þá er söxuðu basil stráð yfir kjötið og einnig edik blöndunni hellt yfir kjötið sem gott er að hafa í ofn skúffu. Forhitið ofn á 150°c og eldið í ca 20 mín.

Hvílið í sirka 10 mín eða þar til kjötið er hæfilega eldað.

Eldun fer eftir stærð vöðvans. Gott er að ausa gljáanum yfir annað kastið meðan eldun stendur yfir. Síðan er vökvinn sem eftir er í ofnskúffunni sigtaður í pott og létt soðinn. 100 g af smjöri bætt í lokin og notað sem sósa. Þessi réttur passar vel með klettasalati og bökuðum kartöflum.



**Sigurður Gíslason**
aðstoðar yfirmatreiðslumaður á Vox
Meðlimur í landsliði matreiðslumeistara










Glæsilegt úrval af **JIM BEAM** sósum

**Nýtt** í Hagkaupum




**Samsölubrauð** - stórbrauð
Gróft og fínt. 500 g




**Amerísk vínber**



**Kettle Chips** - Kartöfluflögurnar sem slegið hafa í gegn.

Gildir til 10. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Ertu sátt(ur) við að Ólympíuleikarnir verði haldnir í Lundúnum árið 2012?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 84% |
| Nei | 16% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Tengjast hryðjuverkin í Lundúnum þátttöku Breta í Íraksstríðinu?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

George W. Bush segir andstæðurnar í heiminum vera skarpar:

# Stríðið gegn hryðjuverkum stendur enn

**HRYÐJUVERK** George W. Bush Bandaríkjaforseti telur að andstæðurnar á milli þjóðarleiðtoganna í Gleneagles í Skotlandi og tilræðismannanna í Lundúnum gætu ekki verið skarpari.

George W. Bush var ásamt hinum leiðtogum G8-ríkjanna á fundi í Gleneagles þegar sprengingarnar í Lundúnum riðu af. Síðdegis í gær flutti hann stutt ávarp og greinilegt að honum var brugðið.

„Andstæðurnar á milli þess sem ég hef séð hér í Gleneagles og þess sem birtist okkur í sjónvarpinu frá Lundúnum eru sérstaklega sláandi í mínum huga. Annars vegar er hér fólk sem vinnur hörðum höndum að því að útrýma fátækt og banvænum sjúkdómum. Hins vegar eru þeir sem hika ekki við að myrða saklaust fólk.“

Bush vék því næst að andrúmsloftinu á fundinum. „Stríðið gegn hryðjuverkum er enn í fullum gangi. Mér fannst mjög mikið til staðfestu hinna þjóðarleiðtoganna koma, þeir eru jafn staðfastir og ég. Við stöndum fastar á því en fótunum að við förum ekki að kröfum þessa fólks, látum ekki undan hryðjuverkamönnum. Við finnum þá og komum yfir þá lögum.“

Viðbúnaðarstig í Bandaríkjunum var hækkað vegna árásanna í Lundúnum í gær. ■



**BANDARÍKJAFORSETI** „Við stöndum fastar á því en fótunum að við förum ekki að kröfum þessa fólks,“ sagði Bush en hann er staddur á leiðtogafundi G8-ríkjanna í Skotlandi.



**VLADIMIR PÚTÍN**

Forseti Rússlands:

## Vesturlönd ósamstiga

**HRYÐJUVERK** Vladimir Pútín, forseti Rússlands, telur að árásirnar á Lundúnir í gær sýni að ríki heims séu ósamstíga og illa undir það búin að glíma við hryðjuverkaógnina.

Pútín minnti á að Rússland hefði oft sinnis orðið fyrir hryðjuverkaárásum sem hefðu kostað hundruð manna lífið. „Það sem gerðist hins vegar í dag sýnir enn einu sinni að við gerum of lítið til að sameina krafta okkar í baráttunni við hryðjuverkamenn.

Pútín fordæmdi vitaskuld árásirnar harðlega og sagði að einu gilti hvar slík illvirki væru unnin, þau væru alls staðar jafn fyrirlitleg. Því skoraði hann á aðra þjóðarleiðtoga að láta af tvöföldu siðgæði sínu og átti hann þar við að þeir væru oft fljótir að gagnrýna Rússa í baráttu sinni gegn tsjetsjenskum aðskilnaðarsinnum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**JACQUES CHIRAC** Undirstrikaði einlæga vináttu þjóðanna tveggja.

Chirac og Schröder:

## Beita skal öllum ráðum

**HRYÐJUVERK** Jacques Chirac Frakklandsforseti og Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, voru sammála um að berjast yrði gegn hryðjuverkum með öllum tiltækum ráðum þegar þeir fordæmdu árásirnar í samtölum við fjölmiðla í gær. Þeir vottuðu bresku þjóðinni samúð sína.

„Ég fann fyrir miklum hryllingi þegar ég heyrði af hryðjuverkaárásunum sem lituðu bresku höfuðborgina blóði í morgun. Ég vil að Lundúnabúum og allri bresku þjóðinni sé ljós sú samstaða, samúð og vinarþel sem Frakkland og franska þjóðin ber til ykkar á þessum erfiðu tímum,“ sagði Chirac. ■

# Tony Blair stappar stálinu í þjóð sína

**Í sjónvarpsávarpi sínu í gær hét Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, því að koma lögum og reglu yfir þá sem frömdu hryðjuverkin í Lundúnum. Stjórnarandstaðan hefur lofað stuðningi sínum.**

**HRYÐJUVERK** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, stappaði stálinu í þjóð sína í gær og fullyrti að hún myndi hryðjuverkaárásirnar í Lundúnum ekki láta buga sig. Leiðtogar stjórnarandstöðunnar hétu stuðningi sínum við ríkisstjórnina í þessum þrengingum.

„Það er kaldhæðnislegt að þetta skyldi henda á deginum sem við hittumst og ræðum um hvernig útrýma megi fátæktinni í Afríku,“ sagði Tony Blair í ávarpi sínu frá heimili sínu að Downingsstræti 10 í gær.

Blair var á fundi helstu iðnríkja heims í Gleneagles í Skotlandi í gærmorgun þegar árásirnar í Lundúnum voru gerðar en hann ákvað fljótlega að sín væri frekar þörf í höfuðborginni hjá þjóð sinni. Síðdegis fundaði Blair með Cobra, neyðarnefnd ríkisstjórnarinnar og embættismanna, og síðan flutti hann sjónvarpsávarp sitt þar sem hann hét því að hafa hendur í hári þeirra sem fyrir árásunum stóðu.

Blair vék í ræðu sinni að því æðruleysi sem hann sagði Lundúnabúa hafa sýnt á þessum erfiðu tímum. „Það er með hryðjuverkum sem þessir illvirkjar kjósa að sýna þau gildi sem þeir aðhyllast. Því er rétt að á þessum tíma sýnum við þau gildi sem við viljum standa fyrir. Þeir reyna að slátra saklausu fólki til að fæla okkur frá því að gera þá hluti sem við kjósum. Þeim skal ekki og má ekki takast ætlunarverk sitt.“

Michael Howard og Charles Kennedy, leiðtogar íhaldsmanna og frjálslyndra, sendu báðir samúðarkveðjur sínar til fórnarlamba árásanna og lofuðu jafnframt hetjudáðir lögreglu, sjúkra- og slökkviliðs. Þeir lýstu enn fremur fullum stuðningi við stjórnina í málinu.

Charles Kennedy sló aldrei þessu vant á svipaða strengi og George W. Bush í ræðu sinni. „Munurinn á þeim sem reyna að eyða og drepa og þeim sem eru að reyna að byggja til framtíðar [á G8-fundinum] gæti ekki verið meira sláandi. Hryðjuverkamennirnir mega ekki sigra.“

George Galloway, hinn umdeildi skoski þingmaður, sagði í viðtali við BBC að árásirnar væru „fyrirlitlegar en ekki alveg ófyrirsjáanlegar“. sveinng@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Í GÓÐRA VINA HÓPI** Tony Blair sést hér ásamt George W. Bush og Jacques Chirac þegar hann ávapaði þjóð sína frá Gleneagles í gærmorgun. Skömmu síðar hélt hann til Lundúna.

Ken Livingstone, borgarstjóri Lundúna fordæmir hryðjuverkin harðlega:

# Fjöldamorð en ekki hugmyndafræði

**SINGAPÚR, AP** Ken Livingstone, borgarstjóri Lundúnaborgar, segir árásirnar í Lundúnum handahófskennt fjöldamorð hryðjuverkamanna.

Borgarstjórinn var staddur í Singapúr þegar fréttirnar af árásunum bárust til að fylgja eftir umsókn borgarinnar um að fá að halda Ólympíuleikanna. Sá fögnuður sem ríkti vegna leikanna hvarf vitaskuld um leið eins og hendi væri veifað.

„Ég vil aðeins segja eitt: Þetta var ekki hryðjuverkaárás gegn hinum sterku og valdamiklu, forsetum og forsætisráðherrum. Henni var beint gegn venjulegum Lundúnabúum,“ sagði Livingstone í viðtölum við fréttamenn. „Þetta er ekki hugmyndafræði eða ofsatrú. Þetta er fjöldamorð.“

Því næst beindi borgarstjórinn orðum sínum til tilræðismannanna og sagði að lífið í Lundúnum kæmist fljótlega í samt lag og verða hér eftir sem hingað til frelsistákn fyrir Breta og aðrar þjóðir heimsins. „Ekkert sem þið gerið, sama hversu marga þið myrðið, kemur í veg fyrir að frelsið ríki og fólk lifi í sátt og samlyndi. Sama hvað þið gerið þá mistekst ykkur.“ ■



**BORGARSTJÓRINN Í LUNDÚNUM** „Ekkert sem þið gerið, sama hversu marga þið myrðið, kemur í veg fyrir að frelsið ríki og fólk lifi í sátt og samlyndi,“ sagði Ken Livingstone í gær.

**Hryðjuverkaárásin:**

## Þetta sögðu þau

Helstu ráðamenn heims hafa verið samstiga í að fordæma hryðjuverkin í Lundúnum í gær.



„Ég er miður mín vegna þessara hörmulegu tilræða sem framin hafa verið í Lundúnum í dag. Þessi illvirki nísta í hjartastað því þau eru árás á mennskuna í okkur.“
**- Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna**

„Þetta er heimsstyrjöld ólíkrar hugmyndafræði. Það er ekki hægt að semja um frið við hryðjuverkamenn. Þeir vilja okkur feig og við verðum að takast á við þá. Það er einungis hægt með hörku.“
**- Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.**



„Afar hryggur vegna fréttanna af hryðjuverkaárásunum í Lundúnum biður hans heilagi, Benedikt XVI páfi, ákaft fyrir fórnarlömbunum og öllum þeim sem eiga um sárt að binda.“
**- úr fréttatilkynningu frá Páfagarði.**

„Þessari morðárás er ekki eingöngu beint gegn Bretlandi og bresku þjóðinni heldur gegn öllu siðmenntuðu fólki í heiminum sem líður ekki árásir á borð við þessa.“
**- Jose Manuel Barroso, forseti Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.**

„Spánverjar hafa þjáðst af völdum hryðjuverkamanna í áratugir og árásirnar í Madríd 11. mars í fyrra voru versta hryðjuverkaárás sem vitað er um í Evrópu. Því skiljum við, Spánverjar, vel þjáningu og sorg bresku þjóðarinnar.
**- Jose Luis Zapatero, forsætisráðherra Spánar.**



„Ég samhryggist Bretum og býð þeim allan þann stuðning sem við getum veitt. Ég var rétt hjá Liverpool Street stöðinni þegar fyrsta sprengjan sprakk. Mér fannst afar óhugnanlegt að vera aftur svo nærri slíkri árás.“
**- Rudolph Giuliani, borgarstjóri í New York 11. september 2001.**

# Kraftvélasalan

www.kraftvelasalan.is

# Ertu að leita að notaðri vinnuvél?

***Kraftvélasalan opnar í dag kl. 16:00***

…nýtt söluútibú fyrir notaðar vinnuvélar að
Lækjarmel 1-2, 116 Reykjavík.






**Komatsu PW150ES-6**
Árg.1999, 11200 vinnustundir.



**Komatsu PC750LC-6**
Árg. 2004, 2200 vinnustundir.



**Komatsu PC340LC-7**
Árg. 2004, 2200 vinnustundir.



**Komatsu PC290LC-6**
Árg. 2000, 10300 vinnustundir.



**Komatsu PC450LC-6**
Árg. 2000, 11432 vinnustundir.



**Komatsu PC340LC-6**
Árg. 2001, 7200 vinnustundir.



**Komatsu PC600LC-6**
Árg. 2003, 3600 vinnustundir.



**CAT D6H LGP**
Árg. 1996, 11200 vinnustundir.



**Dynapac CA302D**
Árg. 2004, 500 vinnustundir.



**Komatsu D61PX-12**
Árg. 2002, 4700 vinnustundir.



**Komatsu D65EX-15**
Árg. 2003 , 2900 vinnustundir.



**Komatsu PC130-5**
Árg. 1997, 6000 vinnustundir.



**Moxy MT30**
Árg. 1998, 9914 vinnustundir.



**Moxy MT36 Highline**
Árg. 2002, 5000 vinnustundir.



**Komatsu HD325-6**
Árg. 2004, 1500 vinnustundir.



**O&K RH30**
Árg. 1999, 6600 vinnustundir.

## *Mikið úrval vinnuvéla af öllum stærðum og gerðum*

**Kraftvélasalan**

Lækjarmel 1-2 - 116 Reykjavík - Sími 535 3500 - **www.kraftvelasalan.is**

„Vinsælasti krimmahöfundur Norðurálfu“ – DV




Ný saga um Kurt Wallander eftir Henning Mankell, sem er einn virtasti og vinsælasti sakamálahöfundur Evrópu um þessar mundir.

Aldraður fuglavinur finnst stjaksettur til dauðs á engi á Skáni í Svíþjóð. Wallander lögregluforingja verður fljótlega ljóst að hann á hér í höggi við óvenju útsmoginn og kaldrifjaðan morðingja.

„Sögur Mankell eru **afburðavel skrifaðar og hver kafli vekur forvitni** lesandans.“
*- Páll Baldvin Baldvinsson, DV*

2. sæti
Allar bækur
Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM 29. júní - 5. júlí.

Mál og menning
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


Múslimaleiðtogar um heim allan:

# Fordæma hryðjuverkin


**HAMID KARZAI** Forseti Afganistans segir Afgana skilja vel þann sársauka sem breska þjóðin gengur nú í gegnum.

**HRYÐJUVERK** Hamid Karzai, forseti Afganistans, segir hryðjuverkin í Lundúnum viðurstyggileg og hneykslanleg. Hann segir það liggja fyrir að tilganguriinn hafi verið að myrða saklausa borgara og fordæmir árásirnar harðlega.

Karzai segir afgönsku þjóðina senda Bretum samúðarkveðjur og að Afganar skilji vel þann sársauka sem breska þjóðin finni fyrir núna, enda hafi Afganistan ekki farið varhluta af hryðjuverkaárásum.

Sheikh Rashid, upplýsingamálaráðherra Pakistans, hefur einnig gefið út yfirlýsingu þar sem sagt er að stjórnvöld fordæmi árásirnar og sendi Bretum samúð. Abdulmoshen Al-Akkas, félagsmálaráðherra Sádi-Arabíu, sagði einnig að yfirvöld þar fordæmi árásirnar þótt ekki sé enn vitað hverjir hafi verið þar að verki og býður fjölskyldum þeirra sem fórust sína dýpstu samúð.

Leiðtogar þjóða um heim allan hafa fordæmt árásirnar og sent bæði bresku ríkisstjórninni og Elísabetu Bretadrottningu samúðarskeyti.■



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**IQBAL SACRANIE** Aðalritari múslimaráðs Bretlands segist vonast til þess að allir borgarbúar taki höndum saman um að upplýsa lögregluna um hryðjuverkin.

# Múslimar harma árásirnar

**Talsmenn múslima í Lundúnum hafa áhyggjur af því að trúsystkini þeirra kunni að verða fyrir aðkasti í kjölfar árásanna. Talsmaður múslima á Íslandi fordæmir hryðjuverkin.**

**HRYÐJUVERK** Ahmed Sheikh, forseti félags múslima í Lundúnum, fordæmir hryðjuverkaárásirnar og segist óttast að múslimar þurfi að gjalda fyrir hryðjuverkin. Hann segist hafa mestar áhyggjur af konum sem bera höfuðslæður og mæltist til þess við alla múslima að þeir færu varlega næstu daga og létu lítið fyrir sér fara.

Hann segir að lögregluyfirvöld þurfi nú að íhuga herta öryggisgæslu við moskur og aðra samkomustaði múslima. Hann sendi einnig fjölskyldum þeirra sem féllu í árásunum samúðarkveðjur og segir samfélag múslima standa með öðrum Lundúnabúum gegn hryðjuverkum. Sheikh segir samskipti múslimasamfélagsins við aðra íbúa borgarinnar og stjórnvöld hafa verið með miklum ágætum en segir þau samskipti nú í ákveðinni hættu. Hann vill því árétta að ein sprengingin varð í einu fjölmennasta múslimahverfi borgarinnar, nærri Aldgate og hafi því beinst jafnt að múslimum sem öðrum.

Sir Iqbal Sacranie, aðalritari múslimaráðs Bretlands, segist einnig fordæma árásirnar harðlega og að tilgangur hryðjuverkamannanna hafi greinilega verið að draga úr samstöðu meðal borgarbúa. Hann segist vonast til þess að allir borgarbúar taki höndum saman um að upplýsa lögregluna til að hægt verði að hafa hendur í hári þeirra sem bera ábyrgð á hryðjuverkunum. Sacranie viðurkennir þó að ákveðin öfl innan múslimasamfélagsins reyni líklega að misnota atburðina til þess að ýta undir misrétti og hatur.

Salmann Tamini, formaður félags múslima á Íslandi, segir aðspurður um viðbrögð félagsins við hryðjuverkunum: „Við fordæmum auðvitað þessi hryðjuverk. Þau eru mjög óhugnanleg, sama hvort múslimar, kristnir eða aðrir standa að þeim.“

„Allt skynsamt fólk veit að ekki er hægt að fordæma alla múslima fyrir slíkar árásir,“ segir Salmann og hefur ekki áhyggjur af því að múslimar á Íslandi verði fyrir aðkasti í kjölfar hryðjuverkanna.

oddur@frettabladid.is




## Ferskar hrefnulundir í næsta kjötborði



# Veislan er að hefjast!



### Úlfar á 3 FRÖKKUM mælir með hrefnulundum:

- Skerðu ferskar lundirnar í sneiðar, alls ekki meira en 0,5 til 1 cm á þykkt.
- Aldrei meiri steiking en „Medium Rare“ eða „Rare“, 36 sek. á annarri hliðinni og 32 á hinni!
- Ekki krydda of mikið.
- Pönnusteiking á sjóðheitri pönnu eða á grillið: dýfa lundinni í grill- eða steikarolíu og strjúka svo af mest af olíunni.
- Hrefnulundirnar eru líka frábærar hráar sem forréttur, með japanskri Kikkoman sojaolíu.

Njótið vel. Úlfar Eysteinsson á 3 FRÖKKUM.

## Farðu nýjar leiðir og prófaðu ferskar sérvaldar hrefnulundir á grillið eða á pönnuna.

Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun. Meistarakokkarnir mæla með hrefnulundum í veisluna – og svo eru þær þægilegar í matreiðslu. Ekki bíða með veisluna, veiðunum lýkur 15. ágúst.

**Félag hrefnuveiðimanna**

kaktus auglýsingastofa



**SLÁTRUN** Bresku blöðin sendu flest frá sér aðra prentun í gær eftir að hryðjuverkin dundu yfir Lundúnaborg. Hér sjást kaupendur handleika Evening Standard sem kallar atvikið í gær „slátrun".

Flug milli Keflavíkur og Lundúna:

# Tugir breyttu ferðaáætlun

**FLUGSAMGÖNGUR** Ekki varð röskun á áætlunarflugi Icelandair og Iceland Express milli Keflavíkur og Lundúna í gær. Vélar beggja félaga lentu þar um hádegisbil og héldu til Íslands á ný klukkan eitt.

„Um 150 farþegar voru um borð af 170 sem voru bókaðir," segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair.

Öllu færri, eða aðeins fimm, skiluðu sér ekki í flug Iceland Express en það er svipaður fjöldi og á venjulegum degi, að sögn Birgis Jónssonar framkvæmdastjóra. „Það var líka mjög lítið um afbókanir fyrir seinna flugið til Stansted," segir Birgir en vélin fór utan um fjögur leytið í gær.

Nokkrir tugir farþega leituðu til Icelandair til að fá að breyta ferðatilhögun sinni og brást félagið vel við þeim óskum. „Við ákváðum að breyta reglum okkar í ljósi aðstæðna," segir Guðjón Arngrímsson. Sama var uppi á teningnum hjá Iceland Express, þar gat fólk breytt bókunum án þess að þurfa að greiða breytingargjald og fargjaldamismun. - bþs



**Á LEIÐ TIL HEATHROW** Mikið umferðaröngþveiti skapaðist á helstu leiðum til Heathrow-flugvallar í gær enda lágu almenningssamgöngur niðri um tíma.

Íslendingar í Lundúnum:

## Afdrif tuttugu eru ókunn



ILLUGI GUNNARSSON

**HRYÐJUVERK** Ekki var vitað um afdrif rúmlega tuttugu Íslendinga í Lundúnum í gærkvöld að sögn Illuga Gunnarssonar, aðstoðarmanns utanríkisráðherra. Utanríkisráðuneytið opnaði upplýsingasíma skömmu eftir hryðjuverkin í borginni í gærmorgun og lét fjöldi fólks vita af ættingjum sínum sem staddir voru í borginni og ekki hafði náðst í gær.

Ekki er vitað hversu margir Íslendingar voru staddir í Lundúnum þegar atburðirnir áttu sér stað en líklegt er að þeir skipti mörgum hundruðum að sögn Illuga.

Upplýsingalína utanríkisráðuneytisins er í síma 545 9900. - ht

Anna Lísa Björnsdóttir:

## Missti af einni jarðlestinni

**HRYÐJUVERK** „Ég ætlaði með einni jarðlestinni sem varð fyrir sprengingu en vaknaði of seint," segir Anna Lísa Björnsdóttir, nemi í kvikmyndagerð. Þegar Anna Lísa ætlaði að taka neðanjarðarlestina á fund voru allar lestarstöðvar lokaðar og hún ákvað því að taka strætisvagn. „Okkur var að lokum hent úr vagninum og þá var ég orðin dálítið pirruð þar sem enginn vissi hvað var í gangi," segir Anna Lísa.

Anna Lísa gekk þaðan á Russell Square þar sem hún var þegar ein sprenginganna átti sér stað. „Þegar ég heyrði sprenginguna gerði ég mér grein fyrir því sem gerst hafði," segir Anna Lísa sem fann fyrir hræðslu og leið eins og hún væri ekki lengur örugg. „Enginn vissi hvað var í gangi og fólk ráfaði um starandi," segir hún og bætir við að alls staðar hafi verið lögreglubílar. „Ég flýtti mér burt því ég vildi ekki sjá neitt, bara ná í einhvern og komast í skjól." - ht

Ragnhildur Bjarnadóttir:

## Mikil læti og sírenur um allt

**HRYÐJUVERK** „Ég varð ekki vör við sprengingarnar sjálfar en hér eru mikil læti og sírenur um allt," segir Ragnhildur Bjarnadóttir, starfsmaður Icelandair í Lundúnum. Ragnhildur starfar nærri Leicester Square, þremur götum frá sprengingunni á Tavistock-torgi.

Mjög margt fólk hafði samband við skrifstofu Icelandair í gær eftir atburðina í Lundúnum. „Margir segjast ekki komast á flugvöllinn í tíma enda liggja allar samgöngur niðri," segir Ragnhildur. „Margir eru líka að kanna afdrif ættingja sinna sem áttu pantað flug eða voru á leið til borgarinnar í flugi." -ht



**STRÆTISVAGNINN** Tveggja hæða strætisvagninn eftir sprenginguna við Tavistock torg í gærmorgun.

# Vaknaði við sprenginguna

**Stígur Helgason íslenskunemi var staddur á hóteli mjög skammt frá Tavistock-torgi þar sem strætisvagn var sprengdur í loft upp í hryðjuverkaárásunum á Lundúnir í gærmorgun. Stígur varð var við mikla geðshræringu á staðnum og segir fólk hafa verið gráti næst. Löng bið var eftir sjúkrabíl.**



STÍGUR HELGASON

**HRYÐJUVERK** „Ég vaknaði við sprenginguna," segir Stígur Helgason íslenskunemi sem staddur var á hóteli í Upper Woburn Place, við hliðina á Tavistock-torgi þar sem sprengjur var strætisvagn í hryðjuverkaárásunum á Lundúnir í gær. Systir Stígs, sem dvaldi í herbergi sem sneri út að vettvangi árásarinnar, lét hann vita af því sem gerst hafði skömmu síðar.

„Þegar við litum út um gluggann sáum við fólk sem var gráti næst og vissi vart í hvorn fótinn það átti að stíga," segir Stígur. „Það var mjög mikil geðshræring, lögreglubílar aðvífandi úr öllum áttum og svo sáum við hálfan strætisvagn um þrjátíu metra í burtu frá okkur."

Stígur segir hafa komið sér á óvart hversu seint sjúkrabílar komu á vettvang en hann telur að það hafi liðið hátt í tuttugu mínútur þar til fyrsti sjúkrabíllinn loksins kom. „Við sáum fólk breiða yfir eitthvað sem við höldum að hafi verið lík," segir Stígur. „Svo var maður lagður á stéttina fyrir neðan okkur sem var með hræðilega illa farinn fót. Maður sá inn að beini á leggnum á honum."

Stígur segir að fjölskyldunni hafi verið meinað að yfirgefa hótelið meðan á öllu þessu stóð og því hafi þau orðið vitni að atburðunum úr glugganum á hótelinu. Um hádegisleytið var þeim hins vegar gert að yfirgefa hótelið." Þá þurfti að framkvæma leit á öllu hótelinu og byggingunum í kring og okkur var sagt að það gæti tekið allan daginn."

Stígur segir að fjölskyldan hafi því eytt eftirmiðdeginum í rölt um bæinn, en flestar verslanir hafi verið lokaðar og fremur dauft yfir miðborginni. „Ég hef aldrei komið hingað áður en hér í bænum var mun færra fólk en ég held að séu hér venjulega," segir Stígur.

helgat@frettabladid.is

Bænastund haldin í Dómkirkjunni í Reykjavík í gærkvöld:

# Sýna vinaþjóð samstöðu á erfiðum tímum

**BÆNASTUND** Boðað var til bænastundar í Dómkirkjunni klukkan átta í gærkvöld vegna hryðjuverkanna í Lundúnum.

„Með þessu vildum við sýna vinarþjóð okkar samstöðu á erfiðum tímum og þá sérstaklega fórnarlömbum þar í landi og ættingjum þeirra," sagði Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur.

Hann bað fyrir fórnarlömbum ofbeldis og illvirkja og minnti á að það væri ekki vilji Krists að svona atburðir ættu sér stað en jafnframt væri Kristur sjálfur staðfesting þess að stundum þjáist saklausir.

„Hvað er eðlilegra fyrir fólk en að leita í guðshús á þessari stundu og við urðum bara við því," bætti hann við.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Alp Mehmet, sendiherra Breta á Íslandi, lásu ritningarorð.

Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór og kórinn Voces Masculorum sáu um allan söng en aðallega voru sungnir enskir sálmar. Organisti var Marteinn H. Friðriksson.

Bænastundinni lauk svo með því að sálmurinn Faðir andanna var sunginn en að sögn séra Hjálmars lauk flestum íslenskum messum í síðari heimsstyrjöldinni á þeim sálmi og var reynt að ítreka stuðninginn við Breta með þessum hætti. -jse



**BÆNASTUND Í DÓMKIRKJUNNI** Haldin var bænastund í Dómkirkjunni í gær þar sem beðið var fyrir fórnarlömbum ofbeldis og illvirkja.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli:

# Hert á öryggisgæslu

**HRYÐJUVERKIN** „Það er ekki hægt að segja að viðbúnaður hér hafi verið aukinn en skerpt var á allri öryggisgæslu í kjölfar hryðjuverkanna í London,“ sagði Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli.

Jóhann sagði að fundað hefði verið með starfsfólki strax og ljóst var hvað gerðist í Bretlandi og ítrekað að taka harðar á ýmsum öryggisþáttum en venja er. Hann vildi þó eðli málsins samkvæmt ekki fara nánar út í hvað það merkti.

„Þar að auki hef ég verið í sambandi við kollega mína á flugvöllum í nágrannalöndunum og við samræmt aðgerðir. Við fylgjumst nú átekta með og gerum það áfram.“



**JÓHANN R. BENEDIKTSSON** Hert var á öryggisgæslu í Leifsstöð í kjölfar hryðjuverkanna í Lundúnum og verður svo áfram um hríð.

Engar tafir urðu á flugi til eða frá Lundúnum í gær þrátt fyrir hryðjuverkin og að hluta Heathrow-flugvallar hafi verið lokað á tímabili.

-aöe

Prestur Íslendinga í Lundúnum:

# Fastur í neðanjarðarlest tímunum saman

**HRYÐJUVERK** Séra Sigurður Arnarson, prestur Íslendinga í Lundúnum, var staddur á Piccadilly neðanjarðarlestarlínunni nærri Earl's Court í Lundúnum þegar sprengingarnar áttu sér stað í gærmorgun. „Ég var tvo klukkutíma á leiðinni í vinnuna sem venjulega tekur um 45 mínútur,“ segir séra Sigurður. „Ég þurfti síðan að yfirgefa lestarstöðina þegar allar lestarstöðvarnar á svæðinu voru rýmdar.“

Fyrst í stað barst tilkynning í lestinni um að lest hefði stöðvast nærri Russell Square en fregnir af því að strætisvagn hefði verið sprengdur bárust hins ekki fyrr en um hálftíma síðar. Sigurður gekk að lokum til vinnu sinnar um klukkutíma leið þar sem samgöngur lágu niðri.

Fjöldi Íslendinga hafði í gær haft samband við Sigurð sem staddur var í sendiráði Íslands í borginni þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Þar stóð til að hafa opið hús eins lengi og þurfa þætti en enn höfðu ekki margir litið við seinnipartinn í gær.



**SÉRA SIGURÐUR ARNARSON VIÐ SENDIRÁÐIÐ Í LUNDÚNUM** Prestur Íslendinga í Lundúnum var staddur í neðanjarðarlestinni þegar hryðjuverkaárásirnar á borgina áttu sér stað í gærmorgun.

„Bæði strætisvagnar og neðanjarðarlestir liggja niðri og fólk hefur verið beðið um að halda sig heima.“

- ht

Brynhildur Birgisdóttir:

## Andrúmsloftið ömurlegt

**HRYÐJUVERK** „Andrúmsloftið í Lundúnum er ömurlegt,“ segir Brynhildur Birgisdóttir nemi sem búsett er nærri Liverpool Street í Lundúnum. „Öll starfsemi liggur meira og minna niðri.“

Brynhildur var stödd heima hjá sér þegar sprengingarnar áttu sér stað og komst lítið út úr húsinu eftir það. „Ég átti að vera á fundi á West End en frestaði honum af því að þangað var ekki hægt að komast nema fótgangandi,“ segir Brynhildur. Hún segir þó Lundúnabúa taka atburðunum af stillingu. „Ég held að fólk hafi í aðra röndina búist við þessu,“ segir hún. ■

Þórður Orri Pétursson:

## Mikið umferðaröngþveiti

**HRYÐJUVERK** „Það myndaðist mikið öngþveiti og mjög erfitt var að komast leiðar sinnar,“ segir Þórður Orri Pétursson verkfræðingur sem er búsettur í miðborg Lundúna. Þórður Orri átti leið í átt frá miðborginni í gærmorgun eftir árásirnar og segir ferðina hafa tekið mun lengri tíma en venjulega.

Þórður Orri starfar nærri Kings Cross lestarstöðinni og þurfti að taka á sig ýmsar krókaleiðir til þess að komast til vinnu sinnar. Þar hafði götum verið lokað eftir sprenginguna í neðanjarðarlestinni milli Kings Cross og Russell Square. „Það er þreyta í andrúmsloftinu í Lundúnum í dag en fólk tekur atburðunum vel,“ segir Þórður Orri. „Ég held að þeir hafi ekki komið fólki mjög á óvart.“ ■

Þráinn E. Gíslason:

## Lögreglan mjög áberandi

**HRYÐJUVERK** „Við urðum lítið vör við atburðina fyrr en við komum inn í borgina,“ segir Þráinn E. Gíslason, sem staddur var í Lundúnum þegar hryðjuverkin gengu yfir í gærmorgun. Trésmiðja Þráins vinnur að verki fyrir Landsbankann í miðborg Lundúna og var hann á leið inn til miðborgarinnar þegar ósköpin dundu yfir.

Þráinn segir ferðina niður í miðborg Lundúna hafa tekið lengri tíma en venjulega og lögregla og sjúkralið hafi verið mjög áberandi. Hann segist í fyrstu hafa verið algerlega grunlaus um hvað var á seiði en fljótlega orðið þess var að eitthvað alvarlegt hafði gerst. Það hafi greinilega mátt lesa út úr látbragði lögreglu og sjúkraliðs.

Hótel Þráins er staðsett milli Liverpool Street og Aldgate lestarstöðvanna þar sem sprengingar áttu sér stað í fyrrakvöld.

- ht

# „Gangverk kapítalismans verður ekki stöðvað“

**Starfsstöðvum íslensku viðskiptabankanna í Lundúnum var lokað snemma í gær. Enginn starfsmaður þeirra slasaðist í sprengingunum. Fólk var með hugann við atburði dagsins í gær en heldur vinnu áfram í dag.**

**HRYÐJUVERK** „Gangverk kapítalismans verður ekki stöðvað,“ sagði Gísli Hauksson, sérfræðingur hjá KB banka í Lundúnum, þegar hann var á leið heim til sín eftir vinnu í gærdag. Fólk í Lundúnum væri greinilega fljótt að færa líf sitt í fyrra horf þrátt fyrir árásir ofbeldismanna. Í fjármálahverfi Lundúna hefði fólk komið til starfa í gærmorgun þó meiri tími hefði farið í að fylgjast með fréttum líðandi stundar en að eiga viðskipti. Opið hefði verið fyrir viðskipti í bresku kauphöllinni þrátt fyrir tíðindi dagsins.



**GÍSLI HAUKSSON**

Gísli sagði að samstarfsmenn sínir í KB banka hefðu fylgst með gangi mála í miðborg Lundúna, þar sem skrifstofa bankans er til húsa, og sett sig í samband við fjölskyldur sínar. Upp úr klukkan þrjú hefðu margir farið heim á leið. Starfsemin var þó með eðlilegu sniði en lítið að gera.




**BEÐIÐ Á LESTARSTÖÐ** Maður á leiðinni heim úr vinnu les um atburði dagsins í enska dagblaðinu Evening Standard.

Hann sagðist hafa heyrt að þeir einu sem þyrftu að mæta til vinnu í ABN Amro bankanum í dag væru þeir sem kæmu að viðskiptum með verðbréf. Aðrir fengu frí. Starfsemi KB banka yrði hins vegar með eðlilegu sniði í dag.

Starfstöðum Íslandsbanka og Landsbanka í Lundúnum var lokað snemma í gær vegna árásanna. Pétur Einarsson, forstöðumaður Íslandsbanka þar í borg, sagði að ein sprengingin hefði verið nokkur hundruð metra frá skrifstofum bankans. „Við ákváðum að koma okkur heim fyrr en seinna og vera hjá okkar nánustu,“ sagði hann. Starfsemin í fjármálahverfinu hefði haldið áfram en margir hefðu fylgst með fréttum í sjónvarpi.

„Við byrjum svo bara aftur [í dag]. Það er ekkert annað að gera,“ sagði Pétur. Íslandsbanki væri með fyrirtækjaráðgjöf og lánastarfsemi í London og dagur til eða frá skipti ekki sköpun. Annað gilti um þau fyrirtæki sem væru með verðbréfamiðlun þar sem starfsmenn þyrftu að vaka yfir markaðnum.

Í fréttatilkynningu frá Landsbankanum kom fram að starfsmenn fengju að fara heim eins fljótt og mögulegt var. Ljóst væri að hryðjuverkaárásirnar hefðu ollið truflunum á starfsemi bankans þar í borg eins og annarri starfsemi.

bjorgvin@frettabladid.is





**STÓRAUKIÐ ÖRYGGI** Lögregla víða um Bretlandseyjar jók viðbúnaðarstig eftir sprengingarnar í Lundúnum í gærmorgun. Hér sést Edinborgarlögreglan stöðva strætisvagn á leið um borgina, samskonar vagn og sprengdur var í höfuðborg Breta.

Jóhann Thoroddsen sérfræðingur í áfallahjálp:

# Lítið hægt að gera fyrst um sinn

**HRYÐJUVERK** Jóhann Thoroddsen sálfræðingur þekkir vel til þess ferlis sem fer í gang þegar veita þarf áfallahjálp.

Aðspurður um ferlið sem fer í gang þegar veita þarf mörgum áfallahjálp segir Jóhann: „Það sem fyrst er gert er að kallað er saman einskonar allra handa teymi. Fyrst um sinn er nær eingungis farið í að afla upplýsinga og safna saman liði. Fólk sem hefur orðið sjónarvottar eða er fórnarlömb er allt í sjokki og lítið annað hægt að gera fyrir það fólk en að veita því skjól og aðhlynningu. Næstu daga fer svo að koma í ljós hverjir þurfa virkilega á andlegum stuðningi að halda og þá fer hin eiginlega áfallahjálp í gang, það er þó mikill minnihluti sem þarf sérstaka meðhöndlun. Það er helst fjölskylda og vinir þeirra sem látast sem þarf mest að huga að. Svo þarf svona teymi líka að styðja við þá sem eru á vettvangi við björgunarstörf og tryggja að álag á þá sé ekki of mikið. Yfirleitt er reglan sú að fólk þarf og fær reglulega hvíld.“ - oá



**JÓHANN THORODDSEN** Verkefnastjóri sálræns stuðnings hjá Rauða krossinum hefur mikla reynslu af áfallahjálp.



**ELÍSABET II BRETADROTTNING** Segist dást að þeim sem sinna neyðarstörfum á vettvangi hryðjuverkaárásanna.

Elísabet II Bretadrottning:

## Vottar syrgjendum samúð

**HRYÐJUVERK** Elísabet önnur Bretadrottning sendi frá sér tilkynningu í kjölfar hryðjuverkaárásanna í gærmorgun.

Í tilkynningunni segir: „Hræðilegir atburðir morgunsins hafa skotið skelk í bringu okkar allra. Ég veit að ég tala fyrir munn allra landsmanna þegar ég votta samúð mína öllum þeim sem urðu fyrir árásunum og skyldmennum þeirra sem létust og særðust. Ég dáist að þeim sem sinna neyðarstörfum á vettvangi.“

Drottningin dvaldi í Windsorkastala eftir árásirnar í gær og var öryggisgæsla hert við heimili hennar í Buckinghamhöll. ■

# Ólýsanlegur hryllingur

**Hryðjuverkaárásirnar í Lundúnum í gær ollu ringulreið og skelfingu meðal þeirra hundraða sem slösuðust í sprengingunum. Lýsingar sjónarvotta á atburðarásinni gefa glögga mynd af því hversu ósjálfbjarga fólk er við kringumstæður sem þessar.**

**HRYÐJUVERK** Sara Reid var í einni neðanjarðarlestinni sem sprengd var í loft upp. „Ég sá blossa út um gluggann og allt í einu kom þungt högg á vagninn og við hentumst til. Sprengingin varð fyrir aftan mig og við reyndum að forða okkur út um hinn enda vagnsins. Við heyrðum barsmíðar og óp í vagninum fyrir aftan okkur þar sem sprengjan sprakk. Sá vagn var allur í tætlum og þakið hafði rifnað af honum. Ég sá fólk sem ég held að hafi dáið.“

Scott Wenbourne var líka í neðanjarðarlestinni. „Ég sá þrjú lík liggja á lestarteinunum. Það var svo hryllilegt að ég gat ekki horft á það. Mér fannst einn hreyfa sig en ég er ekki viss. Inni í vagninum var líka fullt af slösuðu og dánu fólki, sumir hreyfðu sig og kölluðu á hjálp en það var enginn til að hjálpa þeim. Við gengum í hálftíma að næstu stöð.

*Ég sá fullt af slösuðu fólki. Margt af því var alvarlega slasað á höfði og útlimum.*

Ana Castro varð vitni að sprengingunni í strætisvagninum skammt frá Russell Square. „Það var skelfingu lostið fólk út um allt hrópandi og kallandi á hjálp. Ég sá fólk sem stóð eftir á nærfötunum einum þar sem krafturinn í sprengingunni hafði tætt utan af því fötin. Þetta var ólýsanlega hræðilegt.

Belinda Seabrook var í strætisvagninum fyrir framan vagninn sem sprakk í loft upp. „Allt í einu heyrði ég gífurlega sprengingu og þegar ég leit við sá ég helminginn af vagninum fljúga upp í loftið og skæðadrífa af alls kyns hlutum flugu um allt. Það hljóta margir að hafa dáið, því allir vagnarnir voru fullir af fólki.

Andy Abernethy var í lest milli King's Cross og Russell Square þegar hann heyrði mikla sprengingu og lestin fór út af sporinu. „Það var reykur um allt svæðið og ég sá fullt af slösuðu fólki. Margt af því var alvarlega slasað á höfði og útlimum. Maður sem var rétt hjá mér hrópaði í sífellu að hann væri að deyja. Ég veit ekki hvað varð um hann.“



**SLUPPU MEÐ SKRÁMUR** Fjölmargir særðust í sprengingunum í Lundúnum í gær. Þessir tveir farþegar í neðanjarðarlest sluppu þó með skrámur.






Almenningssamgöngur í Lundúnum:

# Milljónir farþega á hverjum degi

**SAMGÖNGUR** Neðanjarðarlestarkerfið í Lundúnum er afar viðamikið og samtals er það rúmlega 400 kílómetrar að lengd. Stöðvar eru 274 og talið er að um þrjár milljónir farþega ferðist með lestunum á hverjum degi.

Strætisvagnakerfi borgarinnar eru eitt það stærsta og umfangsmesta í heiminum. Vagnar eru um 6.500 og leiðakerfið samanstendur af 700 leiðum og í fyrra voru farþegar vagnanna um einn og hálfur milljarður samtals. Kunnastir þessara vagna eru vitaskuld rauðu tvílyftu vagnarnir sem eru eitt helsta einkennistákn borgarinnar.

Almenningssamgöngur í Lundúnum hafa sætt mikilli gagnrýni undanfarin ár og gildir það um hvort tveggja neðanjarðarlestirnar og strætisvagnana, og hafa menn kvartað undan þrengslum og gömlum vögnum. Í tengslum við baráttu Parísar og Lundúna um að halda Ólympíuleikana 2012 héldu Frakkar því á lofti að lestakerfið í París væri mun betra en lestakerfið í Lundúnum. Er ljóst að Bretar þurfa að gera gagngerar breytingar á kerfi almenningssamgangna í höfuðborginni fyrir komandi Ólympíuleika sem verða þar árið 2012. - ssal




**BARIST UM SÆTIN** Farþegar bókstaflega slógust um að komast með einum af fyrstu strætisvögnunum sem hófu ferðir eftir sprengingarnar í Lundúnum í gær.

Íslandsdeild Amnesty International:

# Samstaða með fórnarlömbum hryðjuverka

**HRYÐJUVERK** Íslandsdeild Amnesty International efndi til stundar á Lækjartorgi í gær til að sýna fórnarlömbum hryðjuverkaárásanna í Lundúnum samstöðu og samúð.

Í fréttatilkynningu frá samtökunum segir að árásir á almenna borgara séu aldrei réttlætanlegar og að slíkar árásir sýni algjört virðingarleysi gagnvart mannhelgi. Einnig er tekið fram að þeir sem beri ábyrgð á hryðjuverkunum verði að svara til saka í réttarhöldum sem samræmast alþjóðlegum viðmiðum. Árásina bar upp á sama dag og minningarathöfn fór fram um Peter Benenson, stofnanda Amnesty International, í kirkju í Lundúnum og segir í tilkynningunni að ákall hans um samstöðu með öllum þeim sem sæta mannréttindabrotum hafi verið brýnt í gær sem alla aðra daga.

Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildarinnar, segir mætinguna á Lækjartorg hafa verið framar vonum, sérstaklega ef tillit er tekið til þess hversu fyrirvarinn var stuttur.

- oá



**UNG STÚLKA Á LÆKJARTORGI** Amnesty á Íslandi segir þá sem bera ábyrgð á hryðjuverkunum verða að svara til saka í réttarhöldum sem samræmast alþjóðlegum viðmiðum.

Breska sendiráðið:

# Blóm lögð við anddyrið

**HRYÐJUVERK** Íslendingar sýndu starfsmönnum breska sendiráðsins í Reykjavík samúð sína strax og ljóst var í gær hverjar afleiðingar hryðjuverkaárásanna í Lundúnum voru. Meðal þess sem sjá mátti á tröppunum framan við sendiráðið voru blómsveigir sem þar höfðu verið lagðir, svo og orðsendingar þar sem samúð bréfritara var lýst.

Eftir því sem best er vitað var ekki gripið til hertra öryggisaðgerða við breska sendiráðið í Reykjavík í gær vegna atburðanna í Lundúnum, svo sem gert hefur verið við sendiráð víða um heim. ■

Sólarhringur í lífi Lundúnabúa:

# Fögnuður varð að hryllingi

**HRYÐJUVERK** Dagarnir sjötti og sjöundi júlí 2005 marka djúp spor í sögu Lundúnabúa, hvor með sínum hætti. Fyrri daginn ljómaði borgin af æstum fögnuði yfir því að hafa verið útnefnd til að hýsa Ólympíuleikana árið 2012, en morguninn eftir brast á hryllingur hryðjuverka þegar tugir létust og hundruð meiddust í röð sprenginga í almenningssamgöngukerfi borgarinnar. Árásin á borgina er sú óvægnasta síðan í seinni heimsstyrjöldinni.

Þrátt fyrir að borgin væri í áfalli yfir atburðunum, var einkennileg ró yfir henni rétt eftir að sprengingarnar dundu yfir; starfsfólk borgarinnar lokaði og tæmdi neðanjarðarlestakerfi borgarinnar og fólk gekk hljóðlega leiðar sinnar. Þá var almenningi ráðlagt að halda sig frá miðborginni til þess að sjúkrabílar, lögregla og hermenn sem kvaddir voru til starfa kæmust þar greiðlega um.

Almenningssamgöngur í Lundúnum voru lamaðar fram eftir degi í gær vegna árásanna og borgarhlutum lokað. Fólk sem þegar var komið til vinnu vissi ekki hvort eða hvernig það kæmist heim um kvöldið. Síðdegis mátti sjá í miðbænum gangandi fólk, þar sem það fór niðurlútt á heimleið, þrúgað af atburðum dagsins.

- óká/ser




**BLAÐASTANDURINN LÝSIR UMSKIPTUNUM** Blaðastandur fyrir síðdegisblaðið Evening Standard News sýndi vel í gær umskiptin sem urðu á andrúmslofti Lundúnaborgar á einum sólarhring, þegar gleðin yfir Ólympíuleikunum breyttist í harm yfir hryðjuverkum.



**LESTARGÖNG YFIRGEFIN** Myndina tók Alexander Chadwick, farþegi neðanjarðarlestar, með myndavél í farsíma sínum, í þann mund sem farþegarnir komu út úr neðanjarðarlestargöngunum í grennd við lestarstöðina Kings Cross í Lundúnum.



**SPRENGDUR VAGN** Vegfarandi myndaði tveggja hæða strætisvagn með farsíma sínum eftir sprenginguna við Tavistock-torg í Lundúnum. Aðkoman var hörmuleg á vettvangi en blóðsletturnar mátti sjá á veggjum nærliggjandi húsa.



**SÆRÐUR EFTIR SPRENGINGU Í LEST** Chris Randall frá Bromley slasaðist þegar sprengja sprakk um borð í lest við neðanjarðarstöðina Edgware Road. Hann naut í gær aðhlynningar á sjúkrahúsinu St. Marys í Paddington.



**LESTARSTÖÐ OPNUÐ Á NÝ** Farþegar hópast í lestarstöðina við Liverpool Street eftir að hún var opnuð á ný í gærdag. Almenningssamgöngur í Lundúnum voru lamaðar fram eftir degi og lokað fyrir umferð um stóran hluta miðbæjarins.



**SLASAÐUR Á GANGI** Slasaður maður yfirgefur lestarstöðina Edgware Road eftir sprengingarnar í gærmorgun. Á staðnum hafði hann fengið fyrstu hjálp, en var á leið til hótelsins Hilton Metropole við Edgware Road þar sem frekari aðhlynningu var að fá.



**FARIÐ MEÐ SLASAÐA** Sjúkraliðar færa slasaða konu um borð í sjúkrabíl við lestarstöðina Kings Cross. Tugir manna létust í röð sprenginga í Lundúnum í gærmorgun og fleiri hundruð slösuðust.



**ÞAR SEM STRÆTISVAGN SPRAKK** Við Tavistock-torg var aðkoma hörmuleg eftir að sprengja sprakk í strætisvagni á háannatíma í gærmorgun. Allt var á rúi og stúi og á gat að líta blóðslettur sem gengið höfðu upp á veggi nærliggjandi húsa.


Útsala
í fullum gangi
X-TREME



Lest / Bollar / Draugahús

X-treme / Hoppukastalar

Litli rússibaninn / Sky diver

Bungee (Skotkúla) / Disney lest

Skotbakkar / Klessubílar

Freak out og Twister

opna á þriðjudaginn

# TÍVOLÍ

## Opnar í dag kl. 18:00

Ertu tilbúinn fyrir tívolíið?

Endalaus skemmtun!

Ótrúleg tæki!

Tívolíið opnar fyrir utan Debenhams

Framvegis verður svo opið frá kl. 13:00-23:00

### Verður þú jó-jó meistari Coca-Cola á Íslandi?

Komdu í Vetrargarð Smáralindar á laugardaginn, 9. júlí, kl. 16:00 og upplifðu jó-jó æðið með eigin augum. Töframaðurinn Bjarni og Ken Russell alþjóðlegur jó-jó meistari frá Bandaríkjunum munu leika listir sínar undir glimjandi takti. Komdu með Coke eða Coke light jó-jó-ið með þér, lærðu helstu taktana og taktu þátt í jó-jó keppninni. Í vinning er meðal annars heimabíó frá Sony, Sony Playstation 2 tölva og leikur, mp3 spilari og fleira.

Írafár treður upp og allir fá ískalt Coca-Cola og Snickers.

Komdu í Vetrargarð Smáralindar á laugardaginn kl. 16:00 og taktu þátt í stemningunni.

Ekki missa af mestu skemmtun sumarsins!




Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000.



**LANCE ARMSTRONG** Sexfaldur sigurvegari Tour de France hjólreiðakeppninnar á sjöttu leið keppninnar á milli Troyes og Nancy í gær. Armstrong sem keppir nú í sitt síðasta skipti leiðir keppnina. Sigri hann þá setur hann met sem seint verður slegið.

Borgin ljósleiðaravædd fyrir um sjö milljarða króna:

# Öll heimili tengd árið 2011

**UPPLÝSINGATÆKNI** Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur hafa skrifað undir samning um að ljósleiðaravæðingu allra heimila borgarinnar ljúki árið 2011. Sambærilegir samningar hafa verið gerðir við Akraneskaupstað og Seltjarnarnes.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri lýsti sérstakri ánægju með samninginn og sagði hann framfaraskref. „Á ári verða tengd milli sjö og tíu þúsund heimili, en í Reykjavík eru þau um 45 þúsund talsins," sagði hún, en þegar hafa verið tengd tæplega 2.000 heimili. Kostnaður vegna verkefnisins er áætlaður tæplega 6,8 milljarðar króna. „Orkuveitan sjálf mun ekki veita þjónustu um ljósleiðaranetið heldur er hún að leggja opið net sem aðrir geti tengt sig inn á," sagði borgarstjóri. Gert er ráð fyrir að fjárfestingin skili sér á rúmum áratug, en minnsti líftími kerfisins er sagður ríflega tvöfalt lengri, eða 25 ár.

-óká



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON OG STEINUNN VALDÍS HANDSALA SAMNINGINN** Yfir ljósleiðaranet Orkuveitunnar geta fyrirtæki boðið þjónustu á borð við síma, internet, sjónvarp, myndefni, öryggisvöktun og fleira. Í tilkynningu kemur fram að gert sé ráð fyrir 1.500 til 2.000 króna fastagjaldi á mánuði fyrir tengingu við netið, en heimtaugargjald verði ekkert.








**NORÐURSTRÖND SÉÐ FRÁ LAUGARNESI** Ein samfelld byggð sést þegar lokið hefur verið við uppbyggingu á Baróns- og Skuggareit. Hvítu húsin til vinstri á myndinni sýna fyrirhugaða byggingu á Barónsreit og turnarnir þrír við Skuggareit eru fyrir miðri mynd.

# Heildarmynd á strandlengjuna

**Skipulagsráð hefur samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Barónsreits og bæta við tveimur byggingum við Skuggareit í Reykjavík. Ef samþykktin nær fram að ganga fær strandlengjan heildarmynd.**

**SKIPULAGSMÁL** Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt tillögur um breytingar á deiliskipulagi við Baróns- og Skuggareit við norðurströndina í Reykjavík. Eftir að byggingar hafa risið á þessum reitum er gert ráð fyrir að samfelld byggð myndist þegar litið er á strandlínuna frá Laugarnesi.

„Í Skuggareitnum gerum við ráð fyrir því að tveir turnar rísi til viðbótar við þann sem þar er. Þessir turnar verða tólf og fjórtán hæða. Við gerum enn frekar ráð fyrir því að búa til betra rými milli húsanna þannig að þarna verði ekki of þröngt. Þar verður því eins konar torg og þjónusta fyrir þá sem þarna búa. Mikill metnaður af hálfu þeirra sem byggðu þennan fyrsta turn hefur leitt til þess að þarna hefur verið mikil eftirspurn eftir íbúðum," segir Dagur.

Hann segir að áhugi sé á að hefja framkvæmdir á þessu svæði í haust eða næsta vetur.

Enn fremur ákvað skipulagsráð að auglýsa breytingu á deiliskipulagi á hinum svokallaða Barónsreit á mörkum Barónsstígs og Hverfisgötu. Þar er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði rétt eins og í Skuggareitnum.



**DAGUR B. EGGERTSSON** Nú hyllir undir þann draum að strandlengjan fái heildarmynd.

„Borgin býður þennan byggingarreit út. Þarna sjáum við fyrir okkur að þeir sem skili tilboðum sýni metnað í útliti, hönnun og öðru. Við gerum ráð fyrir um hundrað íbúðum fyrir stúdenta en þarna erum við einnig að líta til þess að þær byggingar sem þarna rísa verði bakland fyrir skipulag Hlemmsvæðisins og miðborgarinnar," segir Dagur. Hann segir að þegar hafi verið ráðist í töluverð uppkaup á fasteignum á Barónsreitnum þar sem hrörlegri eignir hafi verið keyptar.

Dagur segir afar ánægjulegt að strandlengjan fái heildarmynd og mörgum finnist mikilvægt að sjá þetta svæði sem eina strandlínu og nú hylli undir þann draum.

„Miðborgin er eftirsóttasta íbúðarsvæðið í Reykjavík í dag og með þessum verkefnum svörum við þeirri eftirspurn," segir Dagur.

hjalmar@frettabladid.is


## Vinningar í sumarhappdrætti Sjálfsbjargar 2005

### Dregið var 30. júní 2005

**Bifreið að eigin vali frá P. Samúelssyni kr. 2.000.000.-**

2

**Ferðavinningur, leiguflug með Úrval-Útsýn kr. 160.000.-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 6130 | 21184 | 28284 | 35026 | 44606 |
| 7690 | 22338 | 28845 | 35551 | |
| 9319 | 23651 | 28969 | 36930 | |
| 16435 | 24600 | 29694 | 39675 | |

**Vöruúttekt frá Húsasmiðjunni kr. 100.000.-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 716 | 6843 | 18121 | 27955 | 45757 |
| 774 | 8114 | 18415 | 30624 | 45993 |
| 3077 | 8322 | 21466 | 38435 | |
| 6006 | 9851 | 23718 | 40825 | |
| 6603 | 11325 | 24505 | 44036 | |

**Vöruúttekt frá Kringlunni kr. 50.000,-**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1010 | 6838 | 12854 | 19335 | 26959 | 29987 | 36256 | 39308 | 44028 |
| 1811 | 8613 | 13019 | 21328 | 27550 | 30702 | 36917 | 39593 | 44145 |
| 2888 | 8812 | 13447 | 22027 | 28490 | 31518 | 37785 | 39684 | 44949 |
| 3234 | 10622 | 14904 | 22682 | 29022 | 32988 | 37917 | 39840 | 46902 |
| 3455 | 11145 | 16182 | 23044 | 29029 | 33279 | 38357 | 40795 | 48819 |
| 4749 | 11434 | 16552 | 23749 | 29582 | 33729 | 38761 | 40814 | 49603 |
| 5555 | 12224 | 18751 | 24137 | 29632 | 35967 | 38850 | 41799 | |

Þökkum veittan stuðning

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, Hátúni 12, 105 Reykjavík, s:550-0300

Birt án ábyrgðar


Niðurskurður hjá Ríkisútvarpinu:

# Fréttamönnum fækkað

**FJÖLMIÐLAR** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður fréttamönnum fækkað hjá Ríkisútvarpinu vegna niðurskurðar á seinni helmingi ársins. Hjá fréttastofu útvarps verður fækkað um einn í ritstjórn bæði Spegilsins og Morgunvaktarinnar, en nú eru þrír fréttamenn í ritstjórn hvors þáttar. Ekki á hins vegar að stytta þættina.

Búist er við að fækkun starfsmanna komi til framkvæmda í haust. Ekki mun þó verða um beinar uppsagnir að ræða en skammtímasamningar við fréttamenn verða ekki endurnýjaðir. Þá á einnig að minnka kostnað með því að fækka pistlum sem fluttir eru í útvarpi.

Þá er búist að fækkað verði um einn fréttamann á fréttastofu sjónvarpsins.

Niðurskurðurinn hefur enn ekki verið kynntur fyrir starfsmönnum Ríkisútvarpsins, en margir af stjórnendum þess eru í sumarfríi um þessar mundir. Markmiðið með niðurskurðinum er að spara fimmtíu milljónir króna á síðari hluta þessa árs.

- grs



**RÍKISÚTVARPIÐ** Spara á fimmtíu milljónir króna á seinni hluta þessa árs.

Eskja á Eskifirði:

## Aldrei meira hráefnismagn

**BRÆÐSLA** Mjöl- og lýsisverksmiðja Eskju á Eskifirði hefur aldrei tekið á móti meira hráefni til vinnslu á fyrri helmingi árs en á fyrstu sex mánuðum yfirstandandi árs. Alls var landað 133 þúsund tonnum hjá verksmiðjunni, 69 þúsund tonnum af kolmunna og 64 þúsund tonnum af loðnu og gekk vinnsla vel.

Vegna dræmrar kolmunnaveiði verður verksmiðjan stöðvuð á næstu dögum og tíminn þangað til veiðar glæðast nýttur til viðhalds.

- kk

Héraðsskólinn á Laugarvatni:

# Verði alþjóðleg listamiðstöð

**MENNING** „Við höfum fundið fyrir miklum stuðningi við hugmyndir okkar um að hús Héraðsskólans á Laugarvatni verði gert að alþjóðlegri listamiðstöð," segir Alda Sigurðardóttir en hún fer fyrir hópi fólks sem hefur þetta að baráttumáli.

„Hugmyndin er sú að þar verði listamönnum boðin aðstaða til að vinna að listsköpun sinni og þar yrðu jafnframt haldnar ráðstefnur og námskeið. Markmiðið er að tengja saman listamenn erlenda sem innlenda og skapa einn suðupott lista og menningar," útskýrir Alda.

Hún segir að unninn hafi verið fjárhagsáætlun um stofnun og rekstur slíkrar miðstöðvar og gerir ráð fyrir að 150-200 milljónum króna verði veitt til endurbóta á húsnæðinu sem er farið að láta á sjá. Áskorun hefur verið undirrituð til menntamálaráðherra og fjárlaganefndar Alþingis að eyrnamerkja fjármuni á fjárlögum til endurbóta á húsinu.

-jse



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**ALDA SIGURÐARDÓTTIR** Fer fyrir félagi sem hefur það að baráttumáli að alþjóðleg listamiðstöð verði stofnuð í húsi Héraðsskólans á Laugarvatni. Húsið þarfnast þó mikilla endurbóta eins og sjá má á innfelldu myndinni og hefur verið skorað á menntamálaráðherra að bregðast við því.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**ENDURNÝTT GLER** Blómakerin setja fallegan svip á Ráðhústorg og vekja athygli vegfarenda.

Akureyri:

## Glerlist á Ráðhústorgi

**SKREYTING** Gamlir skraut- og matardiskar, vegg- og gólfflísar hafa fengið nýtt hlutverk á Akureyri og eru nú uppistaðan í skreytingum á steyptum blómakerjum á Ráðhústorgi. Listakonan Margrét Jónasdóttir átti frumkvæðið að glerlistaverkunum en hún segir að hugmyndin hafi kviknað á fjölmennu íbúaþingi í fyrra í tengslum við uppbyggingu miðbæjarins á Akureyri.

- kk

Best í Evrópu:

## Álframleiðsla fýsilegust hér

**EFNAHAGSMÁL** Ísland er eini staðurinn í Evrópu þar sem hagkvæmt er að auka álframleiðslu. Þetta segir einn stjórnenda Norsk Hydro við fjármálafréttamiðilinn Bloomberg, vegna umfjöllunar um álframleiðslu og kom Ísland mikið við sögu. Samkvæmt fréttinni áætlar Norsk Hydro að loka álverum sínum í Þýskalandi og flytja framleiðsluna hugsanlega til Íslands.

Orkuverð á Íslandi er um þrjátíu prósentum lægra en annars staðar í Evrópu, en orkuverð er um þriðjungur af framleiðslukostnaði áls.

- grs

Slökkvilið vöruð við:

## Mikið af olíu í geymslum

**DÍSILOLÍA** Brunamálastofnun hefur sent bréf til allra slökkviliða á landinu. Stofnunin vill minna á að fjöldi fólks keypti dísilolíu fyrir breytingar á verði hennar. Því má vænta þess að í bílskúrum og geymslum víða um land sé mikið magn eldsneytis geymt. Slökkvilið eru hvött til að hafa varann á næstu daga og vikur á meðan birgðirnar endast. Olían getur aukið á eld sem kviknar.

- gag


GOTT ÚRVAL STAFRÆNNA MYNDAVÉLA

KONICA MINOLTA GLÆNÝTT MÓDEL

- Örsmá og nett hágæða DIGITAL MYNDAVÉL
- 5 MegaPixel upplausn
- Stór 2,5" LCD skjár
- Vönduð aðdráttarlinsa
- 3 x zoom
- Aðeins 0.5 sekúndur að ræsast
- Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
- Rafhlaða sem endist í 150 myndir

VERÐ 29.990
FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ
DiMAGE X60
5 MEGAPIXEL
2,5"
SÝND HÉR Í RAUNSTÆRÐ
8,35sm x 5,6sm x 2,2sm - 125 grömm

OLYMPUS C370Z
Digital MYNDAVÉL með 3,2 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 114mm) linsu, 1,5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku, Auto Flass og Red Eye Reduction, tímarofa, USB tengingu við tölvu og 12mb innra minni.
3,2 MEGAPIXEL
TILBOÐ 11.990
FULLT VERÐ kr. 19.990

OLYMPUS FE5500
Digital MYNDAVÉL með 5 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 35 - 105mm) linsu, 2" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, Auto Exposure, tímarofa, USB tengingu við tölvu, notar XD kort og 14mb innra minni.
5 MEGAPIXEL
VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ

KONICA MINOLTA DiMAGE G600
Lítil Digital MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 3x Digital Zoom, Autofocus, hreyfimyndatöku, Red Eye Reduction, tímarofa og USB tengingu. Notar bæði SD kort og Memorystick.
6 MEGAPIXEL
TILBOÐ 26.990
FULLT VERÐ kr. 34.990

ÓTRÚLEGA LÍTIL DIGITAL TÖKUVÉL
MEÐ 3CCD MYNDFLÖGUM OG 5 MEGAPIXEL
KYRRMYNDATÖKU – ÞAÐ NÝJASTA FRÁ JVC!

JVC NÝ SENDING KOMIN
GZMC500
Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með þremur 1/4.5" ipptökuflögum með 1,33 MegaPixel upplausn, 5 Megapixel kyrrmyndötaku (2.560x1.920 Pixlar), 1,8" LCD skjá, 4GB MicroDrive,hægt að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort, 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, titringsdeyfi og USB2 tengi. Stærð: (bxhxd): 8.0x5.5x11.8 sm . Þyngd 400g.
5 MEGAPIXEL
TILBOÐ 139.990
FULLT VERÐ kr. 179.990
TÖKUVÉL ÁN SPÓLU
MEÐ 4GB MicroDrive

STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR

JVC GRD21
Digital DV TÖKUVÉL með 2,5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökuflögu með 800.000 dílum, 700x Super Digital Zoom, 16x Optical Zoom, endingargóðri rafhlöðu og **Digital ColorNightScope** (myndar í myrkri).
TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 39.990

DIGITAL NIGHT SCOPE

JVC GRD240
Digital DV TÖKUVÉL með 2,5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökuflögu með 800.000 dílum, 800x Digital Zoom, 25x Optical Zoom, DV útgangi, endingargóðri rafhlöðu og **Digital ColorNightScope** (myndar í myrkri).
TILBOÐ 44.990
FULLT VERÐ kr. 54.990

WWW.HUGVERKA.IS

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

## „ORÐRÉTT“

*„Skítkast Framsóknar er ekki svara vert.“*

HELGI HÖRVAR, ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR, Í FRÉTTABLAÐINU.

*„Síðan gerðist bara eitthvað allt annað.“*

GYLFI ARNBJÖRNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ALÞÝÐUSAMBANDSINS, Í MORGUNBLAÐINU.

**tilveran** *nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON HÆSTARÉTTARDÓMARI

# *Notar Huldu í veiðinni*



Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari hefur nýlega tekið við nýju sumarhúsi austur í Landsveit og því fer stór hluti sumarsins í að standsetja það. Hann lætur þó aðra um smíðavinnuna en ætlar sjálfur að einbeita sér að því gróðursetja í kringum húsið. Hann segir aldrei að vita nema hann verði mikill áhugamaður um gróðurrækt nú þegar hann er kominn með aðstöðu í sveitinni en Jón Steinar hefur þegar stungið niður nokkrum hríslum við bústaðinn. „Þarna gefst ágætt tækifæri til að móta umhverfið,“ segir Jón Steinar, sem er nýlega byrjaður að stunda golf og hefur gaman af. „Þetta er góð hreyfing og útivera,“ segir Jón Steinar og segist hafa gott af því að ganga átján holur á fjórum tímum.

Jón Steinar er mikill veiðigarpur og sleppir vitaskuld ekki veiðinni í sumar frekar en endranær. Hann segir ekki auðvelt að segja hvað sé svona skemmtilegt við veiðina. „Maður skilur það ekki til fulls sjálfur,“ segir Jón Steinar sem veiðir orðið eingöngu á flugu þó hann hnýti þær ekki sjálfur. Uppáhaldsflugruna hnýtti sonur hans og heitir hún Hulda eftir dóttur Jóns Steinars.

Jón Steinar er ánægður í starfi hæstaréttardómara þótt það sé rólegra en hans fyrra starf. Hann er alveg hættur taka þátt í umræðum opinberlega og saknar þess ekki. Hann lofar þó engu hvað hann gerir í framtíðinni þegar hann lætur af störfum.

## SJÓNARHÓLL
### TÉKKHEFTIN AÐ HVERFA



RAGNHEIÐUR HILMARSDÓTTIR

## *Mjög gott*

„Mér finnst fínt að tékkarnir séu að hverfa,“ segir Ragnheiður Hilmarsdóttir leigubílstjóri. Hún segir það gott fyrir stéttina, því minni líkur eru á misnotkun þegar greiðslur eru rafrænar eða með beinhörðum peningum.

Ár og dagur eru síðan hún sjálf skrifaði síðast tékka.

„Það er örsjaldan að viðskiptavinir borgi með ávísunum og maður verður hálf hissa þegar það gerist,“ segir Ragnheiður. Enn er tekið við ávísunum í leigubílum en þá þarf að framvísa debetkorti til að sanna undirskrift. „Og þá er kannski alveg eins gott að renna kortinu bara í gegnum posann,“ segir Ragnheiður og hlær. „En málið er sjálfsagt að ekki er innistæða fyrir reikningum þegar fólk borgar með ávísunum. Nema þegar um fullorðnar konur er að ræða sem hafa ekki tekið upp þessa nýjustu tækni.“

# Bílddælingar eiga sína Lennon og McCartney

**Blómlegt menningarlíf á Bíldudal í Arnarfirði hefur vakið landsathygli enda virðist sem bærinn geti státað af fleiri listamönnum en önnur þorp á landinu.**



FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

**PÁLL ÁGÚSTSSON** „Við uppgötvuðum Siggu Beinteins hér, hún var frekar lítið þekkt þegar við borguðum stjörnupris fyrir hana.“

Páll Ágústsson sjómaður hefur í tuttugu ár verið ein helsta driffjöðurin í menningarlífi Bíldudals og meðal annars staðið fyrir landsþekktum vísnakvöldum, sem haldin hafa verið í bænum frá 1987.

„Það má vel sjá á nýjum geisladiski sem gefinn var út í tilefni hátíðarinnar Bíldudals grænar um daginn að þessi vísnakvöld hafa heppnast vel en diskurinn er uppfullur af listamönnum sem stigu sín fyrstu skref á vísnakvöldi,“ segir Páll.

„Sumir fóru þó aðrar leiðir eins og sést best á einni helstu menningarspírunni á Ísafirði en þar fer okkar maður; Elfar Logi Hannesson. Hann steig sín fyrstu skref hér einnig.“

Páll segir að líka séu óvenju mörg ljóð- og tónskáld í Arnarfirði og vill meina að fjörðurinn hreinlega framleiði listamenn. „Við sem stöndum að kvæðakvöldunum höfum gert skáldið Hafliða Magnússon og tónskáldið Ástvald Jónsson að heiðursfélögum enda eru lög þeirra og textar jafnan fyrirferðarmikil á þessum kvöldum. Þeir eru svona Lennon og McCartney okkar Arnfirðinga.“



**FJÓRMENNINGARNIR FRÁ LIVERPOOL** Bílddælingar segjast eiga sína Lennon og McCartney. Eflaust finnast George og Ringo í bænum líka.

Dansleikjahald hefur að mestu lagst niður á Bíldudal en Páll var ekki í vandræðum með að skipuleggja dansiböllin á árum áður.

„Við uppgötvuðum Siggu Beinteins, hún var frekar lítið þekkt þegar við borguðum stjörnuprís fyrir hana. Þegar ballið var búið sátum við svo eftir með heilar þrjú þúsund krónur í hagnað,“ segir Páll og hlær.

Fyrir skemmstu hætti Bílddælingur, stærsti atvinnurekandi bæjarins allri starfsemi og segir Páll að nú sé þungt hljóð í mörgum og jafnvel komið fararsnið á marga. „Ég fer hins vegar ekki neitt, ég flyt aldrei úr Arnarfirðinum,“ segir Páll og lemur í borð að sjóara sið.



**SIGGA BEINTEINS** Var uppgötvuð á Bíldudal og fór heim eftir ball með fullar hendur fjár.

**jse@frettabladid.is**






Steindóra í London er himinlifandi:

# Gott að fá Ólympíuleikana



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**STEINDÓRA Í LONDON** „Við erum mjög ánægð með þetta,“ segir hún, um þá staðreynd að Ólympíuleikarnir verði haldnir í London 2012.

Ánægja greip um sig meðal starfsfólks og viðskiptavina Söluturnsins London í Austurstræti í Reykjavík þegar spurðist að Ólympíuleikarnir verði haldnir í stórborginni London á Englandi árið 2012.

„Við erum mjög ánægð með þetta,“ segir Steindóra Andreasen afgreiðslukona, sem staðið hefur bak við búðarborðið í London í átta ár og afgreitt ís, pylsur og sælgæti.

Hún er þó ekki viss um að þessi ákvörðun Alþjóðaólympíunefndarinnar verði söluturninum sérstaklega til framdráttar enda heimsborgin jafnan á hvers manns vörum og þurfti svo sem ekki Ólympíuleika til að koma henni í umræðuna.

Steindóru er vitaskuld hlýtt til London og segir hana næstbestu borg í heimi.

Best kann hún við sig í miðborg Reykjavíkur þar sem mannlífið er líflegt og fjölbreytt.

Segja má að eigendur London hafi staðið á milli tveggja elda en um leið verið með pálmann í höndunum þegar valið stóð í lokin á milli borganna tveggja: London og París.

Þeir eiga nefnilega líka Kaffi París og höfðu undir það síðasta unna stöðu í málinu.

Ekkert fyrirtæki á Íslandi heitir New York eða Madríd og þaðan af síður Moskva.

**- bþs**


KLÁMKYNSLÓÐIN
KYNLÍF UNGLINGA Í DAG SNÝST UM ÖFGAR.
ENGIN TABÚ. ALLT ER LEYFILEGT.
HVAÐ ERU BÖRNIN OKKAR AÐ GERA?
LESTU MEIRA Í SIRKUS RVK.
NÝTT TÍMARIT.NÝR TÓNN.
SIRKUS RVK
KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Í ÖLLUM HELSTU BLAÐSÖLU
& MATVÖRUVERSLUNUM LANDSINS
- FYLGSTU MEÐ

**HRYÐJUVERK**

Fjöldi látinna í mannskæðustu hryðjuverkaárásum undanfarinna ára




**baksvið**

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** AL-KAÍDA

## *Hættulegustu hryðjuverkamenn heims*

Líkt og eftir árásirnar í New York fyrir hartnær fjórum árum þá dúkkaði nafn hryðjuverkasamtakanna al-Kaída fljótlega upp í tengslum við árásirnar í London í gær. En hvað er vitað um þessi illræmdu hryðjuverkasamtök og leiðtoga þeirra?

**Hvað er al-Kaída?**
al-Kaída er nafn alþjóðlegs nets ýmissa hryðjuverkasamtaka sem eiga það sameiginlegt að berjast fyrir öfgafullum íslömskum gildum. Samtökin voru upphaflega stofnuð upp úr sádi-arabísku samtökunum Mujahideen sem voru andspyrnuhreyfing gegn sovéskum yfirráðum í Afganistan á níunda áratugnum. Samtökin beita hernaði og hryðjuverkum til að ná fram markmiðum sínum og stilla sér upp sem andstæðingi Bandaríkjanna, heyja heilagt stríð gegn vestrænum gildum og hafa staðið fyrir hryðjuverkum víða um heim. Skemmst er að minnast atburðanna 11. september sem fullyrt hefur verið að al-Kaída hafi staðið fyrir en áður höfðu samtökin skipulagt sprengingar við bandarísk sendiráð í Austur-Afríku sem urðu um 300 manns að bana og reynt að myrða Hosni Mubarrak forseta Egyptalands svo fátt eitt sé nefnt.



**Hverjir eru leiðtogarnir?**
Osama Bin Laden hefur lengi verið talinn höfuð al-Kaída-samtakanna og er hans leitað af FBI fyrir hlutdeild að sendiráðssprengingunum og vegna gruns um aðild að atburðunum 11. september. Bin Laden er Sádi-Arabi og af einni ríkustu ættinni þar í landi. Hann barðist með Mujahideen í Afganistan. Hans hægri hönd er talinn vera Ayman al-Zawahiri, hámenntaður egypskur læknir, sem var foringi hryðjuverkasamtaka þarlendis áður en þau sameinuðust samtökum Bin Laden árið 1998, hann er einnig á lista FBI yfir hættulegustu hryðjuverkamenn heims. Abu Musab al-Zarqawi er svo af mörgum talinn vera höfuðsmaður al-Kaída í Írak og hafa staðið fyrir fjölmörgum árásum þar. Tengsl hans við al-Kaída eru þó óljós.

### ÁRÁSIR A BRETLAND
**SÍÐUSTU 30 ÁR**

**Febrúar 1974:** Tólf létust þegar írski lýðveldisherinn (IRA) sprengdi rútu sem flutti breska hermenn og fjölskyldur þeirra á Norður-Englandi.

**Október-nóvember 1974:** 28 létust og yfir 200 særðust í sprengjuöldu sem reið yfir enskar krár. Nokkrir voru sakfelldir fyrir árásirnar en sleppt tuttugu árum síðar.

**Júlí 1982:** Tvær IRA-sprengjur í konunglegum görðum í Lundúnum grönduðu 11 og særðu um 50.

**Desember 1983:** IRA sprengdu upp Harrods-verslun í Lundúnum. Sex létust.

**Október 1984:** Ríkisstjórn Margaret Thatcher slapp naumlega þegar IRA-sprengja sprakk á hóteli í Brighton þegar flokksfundur Íhaldsflokksins stóð yfir. Fimm létust.

**September 1989:** 11 létust þegar sprengja sprakk í tónlistarskóla hersins.

**Febrúar 1991:** IRA skaut flugskeyti inn á skrifstofu John Major forsætisráðherra. Enginn særðist.

**Apríl 1992:** Bílsprengja sprakk utan við banka í fjármálahverfi í Lundúnum. Þrír létust og 91 særðist.

**Mars 1993:** Tvær ruslafötusprengjur í norðurhluta Englands grönduðu tveimur ungum piltum og særðu 12 aðra.

**Apríl 1993:** Vörubílsprengja IRA sprakk í fjármálahverfi Lundúna. Einn lést og 44 særðust.

**Febrúar 1996:** Tveir létust í IRA-sprengingu í Docklands-hverfi í Lundúnum.

**Mars 2001:** Öflug bílsprengja sprakk utan við höfuðstöðvar BBC í Lundúnum. Lögreglumenn sögðu „Hinn raunverulega írska lýðveldisher", arm úr IRA sem var mótfallinn vopnahléi, hafa staðið fyrir sprengingunni. Einn særðist.

### HRYÐJUVERK GEGN VESTURLANDABÚUM
**FRÁ 1995**

**19. apríl 1995:** Bílsprengja sprakk fyrir utan alríkisbygginguna í Oklahoma í Bandaríkjunum. 168 létu lífið.

**13. nóvember 1995:** Sprenging í herstöð Bandaríkjamanna í Riyadh, höfuðborg Sádi-Arabíu. Sjö létu lífið.

**25. júní 1996:** Bensínflutningabíll sprengdur skammt frá herstöð Bandaríkjamanna í Dharhran í Sádi-Arabíu. Nítján létu lífið.

**7. ágúst 1998:** Sprengingar í bandarísku sendiráðunum í Naíróbí í Kenía og Dar es Salaam í Tansaníu. 231 lét lífið.

**12. október 2000:** Lítill bátur sprengdur við hlið bandaríska herskipsins USS Cole í höfninni í Aden í Jemen. Sautján létu lífið.

**11. september 2001:** Fjórum farþegaþotum rænt. Tveimur flogið á World Trade Center í New York, einni á Pentagon og ein hrapaði. 2.986 létu lífið.

**11. apríl 2002:** Sprenging við bænahús gyðinga á eyjunni Djerba skammt frá Túnis. 21 lét lífið.

**12. október 2002:** Tvær sprengjur sprengdar í næturklúbbi á Balí. 202 létu lífið.

**28. nóvember 2002:** Bílasprengja sprakk við hótel í Kenía með þeim afleiðingum að fjórtán manns létu lífið. Tveimur flugskeytum skotið að ísraelskri farþegaþotu, en hæfðu hana ekki.

**12. maí 2003:** Bílar sprengdir á þremur afgirtum íbúðasvæðum og fyrir utan byggingu sem hýsir fyrirtæki sem er að hálfu í eigu Bandaríkjamanna. 35 létu lífið og yfir 200 slösuðust.

**19. ágúst 2003:** Sprenging við höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna í Bagdad. 24 fórust og yfir 100 særðust.

**3. mars 2004:** Fjórar lestir sprengdar í Madríd. 191 lét lífið og yfir 600 særðust.

**25. ágúst 2004:** Tvær rússneskar farþegaflugvélar sprengdar. 89 létust.

**1. september 2004:** Gíslataka hefst í barnaskóla í Beslan, Rússlandi. 320 létu lífið.

**Athugist að þessi listi er ekki tæmandi*

# Tæplega fimm þúsund látnir

**Hryðjuverkaárásir gegn Vesturlandabúum síðasta áratuginn hafa kostað tæplega fimm þúsund manns lífið. Al-Kaída, eða samtök tengd þeim, bera ábyrgð á mannskæðustu árásunum.**

Um 4.500 manns hafa látist í hryðjuverkaárásum sem beint er gegn Vesturlöndum á síðastliðnum áratug. Mannskæðasta árásin varð 9. september 2001, þegar hryðjuverkamenn al-Kaída rændu fjórum farþegaflugvélum. Einni var brotlent, ein flaug á Pentagon en tvær á Tvíburaturnana í New York. Af öðrum mannskæðum hryðjuverkum, þar sem hundrað eða fleiri létu lífið, er talið að al-Kaída, eða hryðjuverkasamtök tengd þeim, beri ábyrgð á þeim flestum: sprengingar í bandarísku sendiráðunum í Naíróbí í Kenía og Dar es Salaam í Tansaníu 1998, sprengingar við næturklúbb í Balí 2002, fjórar lestarsprengingar í Madríd 2004. Aðrar tvær mannskæðar hryðjuverkaárásir, gíslatakan í Beslan og sprenging tveggja rússneskra farþegaflugvéla 2004 tengjast stríði Rússa í Tsjetsjeníu. Síðan stríðin í Afganistan og Írak hófust hafa ýmis hermdarverk verið framin þar, en þar sem þau gerast á stríðssvæðum, eru þau ekki talin með hér.

svanborg@frettabladid.is

## Árásin á Tvíburaturnana

**Fjöldi skotmarka**: 4 **Fjöldi látinna:** 2.986 **Fjöldi slasaðra:** Ekki vitað

Þrátt fyrir að hryðjuverk hafi ekki verið Vesturlöndum ókunn, breyttist heimsmyndin verulega 11. september 2001 þegar hryðjuverkamenn al-Kaída rændu fjórum farþegaþotum. Tveimur þeirra var flogið á World Trade Center í New York, einni var flogið á Pentagon og ein hrapaði í Pennsylvaníu. Tæplega 3.000 létu lífið.
Fyrsta ábending um að ekki væri allt í lagi var klukkan 8.34 á tíma austurstrandarinnar, þegar tilkynning barst um að flugi American Airlines númer 11 hefði verið rænt. Átta mínútum síðar flaug hún á norðurturn World Trade Center. Klukkan 09.03 þegar sjónvarpsvélarnar fylgdust með brennandi norðurturninum sáu þær aðra farþegaflugvél, United Airlines númer 175, fljúga á suðurturn World Trade Center. Þá varð ljóst að ekki var um slys að ræða. Á sama tíma var tilkynnt að þessari flugvél hefði verið rænt. Klukkan 09.37 flaug vél American Airlines númer 77 á Pentagon, varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna, og rétt eftir klukkan 10 brotlenti flugvél sem rænt hafði verið, rétt fyrir utan Pittsburgh í Pennsylvaníu.
Um hálf ellefu höfðu báðir turnar World Trade Center hrunið, en í þeim byggingum varð mesta manntjónið.



**WORLD TRADE CENTER Í NEW YORK** Mannskæðasta hryðjuverkaárás á Vesturlöndum hinn 9. september 2001 breytti heimsmyndinni verulega.



**MANNSKÆÐASTA HRYÐJUVERKAÁRÁS Á SPÁNI** Hundruð farþega slösuðust og tæplega tvöhundruð létust í sprengjuárásum í Madríd fyrir rúmu ári.

## Tíu sprengjur í fjórum lestum

**Fjöldi skotmarka:** 4 **Fjöldi látinna:** 191 **Fjöldi særðra:** 600-800

191 lét lífið þegar tíu sprengjur sprungu í fjórum lestum í Madríd hinn 11. mars, 2004. Talið er að hryðjuverkamennirnir hafi skilið bakboka eftir í lestunum þegar þær stoppuðu allar á Alcala de Henares lestarstöðinni milli 06.00 og 06.15. Í hverjum bakboka voru um 10 kíló af sprengiefni.
Fyrstu sprengingarnar urðu 06.39, í þriðja, fjórða og sjötta vagni lestar sem var að stöðva við Atocha-lestarstöðina. Næstum því á sama tíma sprungu sprengjur í fyrsta, fjórða og sjötta vagni annarar lestar sem var um hálfan kílómetra frá sömu stöð. Seinni lestin var um tveimur mínútum of sein, en hefði annars einnig verið að stöðva við Atocha-lestarstöðina. Hefði hún verið á réttum tíma, hefðu afleiðingarnar orðið mun alvarlegri. Á lestarstöðinni fann lögregla einnig þrjár aðrar ósprungnar sprengjur.
Um það bil tveimur mínútum síðar sprungu sprengjur í fjórða og fimmta vagni þriðju lestarinnar við El Pozolestarstöðina. 06.42 sprungu svo síðustu sprengjurnar í fjórða vagni fjórðu lestarinnar við Santa Eugenialestarstöðina.
Talið er að öfgafull íslömsk hreyfing á Spáni, tengd al-Kaída hafi verið ábyrg fyrir sprengjuárásinni. Grunaðir hryðjuverkamenn eru aðallega frá Norður-Afríku. Rúmlega hundrað manns voru handteknir og 22 bíða réttarhalda. Hinn 3. apríl 2004 létust sjö grunaðir hryðjuverkamenn, tengdir árásinni, í sprengingu þegar lögreglan í Madríd gerði árás í Leganes. Meðal þeirra látnu var Túnisbúinn Serhane Ben Abdelmajid Fakhet sem sagður er hafa skipulagt árásina.

## Martröð ferðamanna á Balí

**Fjöldi skotmarka:** 2 **Fjöldi látinna:** 202 **Fjöldi slasaðra:** Rúmlega 300

Draumur á ferðamannaeyjunni Balí breyttist í martröð hinn 12. október 2002 þegar tvær sprengjur sprungu fyrir utan næturklúbba á Kuta-ströndinni á laugardagskvöldi. Sprungu sprengjurnar fyrir utan Sari næturklúbbinn og írska barinn Paddy's. 202 létu lífið í sprengjuárásinni, flestir þeirra erlendir ferðamenn. Af þeim 202 sem létust voru 88 Ástralir, 38 frá Indónesíu, 26 Bretar, níu Svíar, sjö Bandaríkjamenn, sex Þjóðverjar og fjórir Hollendingar. Klúbburinn brann til ösku og lýstu sjónarvottar því daginn eftir að ekkert stæði eftir nema hola í jörðinni sem merki um að þarna hefði verið vinsæll skemmtistaður.
Böndin bárust fljótt að indónesískum samtökum sem nefnast Jemaah Islamiyah, sem tengjast al-Kaída hryðjuverkasamtökunum. Samtökin höfðu áður borið ábyrgð á röð sprenginga við sendiráð Bandaríkjanna, Bretlands og Ástralíu í Singapúr. Samkvæmt upplýsingum leyniþjónustu Bandaríkjanna ákváðu hryðjuverkamennirnir að ráðast gegn skemmtistað, þar sem það væri auðveldara skotmark en sendiráð.



**ELDURINN SLÖKKTUR** Hryðjuverkaárásin á Balí vakti mikinn ugg í brjóstum Ástrala, en Balí er vinsæll áfangastaður ástralskra ferðamanna.


Bílanaust opnar
á nýjum stað
Við bjóðum ykkur velkomin
í glæsilega verslun
að Bíldshöfða 9
Fjölmörg
skemmtileg
opnunartilboð í gangi
allt að 60% afsláttur
-Sjón er sögu ríkari
Bílanaust
Taktík / 1963
Bílanaust hf - Bíldshöfða 9 - sími 535-9000 - www.bilanaust.is



jákvætt og skemmtilegt
þú kaupir 2 flöskur af 2l. pepsi eða pepsi max og færð frían sundbolta með
stór 1. flokkur
30% afsláttur
Grillhumar
gæða-kjöt
1.798 kr.kg.
SS Grand Orange lambainnralæri
Reykjagarður hf
40% afsláttur
Eldfugls vængir í buffalósósu
Reykjagarður hf
40% afsláttur
Eldfugls læri og leggir í hunangssósu
Reykjagarður hf
51% afsláttur
Eldfugls kjúklingastrimlar
199 kr.pk.
Florette Salat Caesar 250gr.
gott með salatinu!
199 kr.stk.
Florette Dressing French Caesar
gott með salatinu!
ÍSLENSKUR FETA í kryddolíu
239 kr.stk.
Fetaostur í kryddlegi
frábært í ferðalagið
Skólaskinka
50% afsláttur
Borgarnes skólaskinka
10% afsláttur
Samlokuostur
Pågen gifflar KANEL
umm!
Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 8. júlí - 10. júlí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# ... njótum lífsins




verðið er ekkert grín

399

Goða frosinn grillsagaður lambaframpartur



gæða-kjöt

399 kr.kg.

Lambasneiðar



294 kr.kg.

Kjúklingaleggir




Maarud með í ferðalagið

199 kr.pk.

Maarud snakk

Margarita
Skinka
Pepperoni




99 kr.pk.

Náttúra pizzur

bökunar-kartöflur frá Mallorca



59 kr.kg.

Bökunarkartöflur

Júlli laukur biður að heilsa!



9 kr.kg.

Rauðlaukur

33% meira magn á lægra verði...




199 kr.stk.

Florette Dressing French Caesar

frábært í ferðalagið




2 fyrir 1

Náttúru bakaðar baunir

netto

# skoðun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þung orð**
Þung orð ganga þessa dagana á milli fyrrum samverkamanna í blaðamennsku, ritstjóra DV og Reynis Traustasonar ritstjóra Mannlífs. Hefur Jónas Kristjánsson sakað tímaritið um að bregðast góðum gildum blaðamennsku með því að bjóða umfjöllun í ritinu gegn greiðslu. Þessu vísar Reynir á bug í leiðara nýútkomins Mannlífs, en gagnrýnir um leið harkalega sinn gamla vinnustað. Hann segist bera sterkar taugar til blaðsins, en nú dynji „klámhöggin nær daglega og blað sem yfirleitt er vel skrifað og skemmtilegt ber svipmót hrottans“. Hér er fast að orði kveðið.



**Ógæfa söluvara**
Reynir nefnir dæmi orðum sínum til styrktar: „Fjölmiðill sem birtir að óþörfu nafn og mynd af óþekktum Íslendingi sem liggur við dauðans dyr á sjúkrabeði og veldur fjölskyldu hans og ættingjum sársauka á fátt gott skilið. Fjölmiðill sem álítur það sigur að velta sér upp úr ógæfu smæstu borgara landsins á ekki annað skilið en hrapandi lestur. Fjölmiðill sem tekur aðallega á málum sem snerta subbuskap er óþarfur.“ Í ljósi reynslunnar gefur Reynir lítið fyrir hina frægu siðaskrá Jónasar ritstjóra: „Siðareglur og DV hljómar eins og skírlífsbelti í hóruhúsi“.



**Skaðar blaðið**
Reynir ber DV saman við ógæfufólkið sem blaðið hefur mestan áhuga á. „Vandi DV er í raun sá sami og ógæfumannsins sem varð mannsbani. Eitt högg varð til þess að hann stendur eftir ærulaus. Einstök klámhögg DV valda ... skemmdum á trúverðugleika blaðsins... Blaðið fær ásýnd þess illgjarna sem engu skeytir um rétt eða rangt. Ég get ekki annað en harmað hvernig komið er fyrir þeim sem eiga að veita aðhald í samfélaginu.“ En í höfuðstöðvum útgfáfufélagsins Fróða er allt í sóma: „Mannlíf mun eftir sem áður halda sig við sannleikann. Þögn okkar er ekki til sölu“, segir ritstjórinn að lokum.

gm@frettabladid.is

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Með hryðjuverkunum í gær var nærri okkur höggvið. Engin leið er að segja til um hvar ógnaröflin velja sér stað.

# Í skugga óttans

Hryðjuverkin sem framin voru í Lundúnum í gær koma líklega fáum beinlínis á óvart, svo óhugnanlegt sem það kann að virðast. Þau hafa að vissu leyti legið í loftinu síðan 11. september 2001. Sprengingin á lestarstöðinni í Madríd 11. mars í fyrra minnti á að hryðjuverkaógnin vofir yfir, líka hér í Evrópu, og yfirlýsingar frá hryðjuverkahópum al-Kaída benda ekki til þess að staðar verði numið í Lundúnum. Þvert á móti er verið að tala um Ítalíu næst og jafnvel Danmörku. Ekki er ólíklegt að listi hinna staðföstu þjóða liggi að einhverju leyti til grundvallar þegar misindismennirnir velja staði til að bera niður og á þeim lista er Ísland. Enn virðist koma á daginn að innrásirnar í Afganistan og Írak hafi verið mistök, þær hafi frekar magnað hryðjuverkaógnina en stöðvað hana.

*Mesta viðspyrnan við þeim öflum sem reyna að halda Vesturlandabúum í greip óttans er þó gerð með því að leitast við að láta ekki ógnina ná tökum á sér og breyta háttum sem allra minnst.*

Hryðjuverk beinast að almennum borgurum við daglegar athafnir. Þess vegna verða samgöngutæki og -miðstöðvar iðulega skotmark árása sem þessara. Venjulegir borgarar á leið til vinnu, eða annarra daglegra athafna venjulegs fólks, sitja í neðanjarðarlest eða strætisvagni með blað dagsins eða skáldsögu, eins og það hefur gert ótalmarga aðra morgna, þegar ógnin dynur yfir. Fórnarlömbin eru venjulegt fólk. Og það er einmitt í þessu sem ógnin felst.

Árásin í Lundúnum í gær vekur margar spurningar. Íbúar Norðurlandanna hafa til dæmis til skamms tíma talið sig óhulta gagnvart hryðjuverkum þótt þau hafi verið framin annars staðar í álfunni og þá ekki bara á ábyrgð íslamskra öfgahópa. Bretar bjuggu lengi við ógn af völdum hryðjuverka IRA og ETA, sjálfstæðishreyfing Baska á Spáni, hefur valdið miklum usla þar í landi, svo dæmi séu tekin. Friði hér á Norðurlöndum er þó vart að treysta lengur.

Hvar erum við þá óhult? Hvert er okkur óhætt að fara? Er tryggt að höfuðborg Íslands verði ekki fyrir árásum eins og höfuðborgir Spánar og Englands? Þessar spurningar og margar fleiri hljóta að leita á. Fátt er um svör og óttinn vaknar og markmiðum ógnaraflanna er náð. Því hryðjuverkum er einmitt ætlað þetta, að vekja ótta almennra borgara og viðhalda honum svo. Þannig ná þessi öfl að láta hrikta í stoðum samfélagsins og setja það úr skorðum.

Velta má fyrir sér hvernig best sé að bregðast við. Nú þegar hafa hryðjuverk undangenginna ára haft áhrif í átt til frelsisskerðingar hér á Vesturlöndum, til dæmis með stórauknu eftirliti með ferðafólki. Gera má ráð fyrir að síst dragi úr þessum áhrifum. Mesta viðspyrnan við þeim öflum sem reyna að halda Vesturlandabúum í greip óttans er þó gerð með því að leitast við að láta ekki ógnina ná tökum á sér og breyta háttum sem allra minnst. Daginn sem við þorum ekki að fljúga milli landa, ferðast með almenningssamgöngum eða dvelja í tilteknum borgum, hafa ógnaröflin náð fram vilja sínum. Á sama tíma ættu almennir borgarar að veita yfirvöldum landa sinna aðhald í þá veru að þau leggi sitt af mörkum til að friðvænlegar geti horft í heiminum.

Í dag er hugurinn þó fyrst og fremst hjá Bretum, látnum og særðum, og aðstandendum þeirra.

# Aðstoð án þróunar eða þróun án aðstoðar?

Í DAG
ÞRÓUNARAÐSTOÐ

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON
PRÓFESSOR



Á nýliðnum þjóðhátíðardegi hvatti víðkunnur hagfræðingur, Jeffrey Sachs, sem þá var hér staddur í boði viðskipta- og hagfræðideildar háskólans, Íslendinga til að stórauka þróunaraðstoð. Hann kvað okkur geta gengið á undan öðrum vestrænum ríkjum með góðu fordæmi. Sachs sagði enn fremur, að stærstu iðnríkin ættu að tvöfalda þróunaraðstoð sína. Morgunblaðið og fleiri virðulegir aðilar hafa tekið undir með Sachs. Enginn hefur mér vitanlega mótmælt.

En þetta er hið mesta óráð. Orðið „þróunaraðstoð“ er herfilegt öfugmæli. Sannleikurinn er sá, að valið stendur um aðstoð án þróunar eða þróun án aðstoðar. Dæmi um þróun án aðstoðar eru Tansanía og Grænhöfðaeyjar. Þessi tvö ríki hafa þegið meiri „þróunaraðstoð“ (meðal annars frá Íslandi) en flest eða öll önnur þróunarlönd. Engu að síður sitja þau föst í fátækt. Þau eru orðin jafnháð aðstoðinni og fíkniefnaneytandinn daglegum skammti sínum.

Dæmi um aðstoð án þróunar eru hins vegar tígrisdýrin fjögur í Suðaustur-Asíu, sem svo eru kölluð, Singapore, Hong Kong, Taívan og Suður-Kórea. Þau hafa brotist úr fátækt í bjargálnir af eigin rammleik.

Þegar minnst er á þróunaraðstoð, sjá flestir fyrir sér lítil börn með uppþembdan maga sökum næringarskorts, biðjandi augu og útréttar hendur. En aðstoðin er því miður ekki við þessi börn. Þegar Jeffrey Sachs og aðrir spekingar tala um þróunaraðstoð, eiga þeir oftast við millifærslu úr einum ríkissjóði í annan. Og hverjir skyldu ráða yfir ríkissjóði viðtökulandsins?

Það er venjulega valdastétt landsins, sem er einmitt ósjaldan stærsta hindrunin í vegi þróunar. Ég deildi eitt sinn við prest, sem kvað þróunaraðstoð helgast af þeim orðum Krists, að maður, sem eigi tvo kyrtla, skuli gefa kyrtlalausum náunga sínum annan. Ég benti þá á, að máli skiptir, hvers vegna hinn hugsanlegi viðtakandi ætti engan kyrtil. Væri það vegna þess, að valdastéttin tæki jafnóðum af honum kyrtlana, sem hann saumaði sér eða útvegaði, þá stoðaði lítt að senda honum fleiri kyrtla.

*Orðið „þróunaraðstoð“ er herfilegt öfugmæli. Sannleikurinn er sá, að valið stendur um aðstoð án þróunar eða þróun án aðstoðar.*

Svonefnd þróunaraðstoð hefur þær vondu afleiðingar, að hún raskar valdahlutföllum í viðtökulandinu. Valdastéttin styrkist, því að hún fær féð í sinn hlut, en framleiðendur, framkvæmdamenn, bændur og verkafólk, veikjast. Aðalatriðið er að hvetja þessa framleiðendur til að leggja harðar að sér. En valdastéttin fer víðast hvar þveröfugt að. Hún leggur á framleiðendur þungar byrðar skatta og reglugerða, gerir framleiðslu þeirra upptæka beint eða óbeint. Víðtæk reynsla, studd traustum rannsóknum, sýnir, að þjóðir brjótast úr fátækt af eigin rammleik, þegar leikreglur eru hagkvæmar. Málið er einfalt: Menn njóti skynsamlegra verka sinna og gjaldi hinna óskynsamlegu; mistök séu leiðrétt í stað þess að halda þeim áfram; auðlindir séu í eigu einkaaðila, sem hafi beinan hag af skynsamlegri nýtingu þeirra. Virkja þarf framtak einstaklinganna, séreignarrétt og frjálsa samkeppni.

Reynsla Íslendinga sjálfra er nærtækust. Þróun hófst hér ekki fyrir frumkvæði konungsvaldsins, sem kunni engin önnur ráð á átjándu öld en skipa nefndir málskrafsmanna og styrkja misheppnuð fyrirtæki (til dæmis innréttingarnar). Raunveruleg þróun varð að fengnu verslunar- og atvinnufrelsi, þegar framtaksmönnum eins og Eldeyjar-Hjalta, Thor Jensen, Jóni Ólafssyni í Alliance, Ólafi Johnson og Garðari Gíslasyni var gert kleift að skapa auð handa sjálfum sér og öðrum. Það var ekki fjárhagsaðstoð frá Dönum, sem hleypti þróuninni af stað, heldur fjárfestingar í arðsemisskyni, aðallega fyrir tilstilli Íslandsbanka í upphafi tuttugustu aldar.

Allir góðgjarnir menn vilja, að fátækar þjóðir í suðri geti brotist úr fátækt í bjargálnir. En það gera þær ekki með því, að vestræn ríki leggi fé í sjóði valdastétta, heldur í krafti frjálsra viðskipta. Evrópusambandið, sem hreykir sér iðulega af umhyggju um fátækar þjóðir, um leið og það sendir Bandaríkjamönnum tóninn, verndar landbúnað sinn með háum tollum og öðrum innflutningstálmunum. Þannig torveldar það þjóðum í suðri að framleiða sig með útflutningi úr fátækt. Íslendingar eiga að ganga á undan öðrum vestrænum ríkjum með góðu fordæmi, minnka svokallaða þróunaraðstoð og taka myndarlega undir með Bandaríkjamönnum í baráttu þeirra fyrir frjálsum alþjóðaviðskiptum. Við eigum ekki að senda náunga okkar kyrtil, heldur auðvelda honum saumaskap. ■


Austurver
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24
JL-húsið
Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21
Kringlan 1. hæð
Mán.-mið. kl. 10–18:30,
fim. 10–21, fös. 10–19,
lau. 10–18, sun. 13–17
Opið lengur
Lyf & heilsa



LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.21 | 13.33 | 23.43 |
| AKUREYRI | 2.27 | 13.17 | 00.05 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


**matur o.fl.**

Borgfirskar kúmenkleinur

BLS. 2



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is**

*Góðan dag!*

**Í dag er föstudagur 8. júlí, 189. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 7*

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

visir



Þorfinnur notar grillið á svölunum þegar vel viðrar.

# Kryddlöginn gerir maður sjálfur

***Þorfinnur Ómarsson er annálaður fyrir fádæma snilld í matargerð. Hann eldar á hverjum degi og finnst það alltaf jafn skemmtilegt.***

„Undanfarnar vikur hef ég verið að elda á kvöldin fyrir okkur tvö, mig og konuna mína. Það er hins vegar ekkert minna umstang að elda fyrir tvo, sem er fínt. Því meira umstang, því skemmtilegra,“ segir Þorfinnur.

Þar sem eiginkona Þorfinns er oft að vinna fram undir tíu á kvöldin hefur hann góðan tíma til að velja hráefni og undirbúa málsverðinn sem þau njóta svo saman síðla kvölds. „Við erum að borða á spænskum tíma,“ segir hann hlæjandi og kannast ekkert við að það sé fitandi að borða seint á kvöldin. „Ég hef aldrei pælt í hvað ég set ofan í mig og borða allt sem mér þykir gott. Það vill hins vegar svo heppilega til að það sem mér finnst gott er líka meinhollt.“

Það er enginn munur á matseld Þorfinns hvort sem það er virkur dagur eða helgi. „Stundum ætla ég að hafa þetta einfalt á virkum dögum og síðast á mánudaginn fór ég í búð til ná mér í fisk. Ég fór í þrjár búðir og leist hvergi á fiskinn en fann svo í Melabúðinni nýjan villtan lax sem ég stóðst ekki. Ég fór með hann heim og grillaði þannig að úr varð eðalmatur á mánudegi.“

Þorfinnur er alinn upp í stórum systkinahópi við venjulegan, íslenskan heimilismat. „Ég borðaði alltaf mikið, bókstaflega hesthúsaði mat, en hjálpaði aldrei til við eldamennsku. Það var ekki fyrr en ég flutti að heiman sem ég fór að elda sjálfur. Svo flutti ég til Frakklands og þar magnaðist áhuginn þúsundfalt.“

Þorfinnur hefur safnað í sarpinn, bæði frá Frakklandi og hinum ýmsu heimshornum og hann man alltaf hvað hann borðar. „Ég fæ líka ótrúlegustu hugmyndir þegar ég borða framandi mat þó ég viti ekki nákvæmlega hvað er í honum. Nei, ég hef aldrei lent í að búa til algjörlega mislukkaðan mat. Ég tók meira að segja þátt í áhugamannkeppni Food and Fun með rétt sem ég hafði aldrei eldað áður - og vann. Mér hefur verið sagt að svona geri maður ekki,“ segir hann hlæjandi og gefur lesendum uppskrift að kjúklingi í kryddlegi, sem hentar reyndar á flest kjöt. „Ég myndi aldrei kaupa forkryddað.kjöt, maríneringuna gerir maður sjálfur.“

Uppskriftina er að finna á bls. 3.

*edda@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

*í tilboðum*

**Lagersala** stendur yfir í Auðbrekku 21 í Kópavogi. Þar eru saumastofan Tinna og prjónastofan Janus með sölu á ullarvörum, meðal annars tískuvörum úr þæfðri ull. Peysur á fullorðna kosta frá 1.500 til 4.000 krónur og barnapeysur 1.000 til 3.000.



**Barnafatnaður** í stærðum frá 0 uppí 12 ára er á útsölu í versluninni Adams í Smáralind. Afslátturinn er 30-50 % og gildir það um nánast allar vörur verslunarinnar, þó að undanskildum brúðarmeyjakjólum og nýkomnum baðsloppum.



**Sumarblóm,** innipottablóm, tré og afskorin blóm úr silki eru nú á útsölu í Soldis í Debenhams í Smáralind og á Laugavegi 63. Afslátturinn nemur 30-70% frá upphaflegu verði. Einnig eru blómapottar á lækkuðu verði í Soldis.

**Kvenfatnaður** í fjölbreyttu úrvali fyrir konur á öllum aldri er á útsölunni hjá Ritu í Eddufelli 2 í Breiðholti og Bæjarlind 6 í Kópavogi. Þar má nefna sparilegar mussur með hálfermum sem nú kosta aðeins 2.500 og ljósbláa jakka sem áður kostuðu 8.900 en eru nú á 4.900.

*tilbod@frettabladid.is*


**Ef þú ætlar að slá í gegn við grillið í sumar, þá mæli ég með HOT SPOT sósunum.**



**Mango Jalepeno glaze**
Passar vel með öllum fiski, svínakjöti og kjúklingi. Hún hefur sætleikann úr mangóinu og kraftinn úr jalapeno. Marinerið í smástund eða penslið yfir.

**Mesquite smoked Chili**
Blanda af reyktum chili pipar og kryddjurtum. Góð marinering á lambalæri eða fillet einnig frábær á rif og nautakjöt.

**Motel 66 Texas honey BBQ**
Ekta BBQ sósa. Hentar vel með klassískum grillréttum t.d. nautasteik, rifjum og kjúklingabringum. Marinerið eða penslið yfir -sósa sem virkar.

**Beast**
Frábær grillsósa á allan mat. Hentar vel á lambakjöt og grænmeti. Hlaðin krafti með chili og soya. Marinerið í smástund eða penslið yfir.

**Mango Curry Marinade**
Meiriháttar sósa á allt ljóst kjöt og fisk. Penslið yfir eða látið liggja í marineringu í smá tíma. Einnig fantagóð dressing á salatið, kjötið eða fiskinn og þá blönduð með sýrðum rjóma.

**Tokyo Teriyaki**
Ómissandi sósa fyrir þá sem kunna að meta Teriyaki. Sósa sem byggist á soya, með sætum keim og hefur örlítið sesam bragð. Penslið á það sem á að grilla.




Mango Jalepeno glaze | Mesquite smoked Chili | Motel 66 Texas honey BBQ | Beast | Mango Curry Marinade | Tokyo Teriyaki

**Gúrkur**
Á þessum árstíma eru gúrkurnar mjög góðar. Tilvalið er að sneiða gúrku niður í litla bita og blanda saman við sýrðan rjóma og indverska kryddblöndu og þá er komið fyrirtaks salat.



## GUNTRUM RIESLING:
# Bestu kaupin í kassavínum

Í Gestgjafanum sl. sumar fjallaði Þorri Hringsson vínrýnir um kassavín og var niðurstaðan af úttekt hans að hvítvínið Gruntrum Riesling væru bestu kaupin í kassavínum í Vínbúðum hérlendis. Þorri mælir með víninu einu og sér, með austurlenskum mat og léttum fiskréttum. Þýska vínhúsið Louis Guntrum hefur aflað sér orðstírs fyrir vel gerð og áreiðanleg vín á góðu verði. Hvítvínið Guntrum Riesling Royal Blue hefur um árabil verið með þeim vinsælustu á Íslandi.

Einn þekktasti vínblaðamaður Bretlands, Oz Clarke, gefur Guntrum þrjár stjörnur í yfirliti sínu yfir víngerðarmenn veraldar og telur húsið til betri húsa Þýskalands. Guntrum hefur opnað augu margra fyrir gæðum þýskra vína og hversu vel þau eiga við fjölmarga matarrétti. Þetta er fölgrænt hvítvín með meðalsætan blómlegan ávöxt sem nýtur sín best ískalt á veröndinni og með asískum réttum.

Best framborið vel kælt




*Kynningarverð á sumardögum í Vínbúðum 2.590 kr.*



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það á að vera þægilegt og einfalt að fara út að borða," segir Sigmar Magnússon framkvæmdastjóri veitingastaðarins Salt.

# Íslenska hráefnið best

***Gamla Eimskipshúsið við Tryggvagötu er orðið að glæsilegu hóteli. Þar er veitingastaðurinn Salt sem býður upp á bistro matseðil og þægilegt andrúmsloft.***

Á barnum við veitingastaðinn Salt á hóteli 1919 er svalt og þægilegt andrúmsloft seinni part dags á meðan blaðamaður situr og bíður eftir framkvæmdastjóra staðarins. Tónlistin er lágstemmd og notaleg og barþjónn reiðir fram drykki af kurteisi og fagmennsku. Sigmar Magnússon framkvæmdastjóri kemur inn á barinn og heilsar blaðamanni.

„Við viljum að fólki líði vel sem kemur hingað, að því sé þægilegt og einfalt að fara út að borða," segir Sigmar sem er enginn aukvisi í faginu þar sem hann gegndi sama starfi á Hilton hótelinu í London í nokkur ár, og er nýkominn hingað til lands og finnst spennandi að takast á við það verkefni að koma á fót nýjum veitingastað. „Ég er með ungt starfsfólk sem hefur mikla þjónustulund og viðhorfið er að það sé ekkert ómögulegt," segir Sigmar. „Það á að vera einfalt og þægilegt að fara út að borða og miðast öll þjónusta og verðlagning á matseðli að því," segir Sigmar. „Fólk fær hér góða rétti á góðu verði," bætir hann við.

Matseðill staðarins einkennist af miðjarðarhafsréttum úr íslensku hráefni. „Íslenska hráefnið er það besta í heiminum og þá sérstaklega fiskurinn," segir Sigmar. Á matseðlinum er ávallt fiskur dagsins sem er ferskur hverju sinni en gestirnir hafa val um hvernig hann er matreiddur.

„Ég lagði talsverða áherslu á það á vínseðli okkar að hafa mikið af glösum," segir Sigmar. Auk víns hússins stendur valið á milli nokkura tegunda af rauðu og hvítu víni auk þess sem hægt er að fá eitt kampavínsglas. „Fólk verður að geta stoppað við og fengið sér eitt glas af góðu víni án þess að þurfa að kaupa heila flösku," segir Sigmar. „Eins og ég segi, þægilegt og einfalt."

*kristineva@frettabladid.is*



Á hverju borði er að finna salt frá Hawaii, Ástralíu og Frakklandi.



Séð inn í veitingasalt veitingastaðarins Salt á hóteli 1919.




Við hlið veitingastaðarins er bar sem er öllum opin.

SMOOTHIE
ávaxtadrykkur




100% hreinn fyrir þig
Arka • Sími 899 2363

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

Fissler
Stálpottasett á góðu verði
Brúðhjónalistar og gjafakort



búsáhöld
KRINGLUNNI
Sími: 568 6440 | busahold@busahold.is

# Borgfirskar kúmenkleinur

***Inger Helgadóttir húsfreyja á Indriðastöðum í Skorradal býr til heimsins bestu kleinur. Uppskriftin er þó ekkert hernaðarleyndarmál og hún tók því vel að deila henni með landsmönnum.***

- 1.5 kg hveiti
- 375 g sykur
- 10 tsk. lyftiduft
- 2-3 egg
- 1/2 l mjólk
- 1/2 l súrmjólk
- 100 g smjörlíki brætt
- kúmen eftir smekk

Þetta er allt hnoðað létt saman og flatt út í stórar kökur sem skornar eru í tígla, með gati í miðju og kleinunum snúið eftir fornum hefðum sem flestir þekkja. Þær eru síðan steiktar upp heitri olíu af einhverri sort.

Uppskriftin hennar Inger er reyndar helmingi stærri en þetta, enda rekur hún ferðaþjónustu og oft er margt við borðið hjá henni. Hún á líka alveg ekta pott sem hún notar í kleinusteikingarnar sem hún segir eftirfarandi sögu um: „Ég fékk þennan pott, ásamt öðrum, að gjöf frá vinkonu minni á elliheimilinu á Hvammstanga. Hún hringdi og sagðist eiga við mig áríðandi erindi. Þegar til kom var erindið það að gefa mér potta því hún átti að fara að flytjast í íbúðir fyrir eldri borgara og þar var jafnvel ætlast til að hún eldaði sjálf. Það hugðist hún hins vegar aldrei gera meira og lá því á að losa sig við pottana."





Inger steikir kleinurnar upp úr potti frá vinkonu sinni á Hvammstanga sem vildi enga potta eiga.



# Sumarlegar sítrónur

***Sítrónur eru C- vítamínríkar og svo gleðja þær augað og veita birtu í kringum sig.***

Sítrónur voru í upphafi fágæt munaðarvara en nú skipta þær miklu máli í alls kyns matargerð



enda notast þær jafnt í kjöt- og fiskrétti sem í sæta eftirrétti og marmelaði.

**Hér er uppskrift að léttri og ljúffengri sumarköku.**

175 g sykur
175 g smjör
3 egg
250 g hveiti
1 tsk. lyftiduft
1 dl mjólk
rifinn börkur af hálfri sítrónu
safi úr einni sítrónu

Smjör og sykur er hrært létt og ljóst og eggjunum bætt í einu og einu í senn. Sítrónan sett út í. Þurrefnunum blandað saman og bætt útí í bland við mjólkina.

# HANSA EXPORT: Ódýrasti 5% bjórinn fæst orðið víða

Þýski Hansa Export bjórinn er ódýrasti 5% bjórinn sem fáanlegur er í Vínbúðum hérlendis, kostar 167 kr. í 500 ml dósum. Miklar vinsældir hans urðu til þess að hann fluttist 1. júlí í svokallaðan kjarna Vínbúðanna, sem þýðir að hann er fáanlegur í flestum Vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Hansa er hefðbundinn gæðabjór, léttur Dortmunder-bjór sem er framleiddur af DAB í Dortmund í Þýskalandi. Dortmunder-bjór er ljósgullinn lagerbjór sem hefur meiri fyllingu og er nokkuð dekkri en pilsner-bjórar, notar minna af humlum og er þar af leiðandi mildari. Hansa Dortmunder er mjög ferskur og freyðir í hófi. Þar sem Hansa er lagerbjór er hann framleiddur við lágt hitastig og gerjun á sér stað á lengri tíma í botni tankanna en ekki á yfirborði, og fer eftir hinum frægu lögum frá 1516, Reinheitsgebot.Til að halda verðinu niðri er Hansa bjór ekki seldur frá framleiðandanum í kippum – enda í sjálfu sér ekkert mál að gripa körfu í næstu Vínbúð.




UPPSKRIFT ÞORFINNS



### Grillaður kóríander-, basil-límónukjúklingur og grillað grænmeti „Escalivada"

5 kjúklingabringur

**Kryddlögur:**
3-4 skeiðar Dijon sinnep
2-3 skeiðar hunang
ólívuolía, extra virgin
nokkrir sentímetrar engifer
hálfur hvítlaukur (já, ca. 6 rif)
2-3 grænir chili (þeir sem þora ekki, mega sleppa)
eitt búnt ferskur kóríander
eitt búnt fersk basilíka
2-3 teskeiðar mulinn kóríanderfræ
2-3 límónur

Hrærið saman sinnep og hunang. Bætið svo ólífuolíunni við, fyrst í dropum, svo í bunu, þannig að úr verði fallegur lögur.

Saxið smátt (eða setjið í matvinnsluvél) hvítlauk, engifer, chili, kóríander og basilíku og bætið því saman við. Rífið börk af límónum eins smátt og unnt er (passið að hvítan fari ekki með). Bætið við og kreistið límónusafa út í. Myljið kóríanderfræ í mortéli og hrærið allt vel saman.

Skerið kjúklingabringur í tvennt, setjið út í löginn og látið liggja í 1-2 klukkutíma. Þegar bringurnar eru grillaðar má svo gjarnan snúa þeim nokkrum sinnum og smyrja með leginum jafn harðan. Ef verður afgangur er ágætt að hita í potti og bæta við á diskana. Svo má gjarnan dreifa ferskum kóríanderlaufum yfir þegar kjúklingurinn er borinn fram.

**Grillað grænmeti – „Escalivada"**

3-4 púrrulaukar
2-3 rauðar paprikur
2-4 tómatar
1 kúrbítur (eða eggaldin)
2-3 hvítlauksrif
steinselja
ólífuolía

Grillið púrru og paprikur í heilu lagi við mikinn hita. Má gjarnan nánast kveikja í þeim og grilla þar til þær eru orðnar svartar að utan. Þá eru þær fjarlægðar, skinnið tekið af og síðan eru þær skornar í bita og settar á pönnu. Tómatar grillaðir, síðan skornir í bita og settir á pönnuna. Kúrbítur eða eggaldin er fyrst skorið í sneiðar og síðan grillað og þá bætt á pönnuna. Ólífuolíu bætt við, þá rifnum hvítlauk og allt látið malla í dágóða stund. Söxuð steinselja sett út í.



Veitingasalur B5.

# B5 í Bankastræti 5

***Veitingastaðurinn B5 var opnaður síðastliðinn föstudag og fyrirmyndin er skandinavískt bistro.***

Þorvaldur Skúlason eigandi staðarins segir að á B5 verði boðið upp á úrval smárétta ásamt a la carte-matseðli. „Hugmyndin er að einhverju leyti skandinavískt bistro, við erum með mikið úrval smárétta úr íslensku gæðahráefni og erum meðal annars með fersk jarðarber frá Flúðum með sykri og rjóma.

A la carte-matseðillinn er afar fjölbreyttur og svo erum við með mikið úrval af kaffi frá Kaffitári og margar tegundir víns í glösum, að ógleymdu úrvali af kokteilum. Í setustofunni eru svo blöð og bækur, bókahillan nær frá gólfi og upp í loft og er full af bókum sem gestir geta gluggað í. Þá eru teikniblöð og blýantar fyrir þá sem hafa gaman af að rissa myndir og að sjálfsögðu þráðlaust net. Hér verður áherslan á alslappað og ljúft andrúmsloft."

B5 tekur 55 manns í sæti og er reyklaus. Staðurinn er opinn til tólf á kvöldin frá sunnudegi til miðvikudags, til eitt á fimmtudögum og tvö föstudaga og laugardaga. ■



Þorvaldur Skúlason, eigandi B5, leggur áherslu á notalegt andrúmsloft.



Bókahillan er sneisafull af bókum sem gestir geta gluggað í.










# allt tilboð o.fl.

## Humar á grillið

Grillhumarinn í Nettó slær öll met í tilboðum þessa helgina. 400 gramma pakki af honum kostar 1.105 krónur og hefur lækkað úr 2.590.

**60%**






**FJARÐARKAUP** — Tilboðin gilda til 9. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Fjallalambs grillsneiðar | 798 | 1.298 | 798 | 40 |
| 4 hamborgarar m/brauði & 2 l coke | 398 | 498 | 398 | 20 |
| FK reyktar grill svínakótilettur | 1.998 | 2.398 | 1.998 | 15 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 995 | 1.659 | 995 | 40 |
| Svínahnakki, grillsteik popparans | 998 | 1.198 | 998 | 15 |
| Coke 4x2l + fótbolti | 398 | 756 | 398 | 45 |
| FK hrásalat 320 g | 88 | 148 | 275 | 40 |
| FK kartöflusalat 320 g | 88 | 148 | 275 | 40 |
| Grill lambaframpartsneiðar | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Sóma samlokur 3 teg. rækju, túnf., heilsub. | 148 | 186 | 148 | 20 |
| Jarðarber í boxi 200 g | 129 | 289 | 645 | 55 |
| Blómkál | 159 | 159 | 159 | |
| Steiktur kjúklingur | 598 | 789 | 598 | 25 |
| Kjörís ís ársins 1 l | 379 | 498 | 379 | 25 |
| Kjörís súperflaug frostpinnar 8 stk. | 259 | 337 | 32 | 25 |
| Cocoa puffs 553 g | 185 | 295 | 334 | 35 |
| Góu rúsínur 500 g | 198 | 298 | 396 | 35 |






**BÓNUS** — Tilboðin gilda til 10. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Papco eldhúsrúllur 2 stk. | 79 | 139 | 40 | 45 |
| Einnota grill | 95 | 199 | 95 | 50 |
| Einnota borðbúnaður | 99 | 159 | 99 | 40 |
| Handsápur 3X500 ml fljótandi | 299 | Nýtt | 100 | |
| Rækjur 1. fl. | 499 | 699 | 499 | 30 |
| Bónus kaldar samlokur | 98 | 129 | 98 | 25 |
| K.f hangiframpartur með beini | 699 | 699 | 699 | |
| Fjalla grill lambalærisneiðar | 1.395 | 1.779 | 1.395 | 20 |
| K.f grill lambaframpartssneiðar | 699 | 999 | 699 | 30 |
| Frosin jarðarber 750 g | 159 | 199 | 212 | 20 |
| K.f hrásalat 350 g | 98 | 159 | 280 | 40 |
| Bónus kaldar grillsósur 270 ml | 139 | Nýtt | 139 | |






**SPAR** Bæjarlind — Tilboðin gilda til 12. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lamba grillkryddaðar framhryggjarsneiðar | 989 | 1.598 | 989 | 40 |
| Lamba grillkryddaðar kótilettur | 1.098 | 1.698 | 1.098 | 35 |
| Lamba grillkryddaðar lærisneiðar | 1.198 | 1.798 | 1.198 | 35 |
| Lamba grillkryddaðar sirlonsneiðar | 989 | 1.298 | 989 | 25 |
| Vöffluduft 500 g Katla | 299 | 386 | 598 | 25 |
| Jarðarber 200 g | 129 | 189 | 645 | 30 |
| Blómkál | 148 | 255 | 148 | 40 |
| Lífrænt ræktaðir tómatar | 359 | 726 | 359 | 50 |
| Murray sykurlaust kex Cremes 184 g | 98 | 221 | 533 | 55 |
| T&K Java Mokka malað 400 g | 398 | 479 | 995 | 15 |
| T&K Java Mokka baunir 400 g | 398 | 479 | 995 | 15 |






**KASKÓ** — Tilboðin gilda til 10. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kryddsmjör m/hvítlauk stk. | 99 | 139 | 99 | 30 |
| Kryddsmjör m/jurtakryddi stk. | 99 | 139 | 99 | 30 |
| Kryddsmjör m/graslauk stk. | 99 | 139 | 99 | 30 |
| SS Caj P's lambatvírifjur | 985 | 1.698 | 985 | 40 |
| Bautabúrs pörusteik krydduð | 799 | 1.319 | 799 | 40 |
| Búrfells nauta-&lambahakk | 533 | 928 | 533 | 43 |
| BK lambasirlonsneiðar BBQ | 999 | 1.669 | 999 | 40 |
| BK morgunverðarpylsur | 628 | 1.047 | 628 | 40 |
| Gott kartöflusalat 350 g | 79 | 169 | 225 | 55 |
| Gott hrásalat 350 g | 79 | 169 | 225 | 55 |






**KRÓNAN** — Tilboðin gilda til 12. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| SS Caj P's lærissneiðar | 1.499 | 1.998 | 1.499 | 25 |
| Goða Vínarpylsur 10 stk. | 257 | 428 | 26 | 40 |
| Krónu kjúklingur, blandaðir bitar | 319 | 399 | 319 | 20 |
| Bautabúrs rauðvínslegnar svínalærissneiðar | 798 | 1.148 | 798 | 30 |
| Bautabúrs bacon bunki | 990 | 1.652 | 990 | 40 |
| Ora maísstönglar 535 g | 249 | 279 | 465 | 10 |
| Lambi WC pappír, hvítur 6 stk. | 299 | 398 | 50 | 25 |
| Fyrirtaks pizza, 3 tegundir 350 g | 399 | 489 | 1.140 | 20 |
| H&S sjampó, 4 tegundir 400 ml | 449 | 485 | 1.123 | 5 |
| SS svínahnakkasneiðar, kryddaðar | 769 | 1.098 | 769 | 30 |

**nettó** — Tilboðin gilda til 10. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bautabúrs BBQ grísahnakkasneiðar | 929 | 1.539 | 929 | 40 |
| Bautabúrs lambasneiðar | 399 | 589 | 399 | 30 |
| Goða grillsagaður lambaframpartur | 399 | 639 | 399 | 40 |
| Íslandsfugl leggir magnpk. | 294 | 599 | 294 | 50 |
| BK grísakótilettur djúpkryddaðar | 965 | 1.609 | 965 | 40 |
| BK Jalapeno pylsur | 628 | 1.047 | 628 | 40 |
| BK skólaskinka 165 g pk. | 92 | 183 | 92 | 50 |
| Humar 1. fl. stór 400 g | 1.105 | 2.590 | 2.763 | 60 |
| Pepsi max 2 l | 99 | 169 | 99 | 40 |
| Pepsi 2 l | 99 | 169 | 99 | 40 |






**NÓATÚN** — Tilboðin gilda til 13. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambainnralæri | 1.998 | 2.998 | 1.998 | 35 |
| Steinbítskinnar, roð- og beinlausar | 958 | 1.198 | 958 | 20 |
| Móa kjúklingur heill | 389 | 598 | 389 | 35 |
| Búrfells brauðskinka | 769 | 1.098 | 769 | 30 |
| Goða beikonbúðingur | 299 | 668 | 299 | 55 |
| Nóatúns ís, 4 tegundir | 399 | 498 | 399 | 20 |
| Snittubrauð/baguette | 129 | 215 | 129 | 40 |
| Mix 2 l | 99 | 225 | 50 | 55 |
| Ch.Town pizza, 2 tegundir 340 g | 299 | 499 | 879 | 40 |
| Prins Póló, 4x52 g | 299 | 319 | 1.438 | 5 |

**Þín verslun** — Tilboðin gilda til 13. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Tex Mex Kjúklingavængir | 250 | 499 | 250 | 50 |
| Kjúklinga grillleggir m/ jurtakryddi | 350 | 699 | 350 | 50 |
| 10 SS pylsur, tómats., sinnep og remolaði | 769 | Nýtt | 769 | |
| Miðjarðarhafs kryddaður grísahnakki | 1.072 | 1.429 | 1.072 | 25 |
| Hunt's BBQ kryddaðar lærissneiðar | 1.598 | 1.998 | 1.598 | 20 |
| Capri Sonne appelsínusafi 10 stk. | 279 | 359 | 28 | 20 |
| Toffy pops kex 150 g | 129 | 177 | 860 | 25 |
| Snap Jack kex 300 g | 159 | 198 | 530 | 20 |
| Emmessís hnetutoppar 4 stk. | 399 | 455 | 100 | 10 |

**HAGKAUP** — Tilboðin gilda til 10. júlí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalundir í lofttæmdum umbúðum | 1.599 | 2.298 | 1.599 | 30 |
| New Orleans bbq svínarif | 1.239 | 1.549 | 1.239 | 20 |
| Kjötb. svínakótilettur | 891 | 1.295 | 891 | 30 |
| Myllu samloku-stórbrauð gróft 500 g | 99 | 169 | 99 | 40 |
| Myllu samloku-stórbrauð fínt 500 g | 99 | 169 | 99 | 40 |
| Holta kjúklingalæri fersk í magnpk. | 419 | 599 | 419 | 30 |
| Holta kjúklingaleggir ferskir í magnpk. | 419 | 599 | 419 | 30 |

# Föt á smáfólkið í frönsku búðinni

***Barnaföt eru á verulega lækkuðu verði í frönsku búðinni Du Pareil au meme á Laugavegi 17.***

„Við erum með mikið úrval af alls kyns barnafatnaði í stærðum 0-14 á útsölunni," svarar afgreiðslustúlka þegar hún er spurð út í útsöluvarninginn. Hún telur upp kjóla, skokka og drengjabuxur sem allt er selt með 50% afslætti, peysur og jakka á 40%,afslætti, boli á 30% afslætti og samfellur á 20% afslætti. Þá viljum við verðdæmi og hún nefnir regnjakka í ýmsum litum sem voru áður á 1.890 krónur en fást nú á 1.134 krónur og drengjabuxur sem áður kostuðu 2.990 krónur en eru nú á 1.495 krónur. Náttföt, pils og nærföt eru líka á útsölunni og nú er hægt að gera góð kaup.



GÍTARINN ehf.
Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • Sími: 552-2125
gitarinn@gitarinn.is • www.gitarinn.is
*** NÝ SENDING ***
Þjóðlagagítar
poki, ól, DVD kennsludiskur, neglur, stilliflauta, auka strengir
kr. 12.900,-
Opið: Mán-Fös kl. 10-18 • Lau kl. 11-16




# Sportlegur stíll á dömur og herra

***Frjálslegur fatnaður til daglegra nota á útsölu í Redgreen á Laugavegi 1.***

„Þetta er þægilegur fatnaður til daglegra nota í frekar sportlegum stíl bæði á dömur og herra," svarar afgreiðslukonan í versluninni Redgreen á Laugavegi 1 þegar hún er innt eftir vöruúrvalinu á útsölunni sem hófst á miðvikudag. Hún segir mikið um hvít og beislit föt á slánum og því sé þetta fallegur sumarfatnaður. Sömuleiðis föt úr gallaefni.

Veittur er 25-50% afsláttur af öllum vörum og hún nefnir sem dæmi sumarlegar dömubuxur úr bómullarefni sem áður kostuðu 8.900 krónur en fást nú á 6.675 og herraskyrtur úr bómull sem voru á 6.900 krónur en eru komnar niður í 5.175.



# Fyrir stangveiðina

***Veiðivörur fyrir stangveiðimenn eru á útsölu í ferða- og útivistarversluninni Everest í Skeifunni 6.***

Af útsöluvarningi í Everest má nefna vöðlur sem koma sér heldur betur vel þegar haldið er til veiða. Þær eru úr 4 mm þykku neopreneefni. Á þeim er 30% afsláttur og er þá verðið 6996 kr. Þá má nefna veiðihjól sem heitir Shinobi 3550 og er sjö legu opið spinnhjól. Það var á 6.990 kr. en er nú á 4.495. Einnig má geta þess að allar Fast Action flugustangirnar eru með 40% afslætti í Everest og eru á verði frá 10.794 kr. og upp úr.

# Gulur rauður grænn og blár

***Útsala er í versluninni Bella Donnu Í Hlíðasmára 11 í Kópavogi.***

Í Bella Donnu er hafður sá háttur á útsölunni að litamerkja allar vörur eftir því hversu mikill afsláttur er af þeim. Gulur þýðir 15% afsláttur, rauður 20%, grænn 25%, blár 30% svartur 35% og appelsínugulur 40% afslátt. Bella Donna (sem þýðir fögur kona) sérhæfir sig í stærðunum 42-60 en afgreiðslufólkið tekur fram að viðskiptavinurinn sé alltaf aðalnúmerið.





Trúlofunar hringar
Jon & Óskar
Laugavegi 61 • Sími 552 4910
www.jonogoskar.is









# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16

brimborg Taktubíl

Til sölu FH12 460 hö, árg. 2000, 6x4 dráttarbíll með svefnhúsi. Ekinn 305 þús. km. Vökvkerfi fyrir sturtuvagn. Vel með farin og góður dráttarbíll. Verð kr. 4,0 milljónir án vsk. Upplýsingar í síma 515 7000 Brimborg eða í síma 893 4435.

Til sölu Scania R164 580 hö, árg. 2000, 6x4 dráttarbíll með topline svefnhúsi. Ekinn 450 þús. km. Vökvakerfi fyrir sturtuvagn. Aflmikill dráttarbíll tilbúinn í vinnu. Verð kr.4,9 milljónir án vsk. Upplýsingar í síma 515 7000 Brimborg eða í síma 893 4435.

Renault Megane Scenic, skrd.12/1999 e:109.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Mondeo, skrd.01/1997, e:92.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 630.000 kr. Tilboð 399.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Subaru Legacy GX station, skrd.03/2000, e:95.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.430.000 kr. Tilboð 1.090.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo S40 T5, skrd. 06/2004, e: 11.000 km. 2500cc, beinskiptur, 220 Hö. Ásett verð 3.490.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Subaru Forester, skrd. 10/1997, e:190.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 680.000 kr Tilboð 490.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Nissan Almera, skrd.12/1999, e:120.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 560.000,- kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

MMC Lancer 4x4, skrd.05/1999, e:123.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 780.000 kr.100% lán mögulegt S:515-7000.

Lexus RX300, skrd. 04/2003, e:31.000 km. 3000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.350.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000.

Ford Mondeo Ghia, skrd.11/1999, e:54.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 920.000 kr. Tilboð 690.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Daihatsu Cuore, skrd. 07/1999, e:58.000 km. 1000cc, beinskiptur, Ásett verð 420.000,- kr. 100% lán mögulegt S:515-7000.

Renault Megane Scenic, skrd.08/1998, e:144.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 660.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Opel Astra GL station, skrd.03/1997, e:100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 420.000 kr Tilboð 299.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Citroen C2 VTR, skrd. 11/2003, e: 25.000 km. 1600cc, sjálfskiptur, Ásett verð 1.250.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo S40, skrd. 04/2000, e:100.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.250.000 kr. Tilboð 990.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Galloper, skrd.10/1998, e:180.000 km, 2500cc, diesel, beinskiptur. Ásett verð 930.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Fiesta, skrd. 10/2003, e: 19.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.290.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Land Rover Defender DC VSK-bíll!! 6-manna, skrd. 08/2004, e: 26.000 km, 2500 cc, beinskiptur. Ásett verð 3.190.000 Kr. S:515-7000

Ford Focus station, skrd.02/2003 e: 41.000 km, 1600 cc, beinskiptur. Ásett verð 1.390.000 Kr Tilboð 1.190.000 kr 100 % lán mögulegt S:515-7000

Renault Megane Scenic, skrd.02/1999, e:111.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 850.000 kr Tilboð 590.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford KA, skrd.01/2000, e:38.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 520.000 kr Tilboð 390.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Explorer Executive, skrd.08/2001, e:104.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.400.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Peugeot 406 station, skrd.10/2001, e:68.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.460.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Opel Vectra station, skrd.08/1998, e:93.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 830.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo S40 SE-Line, skrd.09/2003, e:30.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.340.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Citroen C4, skrd.02/2005, e:2.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.850.000 kr Tilboð 1.599.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo V50 AWD “NÝR BÍLL”, skrd.05/2005, e:1.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.090.000 kr S:515-7000

Volvo XC90, skrd.06/2004, e:22.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.570.000 kr Tilboð 5.270.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Expedition XLT Sport, skrd.07/2004, e:13.000 km, 5400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.890.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Honda Civic LSi, skrd.06/1997, e:149.000 km, 1500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 690.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Renault Kangoo. skrd. 04/1999, e:84.000 km, beinskiptur. Ásett verð 640.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Vw Vento, skrd. 09/1996, e:131,000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr Tilboð 490.000 kr Tilboð 299.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo V70 LPT-Turbo, skrd.01/2003 e:33.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.150.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Nissan Primera, skrd.10/1999, e:65.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 760.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Escort station, skrd.07/1998, e:117.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 420.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo 744, skrd.06/1987, 2316cc, e:265.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 250.000 kr. Tilboð 120.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Peugeot 307 SW Break, skrd.01/2004, e:37.000 km, 2000cc, diesel, beinskiptur. Ásett verð 2.090.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Focus High Series, skrd.10/2000, e:100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 910.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo V70 XC “CrossCountry”, skrd.05/2004, e:23.000 km, 2521cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.590.000 kr Tilboð 4.390.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Isuzu Trooper, skrd.01/2001, e:113.000 km, 3000cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.490.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

VW Passat Turbo, skrd.08/1999, e:127.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.090.000 kr Tilboð 790.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Peugeot 307 SW, skrd.09/2004, e:17.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.820.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



# SUMAR 2005

*[ vertíðin háð veðurfarinu ]*



## STUTT AÐ FARA

### Að skreppa á baðströnd með stuttum fyrirvara er gulls ígildi.



„Ég man vel eftir Nauthólsvíkinni í gamla daga þegar nánast ekkert var búið að gera fyrir staðinn og fólk kom hingað eftir böllin á næturnar. Breytingin er virkilega til bóta, mér finnst mjög fínt að geta verið með strönd og gylltan skeljasand svona norðarlega á hnettinum. Það væri reyndar ekki hægt án heita vatnsins, enda finnst dóttur minni notalegt að baða sig hérna,“ segir Þóra Þórsdóttir, sem naut sólar í Nauthólsvíkinni ásamt með dóttur sinni, Freyju Vigdísi Garred. Þóra er í leyfi á Íslandi, en er annars búsett í Guildford í Surrey í Englandi. „Það tekur mig langan tíma að komast niður á strönd frá Guildford í Englandi, en hérna er þetta ekkert mál, tekur aðeins um 10-15 mínútur að komast niður á Ylströndina í Nauthólsvík hvaðanæva úr bænum.“


FLOTT

Saumastofa að Hafnargötu 61, beint á móti Flug hótel.

Tökum að okkur breytingar, viðgerðir og sérsaumum fyrir dömur og herra

Opið frá kl. 13 til 18 alla virka daga. Sími 487 5959.
Fljót og góð þjónusta

**Verið velkomin.**

**Jarðvinnuverktakar - vélaleiga**

Gerum tilboð í stór og smá verk.
Sími 478-2454
tölvupóstur haholl@simnet.is
vinnum verkið þitt

traffic
DISCO SPORTBAR
HAFNARGÖTU 30 - KEFLAVÍK
Dúndrandi stemmning allar helgar!
IT'S MILLER TIME.





Þeir sem eru á leið um landið látið ekki undir höfuð leggjast að heimsækja tónlistarsafn Jóns K.R. Ólafssonar á Bíldudal

Icelandtaxi.com






**Ertu á leið í fríið?**

Tilboðsferðir til og frá Leifsstöð

1 - 4 farþegar kr 7.500.-
5 - 8 farþegar kr 9.500.-

geri einnig tilboð í lengri ferðir
sími: 892-0501




Tómas Ó. Guðjónsson segir að Guttormur sé því miður orðinn ansi aldinn og endalokin nálgist hjá honum.

# Guttormur fer að kveðja

***Tómas Ó. Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og Húsdýragarðsins, varar við því að nautið Guttormur sé orðið ansi aldið og endalok þess nálgist óðfluga.***

„Æskilegt er fyrir garð eins og þennan að brydda upp á nýjungum á hverju ári. Undanfarin ár höfum við bætt við mjög vinsælum þáttum svo sem vísindaveröldinni, sjávardýrasafninu og leiktækjum fyrir smákrakka eins og til dæmis hoppipúða sem við fengum um miðjan maí síðastliðinn sem slegið hefur í gegn hjá yngri kynslóðinni,“ segir Tómas Ó Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og Húsdýragarðsins.

Garðurinn tók til starfa árið 1989 og hefur því verið starfræktur í hálfan annan áratug. Tómas hefur verið forstöðumaður frá opnun garðsins, en hann er líffræðingur að mennt. „Ég hef alltaf verið mikill áhugamaður um dýr og tilkynnti foreldrum mínum hátíðlega þegar ég var fimm ára að ég ætlaði að veita dýragarði forstöðu. Ég tók líffræði frá HÍ af einskærum áhuga en á sama tíma og ég var að útskrifast auglýsti borgarráð Reykjavíkur eftir rekstrarstjóra í áformuðum Fjölskyldu- og Húsdýragarði. Árið 1989 var ég ráðinn til verksins og æskudraumur minn rættist.“

Parísarhjól eitt er mikið áberandi í garðinum, en það var fyrst sett upp í vor. „Parísarhjólið er í leigu og við erum búin að gera áframhaldandi leigusamning næsta sumar. Von er á enn einni viðbót nú í sumar sem kölluð verður „Þrumufleygur“. Það er tæki sem verið er að smíða fyrir okkur vestanhafs, það fyrsta sinnar tegundar í Evrópu. Við ætlum að reyna að halda í goðafræðina og verður þrumuguðinn Þór þar tekinn fyrir. Hvað önnur framtíðaráform varðar, eru uppi áætlanir um stækkun garðsins um fimm hektara til suðurs. Komið er vilyrði frá Reykjavíkurborg um að útvega garðinum þetta svæði sem nýtt verður undir fræðsludeild, vísindaver og sjávardýrasafn.“

Aðsókn að garðinum hefur verið vaxandi ár frá ári. „Þegar garðurinn var opnaður fengum við 75.000 gesti það árið sem var langt umfram væntingar. Í dag koma um 200.000 gestir árlega, megnið af þeim fjölskyldufólk. Rekstri garðsins er þannig háttað að fyrir fimm árum gerðum við þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Í honum fólst að garðurinn fékk aukið sjálfstæði gegn því að borgin legði fram 5% minni fjárhæð árlega. Okkur hefur á þeim tíma tekist að auka tekjurnar og stækka garðinn að umfangi þrátt fyrir að framlag borgarinnar hafi minnkað. Fyrir fimm árum var framlag borgarinnar 60 milljónir en hefur minnkað umtalsvert á þessum fimm árum. Íslenska nautið Guttormur hefur alltaf mikið aðdráttarafl, enda er hann skapgóður með afbrigðum og sérlega vinsæll meðal yngri kynslóðarinnar. En ansi hræddur er ég um að Íslendingar verði að undirbúa sig andlega undir brotthvarf hans á líðandi ári, hann er orðinn ansi aldinn og hefur gefið mikið eftir í ár,“ segir Tómas.

# Miklu heitari en erlendis

***Afþreying er sífellt stærri þáttur í huga fólks og þeim fjölgar alltaf sem eyða meiri tíma í sundlaugum landins sem þykja með þeim bestu í heiminum.***

„Í Reykjavík eru sjö almenningssundlaugar og fjórtán á öllu höfuðborgarsvæðinu. Í þessar sjö laugar í Reykjavík erum við að fá tæplega 1.900.000 gesti á ári. Fyrir aðeins sjö árum síðan, eða 1998 var þessi aðsóknartala 1.400.000. Gestum lauganna hefur því fjölgað um hálfa milljón á þessum tíma,“ segir Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri og markaðsstjóri íþróttamála hjá ÍTR.

„Íslendingar eru miklu duglegri að sækja sundlaugar heldur en útlendingar. Ástæður þess eru miklu leyti þær að gjald í sundlaugarnar er mjög lágt á Íslandi og horfa verður til þess að við höfum hér ódýrt heitt vatn sem gerir okkur mögulegt að hafa laugarnar óvenju heitar. Heita vatnið gerir það að verkum að margir erlendir gestir sækja laugar hérlendis, enda finnst þeim mjög



Rennibrautirnar eru skemmtilegar, fyrir börn og fullorðna.

ódýrt af fara hérna í sund og skilja ekki hvernig við getum haft laugarnar með 29 gráðu hita árið um kring. Þeir eru öðru vanir, algengt er að hitinn í laugum erlendis sé á bilinu 17-18 gráður.

Sundlaugar í dag er orðnar miklu meira en bara tækifæri til að synda. Þær eru núorðið orðnar miklu meiri kynning til líkamsræktar, slökunar og vellíðunar. Almenningur fer ekki endilega í laugarnar til að synda ákveðna vegalengd. Hann fer þangað beint úr vinnu til að vinda ofan af sér eða notar laugina sem hentugt leiksvæði. Við reynum að byggja aðstöðuna þannig upp að allir ættu að geta fundið eitthvað sér við hæfi. Allar eru laugarnar í Reykjavík með eimböð og ýmsa aðra afþreyingu svo sem rennibrautir eða önnur leiktæki fyrir börn.“



Komur í laugarnar í Reykjavík eru næstum því tvær milljónir á ári hverju.




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.820.000 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.
Bílasamningur 21.599 kr.

# Vertu í öruggu formi. Veldu C4.

Sagan segir að Frakkar leggi meira uppúr gæðum en magni og orðið magn sé ekki lengur til í orðaforða þeirra. Sagan bendir á franska elskhuga því til sönnunar. Frakkar vita hinsvegar að gæðin felast í fjölda þeirra eiginleika sem heildina skapa. Þess vegna eiga þeir Chateau de Versailles, Channel No5, Claude Monet og Citroën C4.

Veldu aðeins það besta - sjáðu Citroën C4 - öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4, kynntu þér eiginleika hans - notagildið og þú sérð að mikið af því góða er best. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën C4, franskan munað.



Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn frá upphafi: 35 stig. Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallegt og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 Öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Aksturstölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- ESP stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

## Mikið af því góða er best

## Komdu í Brimborg - veldu Citroën á sumartilboði



C3 SX 5 gíra 1,4i 75 hö*
Kaupverð 1.419.000 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Bílasamningur 16.840 kr.



Berlingo Multispace 5 gíra 1,4i 75 hö*
Kaupverð 1.559.000 kr.
Rekstrarleiga 28.900 kr.
Bílasamningur 18.502 kr.



C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.589.000 kr.
Rekstrarleiga 28.600 kr.
Bílasamningur 18.606 kr.



C4 COUPÉ SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.790.000 kr.
Rekstrarleiga 31.300 kr.
Bílasamningur 21.244 kr.



C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.820.000 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.
Bílasamningur 21.599 kr.



C5 SX sjálfskiptur 2,0i 143 hö*
Kaupverð 2.410.000 kr.
Rekstrarleiga 42.300 kr.
Bílasamningur 28.602 kr.



Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8i 117 hö*
Kaupverð 1.859.000 kr.
Rekstrarleiga 34.000 kr.
Bílasamningur 22.069 kr.



C8 SX Sjálfskiptur 2,0i 138 hö*
Kaupverð 2.999.000 kr.
Rekstrarleiga 53.900 kr.
Bílasamningur 35.892 kr.

**Komdu í Brimborg. Upplifðu franska hönnun.
Skoðaðu Citroën – ekta franskan munað.**



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl.mynt karfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C3 er álfelgur, þokuljós og samlitun; af C4 er álfelgur; af Berlingo er þokuljós; af C8 er álfelgur og samlitun; Xsara Picasso er álfelgur og samlitun.

# Gylltur fjörusandur

***Ylströndin í Nauthólsvík er vinsæl af fjölskyldufóki og upplagt að koma þangað í góðu veðri með börnin.***

„Aðstaðan hérna fyrir fjölskyldufólk er mikils virði. Ég er alin upp úti á landi, nánar tiltekið á Eskifirði á Austfjörðum og var þar vön að komast niður í fjöru í óspilltri náttúru. Hér innan höfuðborgarinnar er ekki hægt að komast í hreina náttúru og þar sem þessi aðstaða hérna er byggð af mannahöndum nær hún því aldrei að verða eins góð. En ég neita því ekki að hingað er samt gaman að koma með börnin og leika sér í gylltum fjörusandinum. Dóttir mín kemur hingað reyndar mun oftar en ég, því leikskólinn hennar á tíðar ferðir hingað. Hún er alltaf að segja mér sögur af stórkostlegum ferðum sínum hingað,“ segir Berglind Gísladóttir sem var að leik á ylströndinni í Nauthólsvík ásamt dóttur sinni, Hildi Jóhönnu Kristjánsdóttur.



Hildur Jóhanna Gísladóttir kemur oft á ylströndina í Nauthólsvík með leikskólanum sínum, en var að þessu sinni í fylgd móður sinnar, Berglindar Gísladóttur.


Hjálpum hreyfihömluðum að njóta náttúrunnar

Styrktarsíminn er
901 5001
Eitt símtal – 1.000 krónur
Við þurfum þinn stuðning!

989 BYLGJAN
Ísland í bítið kl. 7-9
Íþróttasamband fatlaðra

Seyðisfjörður
Einungis 20 mín. akstur frá Egilsstöðum
Listahátíðin Á Seyði
Viðburðir allt sumarið
Einstök náttúra, menningarminjar við hvert fótmál og fjölbreytt þjónusta við ferðamenn.
www.seydisfjordur.is

Café Riis 1897
restaurant · bar · pizza
Hólmavík
Sími: 451 3567
www.caferiis.is





Viltu smíða silfurhring?

Einar Esrason rekur opið gullsmíðaverkstæði þar sem fólk getur fengið að spreyta sig og fylgst með honum vinna. Smíðar alhliða skartgripi og minjagripi.
Kíkið í bæinn.

**Hvammstangi, Húnaþing vestra**
**Eyrarland 1 • Sími: 451 2811 og 869 8143.**





Hreðavatnsskáli,

veitingar við þjóðveginn
í 72 ár




Fjöldi gesta Ljósanátta á síðustu árum hefur verið á bilinu 20-30.000.

# Stjörnuspor Reykjanesbæjar

***Ljósanætur hafa verið haldnar í Reykjanesbæ síðastliðin fimm ár og verða sífellt stærri að umfangi.***

„Að venju verður mikið lagt í Ljósanætur í Reykjanesbæ. Hátíðin verður í fjóra daga, frá fimmtudegi fram á sunnudag dagana 1.-4. september. Við höfum alltaf lagt áherslu á að öll stærri atriði og uppákomur séu ný af nálinni þó að hátíðin verði með svipuðu sniði og síðustu ár,“ segir Steinþór Jónsson, formaður og upphafsmaður Ljósanótta Keflavíkur, nú Reykjanesbæjar.

„Markmið Ljósanáttanna í Reykjanesbæ er að skapa jákvætt bæjarfélag sem vekur samkennd hjá okkur og löngun annarra til að sækja okkur heim. Reykjanesbær hefur á síðustu fimm árum tekið miklum stakkaskiptum og því fögnum við ásamt gestum á Ljósanótt. Í ár verður opnunarhátíð á fimmtudeginum við nýja glæsilega íþróttaakademíu sem tekur til starfa á þessu ári. Þar fjölmennum við með skóla- og íþróttafólki sem og fylgja ýmsir viðburðir tengdir íþróttum í kjölfarið. Föstudagurinn einkennist af opnun listsýninga og annarra tónlistarviðburða og reiknum við með að öll skemmtihús bæjarins verði þéttsetin af áhugafólki um tónlist og tónlistarmenningu.

Hápunktur Ljósanótta í ár er á laugardeginum eins og áður. Þá flöggum við öllu því sem til er í viðleitni til að gera daginn sem glæsilegastan. Reiknað er með 30-50 listviðburðum um allan bæ, ásamt leiktækjum og öðru slíku sem fylgir slíkum hátíðardegi. Þá hefur verið venja að vígja framkvæmdir og reiknað með að tvær slíkar athafnir verði á laugardeginum auk þess sem við afhjúpum stjörnuspor Reykjanesbæjar. Björgunarsveit Suðurnesja verður með mikla tækjasýningu í samvinnu við Brunavarnir Suðurnesja, lögreglu og aðra aðila. Hápunktur laugardagsins er skemmtun á útisviði um kvöldið. Þar verður þéttskipuð dagskrá sem lýkur með glæsilegri flugeldasýningu við upplýst bergið í Keflavík. Aðaláhersla sunnudagsins verður samkirkjuleg samverustund og sagnakvöld, nýr viðburður á



Dagskrá laugardagsins lýkur með veglegri flugeldasýningu.

Ljósahátíð.
Ljósanótt hóf göngu sína árið 2000 þegar kveikt var á berginu í Keflavík. Þá náði hátíðin eingöngu yfir einn laugardag og 10.000 manns tóku þátt sem þótti mikill mannfjöldi í þessu bæjarfélagi. Á þeim fimm árum sem síðan eru liðin hefur hátíðin vaxið ört. Nú nær hátíðin yfir í fjóra daga og fjöldi gesta hefur verið á bilinu 20.-30.000 manns.“ Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðunni www.ljosanott.is .



## SALTFISKSETRIÐ DREGUR AÐ

Í hugum margra er Grindavík fyrst og fremst einn öflugasti útgerðarbær landsins. Hins vegar er blómstrandi menningarlíf á svæðinu, íþróttalífið er öflugt og margt hægt að gera sér til afþreyingar.

„Mikill uppgangur varð í þjónustu við ferðamenn með uppbyggingunni við Bláa lónið og tilkomu Saltfisksetурs Íslands í Grindavík. Saltfisksetrið segir sögu saltfiskverkunar frá árinu 1772 og hingað kemur fjöldi manns á þessa skemmtilegu sýningu. Hér í Saltfisksetrinu er listsýningarsalur, en hann var opnað í september 2002. Sýninguna setti Björn G. Björnsson upp, en hann var um árabil einn meðlima í Savannatríóinu,“ segir Hrönn Kristjánsdóttir safnvörður í Saltfisksetri Íslands hjá Upplýsingamiðstöð Grindavíkur. „Við erum hér frá Grindavík með ferðir með fararstjórum og leiðsögn um allt Reykjanes með bílum, reiðhjólum eða fótgangandi. Sömuleiðis óvissuferðir, ratleiki og jarðfræðiferðir um Reykjanesið. Kjartan Kristjánsson er hér með Hellaferðir, en hér í nágrenni Grindavíkur er nóg af hellum. Verið er að byggja hótel og meðferðaraðstöðu við Bláa Lónið á nýjum stað þar sem baðgestir eru alveg öruggir og öll aðstaða verður eins og best verður á kosið. Undanfarin ár hefur ferðamönnum fjölgað verulega í Grindavík, en það er aðallega ört vaxandi þjónustu að þakka. Hér eru nokkur veitingahús, gistihús, hótel og tjaldstæði, ný útisundlaug með heitum pottum, heilsuræktarsal og gufubaði, verslanir, bankar, bílaleigur og öll nauðsynleg þjónusta. Margt er hægt að gera sér til afþreyingar. Hér er hestaleiga, silungsveiði og góður 13 holu golfvöllur í skemmtilegu umhverfi við sjóinn. Hægt er að fara í sjóstangaveiði eða útsýnissiglingu. Margar merktar gönguleiðir eru í nágrenni Grindavíkur fyrir þá sem hafa gaman af göngu í fallegu og stórbrotnu landslagi. Grindavík er skammt frá Keflavík í aðeins 50km. fjarlægð frá Reykjavík og því tekur aðeins skamma stund að aka hingað frá höfuðborginni.“




# kínakálssalat

## með núðlum

- 1 kínakálhöfuð, fremur stórt
- 1 pakki skyndinúðlur
- 100 g sykurbaunir (má sleppa)
- 75 g kasjúhnetur
- 3 msk. olía (t.d. sólblómaolía)
- 3 msk. sojasósa
- 2 msk. balsamedik
- 2 msk. sykur

Kínakálið skorið í mjóar ræmur og sett í stóra skál. Núðlurnar muldar gróft og settar í aðra skál ásamt sykurbaununum. Vatn hitað að suðu, hellt yfir og látið standa í 3-5 mínútur en síðan er núðlunum og baununum hellt í sigti og látið renna vel af þeim. Baunirnar þurfa ekki meiri suðu. Blandað saman við kínakálið, ásamt kasjúhnetunum. Olíu, sojasósu, balsamediki og sykri þeytt saman, hellt yfir og blandað vel. Þetta salat er gott með ýmsum austurlenskum mat en einnig með t.d. steiktum kjúklingi og soðnum eða steiktum fiski.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS GRA 28565 06/2005

Fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á www.islenskt.is

## AÐSTAÐA FYRIR ALLA

*Göngubrautirnar á höfuðborgarsvæðinu eru mikið notaðar.*

„Aðstaðan hérna er mjög góð fyrir mig, ég á auðvelt orðið með að komast góðan hring í gegnum bæinn. Ég var mjög duglegur í fyrra að nota þessa aðstöðu enda var ég þá að æfa mig fyrir ferð sem ég fór á Hellisheiðina," segir Arnar Klemensson. „Hjólaskautarnir eru alveg nýtt sport fyrir mér, þetta er í annað sinn sem ég skelli mér á þá. Það er mjög gott að nota göngubrautirnar hérna, ekki hægt að kenna þeim um að ég dett ansi oft," segir Stefanía Björnsdóttir. Arnar tók undir það. „Það er hárrétt hjá henni, hún er alltaf á hausnum en ég hef trú að því að þetta séu byrjunarörðugleikar. Þetta á allt eftir að koma hjá henni."



Arnar Klemensson og Stefanía Björnsdóttir.


# Mikið úrval fiskrétta á frábæru verði

*Prófaðu okkar vinsælu fiskispjót á grillið*

Fiskbúðin Vík ehf • Hringbraut 92 • 230 Keflavík

GOLFKLÚBBUR VATNSLEYSUSTRANDAR

***Er golfáhugi á þínum vinnustað?***

***Ef fyrirtæki þitt er með golfmót á dagskrá, hvort sem er fyrir starfsmenn eða viðskiptavini, þá gerum við þér tilboð í alla þjónustu, sem óskað er eftir t.d veitingar.***

***Allar frekari upplýsingar veitir Jörundur Guðmundsson. Símar: 424-6529 og 893-8700. golfskali@simnet.is***




Vinsælt er hjá fjölskyldufólki að grilla pylsur í einhverjum gróðurvinjum Heiðmerkur.

# Vinna alþjóðlegra umhverfisverndarsamtaka

***Í sumar hafa á annað hundrað starfsmenn haft nóg að gera í Heiðmörk við frágang á göngustígum og gróðurreitum.***

„Það er heilmikið um að vera í Heiðmörkinni. Við erum að leggja lokahönd á nýjan göngustig sem á að tengja austur- og vesturhluta Heiðmerkur," segir Herdís Friðriksdóttir, skógfræðingur hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Hann liggur frá Brandskrika í gegnum Þjóðhátíðarlund alveg að Hjalladal og verður þriggja km langur." Heiðmörk er langvinsælasta útivistarsvæði í nágrenni höfuðborgarsvæðins og má ætla að nærri 300.000 manns leggi leið sína þangað á ári hverju. Svæðið er mikið notað til dagsferða ýmis konar sem margar hverjar enda á einhverju grillsvæðinu. „Í dag eru sex grillsvæði í Heiðmörk og í sumar bættist nýtt grill við í Þjóðhátíðarlundi. Þetta er lundur sem byrjað var að gróðursetja í um miðja síðustu öld og er núna orðið mjög fallegt og skjólgott svæði.

Hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur starfa að jafnaði fimm manns en í sumar hafa starfað á annað hundrað manns í Heiðmörk. Þetta eru fyrst og fremst unglingar úr Vinnuskóla Reykjavíkur og frá Landsvirkjun sem vinna að göngustígagerð og gróðursetningu. Svo eru hópar frá Veraldarvinum sem eru alþjóðleg umhverfisverndarsamtök sem senda ungmenni út um allan heim til að vinna að umhverfismálum. „Þessir hópar hafa staðið sig svo vel í vor að við höfum mátt hafa okkur öll við að útvega þeim fleiri verkefni."

Næg verkefni eru fram undan hjá Skógræktarfélaginu. „Við erum að undirbúa skoðanakönnun sem fer fram meðal höfuðborgarbúa í sumar og haust. Þar spyrjum við fólk út í notkun þeirra á Heiðmörk og hvað það vilji fá út úr svæðinu. Mikilvægt er fyrir okkur að vita hvernig fólk notar Heiðmörk því við viljum auðvitað koma á móts við óskir gesta okkar," segir Herdís. Annað stórt verkefni sem fer af stað eru merkingar í Heiðmörk og fagna því eflaust margir. „Hver kannast ekki við að hafa villst í Heiðmörk," spyr Herdís en lofar að skiltum í Heiðmörk fjölgi mikið á næstunni.







**Queensland 6 manna**
*Fjölskyldu- braggatjald sem opnast á tvo vegu. Stórt fortjald með dúk (2 m lofthæð).*
**Sumartilboð 34.990 kr.**
*Verð áður 39.990 kr.*

Sumar



**Valencia Plus 5 manna**
*Fjölskyldu- kúlutjald með stóru og rúmgóðu fortjaldi (1,9 m lofthæð).*
**Sumartilboð 19.990 kr.**
*Verð áður 24.990 kr.*

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

# Esjan heillar

***Ferðafélag Íslands hefur það markmið að hvetja landsmenn til að ferðast um landið, bæði byggðir og óbyggðir. Vörumerki félagsins hefur verið lengri ferðir um óbyggðir en engu síður hefur Ferðafélag Íslands lagt áherslu á ferðir í þéttbýli.***

„Hvað varðar starfsemi Ferðafélags Íslands fyrir höfuðborgarsvæðið höfum við sérstaklega lagt áherslu annars vegar á Esjuhlíðar og hins vegar Heiðmörk. Ferðafélagið er í sumar með gönguferðir á Esjuna alla fimmtudaga klukkan 19:15 þar sem gengið er á Þverfellshorn," segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands.

„Allir þátttakendur og allir þeir sem ganga á Þverfellshorn og skrifa nafnið sitt í gestabók sem geymd er í útsýnisskífu FÍ, eru með í Esjuhappdrætti sem dregið er úr vikulega. Í verðlaun eru veglegir gönguskór og fyrstu vikuna sem þetta verkefni var í gangi, skráðu eitt þúsund manns sig í gestabækurnar. Ferðafélagið er með Göngugleði alla sunnudaga og þátttakendur mæta við Mörkina 6. Þeir koma sér saman um hvert halda skuli í nágrenni Reykjavíkur. Þær ferðir hefur FÍ boðið í tvö ár og njóta vaxandi vinsælda. Þátttakendur hafa verið á bilinu 5-50, allt eftir veðri og vindum. Ferðafélagið er einnig með fastar ferðir í Heiðmörk þar sem félagið á gróðurreit og þátttakendum er boðið að taka þátt í gróðursetningu eða grisjun svæðisins. Í Heiðmörk eru þrjár fastar ferðir á sumri, vorferð, miðsumarferð og haustferð.

FÍ er einnig með dagsferðir, kvöldferðir og nú það nýjasta – morgungöngur, en þær ferðir eru auglýstar með um viku fyrirvara. Þar má til dæmis nefna göngur um Laugaveg hinn skemmri sem liggur gömlu þvottaleiðina niður í Laugardal. Þá eigum við einnig í samstarfi við ýmis félagasamtök þar sem farnar eru sérhæfðar ferðir eins og t.d. fuglaskoðun með Fuglaverndunarfélaginu. Sú ferð er út í Hafnarfjörð og út á Reykjanesskaga. Þá er félagið með hellnaskoðunarferð í samstarfi við Hellnarannsóknarfélagið. Þær ferðir hafa mikið verið á Reykjanesi, Hellisheiði og í Borgarfirði. Þá hefur FÍ verið með ferðir í samstarfi við Íslenska Alpaklúbbinn í fjöll í nágrenni Reykjavíkur. Ferðafélagið á von á meira samstarfi við þá aðila.



Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, skyggnist til veðurs.

Meðal nýjunga hjá Ferðafélaginu eru t.d. hjólaferðir á Þingvöll þar sem siglt er yfir vatnið eftir túrinn og gengið síðasta spölinn heim að Valhöll. Til að auðvelda fólki að ferðast um þessi svæði hefur Ferðafélagið gefið út fræðslurit sem eru nú orðin tíu talsins. Nú í júní kom það nýjasta út sem heitir Eyjar í Hraunahafi. Það sýnir gönguleiðir milli Hringvegar á Hellisheiði og Suðurstrandavegar og Bláfjalla." Frekari upplýsingar um starfsemi Ferðafélags Íslands má nálgast á www.fi.is .














Brúin milli heimsálfa er yfir gjá sem myndast hefur vegna hreyfingar Evrópu- og Ameríkuflekanna.



Bátafloti Gríms Karlssonar í byggðasafni Suðurnesja er tilkomumikill.

# Brú milli heimsálfa

***Upplýsingamiðstöð Reykjaness er landshlutamiðstöð fyrir Reykjanesið og þar má fá nánari upplýsingar og ýmsa ókeypis bæklinga um svæðið.***

„Ferðamálasamtök Suðurnesja halda úti vefsíðu um Reykjanesið á slóðinni www.reykjanes.is . Áhugaverðir staðir fyrir ferðamenn á Reykjanesi eru m.a. Hafnaberg sem er einn besti staður á landinu til fuglaskoðunar og brúin milli heimsálfa, sem liggur yfir gjá sem myndast hefur vegna hreyfingar Evrópu- og Ameríkuflekanna. Þessi flekaskil ganga í gegnum Ísland alla leið frá Reykjanesi og norður í land,“ segir Hulda Björk Þorkelsdóttir, forstöðumaður bókasafns Reykjanesbæjar sem jafnframt gegnir hlutverki Landshlutamiðstöðvar.

„Til viðbótar má nefna Gunnuhver sem er skammt frá Reykjanesvita. Fjölmargt er hægt að finna sér til afþreyingar á Reykjanesi. Nefna má m.a. sjóstangveiði, hvalaskoðun, GoKart, köfun, stangveiði í Seltjörn og gönguferðir á eigin vegum eða með Strandgönguhópnum. Í Reykjanesbæ er meira áhugavert að finna en margir búast við. Þar má nefna t.d. Duus-húsið sem er menningarmiðstöð bæjarins, Sænska glerlist í Listasafninu, sýningu Poppminjasafns Íslands frá tímabilinu 1969-1979 í Gryfjunni og Bátaflota Gríms Karlssonar í aðalsal byggðasafns Suðurnesja. Einnig Víkingaskipið Íslending og Stekkjarkot.

Í Garði er Byggðasafnið aðal aðdráttaraflið en þar er sýning á munum sem tengjast búskaparháttum fyrr á árum, bæði til sjós og lands. Í Fræðasetrinu í Sandgerði er hægt að skoða botndýr, lifandi dýr í sjó- og ferskvatnsbúrum, uppstoppaða fugla, eggjasafn, steinasafn, plöntusafn og skordýrasafn. Í Vogum eru Snorrastaðatjarnir og Háibjalli meðal skráðra náttúruminja í Vatnsleysustrandahreppi. Þeir eru í göngufæri frá Reykjanesbrautinni. Varla þarf að nefna að Bláa lónið í nágrenni Grindavíkur er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins. Í nágrenni Bláa lónsins eru undur jarðfræðinnar kynnt á skemmtilegan hátt undir Eldborg, ráðstefnuhúsi Hitaveitu Suðurnesja.“

# ALDREI OF SEINT

## Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra hefur náð töluverðum árangri á þeim 20 árum sem það hefur starfað.



„Stór hluti ellilífeyrisþega hefur aldrei kynnst öðru á ævinni en vinnu og þrældómi og hefur aldrei komið nálægt mikilli hreyfingu eða íþróttum af neinu tagi. Það er í okkar hlutverki að kynna þeim þær íþróttir sem hæfa þeim og okkur hefur orði vel ágengt á mörgum sviðum,“ segir Guðrún Nielsen, íþróttakennari og formaður félags áhugafólks um íþróttir aldraðra. Félagið var stofnað árið 1985, en tildrög þess voru kynni stofnenda af starfsemi slíkra félaga á Norðurlöndunum.

„Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra hefur starfað undir kjörorðinu „Aldrei of seint.“ Í dag mæta aldraðir til okkar í íþróttagalla og íþróttaskóm, fólk sem aldrei kynntist íþróttum af neinu tagi á yngri árum sínum. Veðurfarið á Íslandi gerir það að verkum að margir íþróttaleikir eftirlaunaþega, sem vinsælir eru erlendis, hafa aldrei náð sér á strik utanhúss hér á landi. Þar kemur boccía fyrst í hugann, sem er gríðarlega vinsæll leikur utanhúss meðal eldri borgara. Boccía hefur þó náð fótfestu hjá eftirlaunaþegum hérlendis, en þá að mestu innanhúss. Keppni í þessari íþrótt hefur verið haldin árlega frá árinu 1995. Ratleikur var fyrst kynntur og æfður af fáleginu 1987 og hefur verið fastur liður síðan. Kynning á pútti hófst árið 1994 og hefur árlega verið haldið púttmót síðan með síaukinni þátttöku ár hvert. í Bláa salnum í íþróttahöllinni í Laugardal hefur verið haldið uppi leikfimi fyrir eldri borgara í mörg ár. Haldin hafa verið fjölmörg fræðslunámskeið, m.a. í hring- og hópdönsum, boltakasti, keilukasti, boccía, kubbakasti og leikfimi með teygju svo eitthvað sé nefnt.
Nýverið sendum við áskorun um allt land til bæjarfélaganna um að opna íþróttahús sín fyrir aldraða. Undirtektir við beiðni okkar hafa verið af öllu tagi, bæði jákvæðar og neikvæðar. Þess þarf vart að geta að öll vinna félagsmanna er hugsjón og kauplaus með öllu.“





Jónatan Garðarsson er hér við vörðu í Hafnarfirðinum sem kemur við sögu í Ratleiknum.

# Hugmynd kviknaði í Noregi

***Ratleikurinn í Hafnarfirði hófst fyrir 10 árum þegar Pétur Sigurðsson, skógræktarmaður og útivistarmaður, hjó til leik sem hann hafði kynnst í Noregi.***

„Ratleikurinn byggist á að leita að ákveðnum stöðum eða póstum með upplýsingum, safna þeim saman og skila úrlausnum í lok sumars. Þegar Pétur kynnti hann til sögunnar, fór hann af stað með Ratleikinn í samvinnu við ferðamálayfirvöld í Hafnarfirði og byrjaði mjög smátt,“ segir Jónatan Garðarsson, framkvæmdastjóri Ratleiks í Hafnarfirði.

„Fyrsti Ratleikurinn var einungis ljósrit af landakorti þar sem krossar voru merktir með númerum. Einu upplýsingarnar sem fylgdu með voru að leita átti að merki og vísbendingarnar voru mjög einfaldar. Ratleikurinn hefur síðan undið upp á sig og farið hefur verið út í vinnslu betri kortagrunns. Fyrir fimm árum var ákveðið að gefa nánari upplýsingar um hvern stað fyrir sig. Gefnir eru upp fróðleiksmolar sem fylgja hverjum stað, skráðar leiðarlýsingar, bætt við gömlum þjóðleiðum og fleira í þeim dúr. Tilgangurinn sá að búa til skemmtilegan fjölskylduleik sem jafnframt er fræðandi um umhverfið. Í dag er þessi leikur orðinn verulega umsvifamikill og 6.000 kort eru gefin út á hverju ári.

Staðirnir í Ratleiknum breytast á hverju ári og því taka menn þátt í honum ár eftir ár. Fróðleikurinn er nú orðinn býsna mikill sem safnast hefur saman í gegnum þennan leik og nú á 10 ára afmælinu finn ég fyrir miklum spenningi og áhuga. Þá sérstaklega meðal barna og yngra fólks sem helgast af því að nú hefur verið lögð áhersla á hella, fylgsni og skúta sem yngri aldursflokkar hafa sérstaklega gaman af.“

Ratleikurinn hófst þann fyrsta júní sl. og stendur fram til 19. september. „Hægt er að taka þátt í leiknum þó að hann sé þegar hafinn. Lausnum á að skila inn þann 19. september og vel er hægt að koma inn í leikinn fram að þeim tíma. Leikurinn er í þremur þyngdarflokkum og lögð eru út 28 þrautaspjöld. Þeir sem leysa átta af þeim taka þátt í Léttfetaflokki. Þeir sem leysa 20 spjöld komast í Göngugarpaflokk og Þrautakóngar kallast þeir sem leysa öll spjöldin. Um 20-40 manns hafa náð alla leið á síðustu árum en ég hef trú á því að þeir gætu orðið fleiri núna. Þeir sem vilja taka þátt í þessum skemmtilega leik geta nálgast Ratleikskortið í þjónustuveri Hafnarfjarðar að Strandgötu 6 eða í verslunum og íþróttamiðstöðvum.“

# Hlutfall Íslendinga vaxandi

***Hvalaskoðunaryrirtækið Hafsúlan, hóf starfsemi sína í Keflavík.***



Hvalur í návígi er tilkomumikil sjón.

„Fyrirtækið hóf starfsemi árið 1998 og þá vorum við með hvalaskoðun frá Keflavík í Reykjanesbæ. Í Keflavík vorum við fyrstu þrjú árin með bátinn Gest sem tók 38 farþega. Hann þótti óþarflega stór á þeim tíma. Síðan hefur hvalaskoðun í öllum heiminum vaxið, ekki hvað síst á Íslandi og strax á þriðja ári var þessi bátur orðinn of lítill,“ segir Guðmundur Gestsson, framkvæmdastjóri Hafsúlunnar.

„Þá var farið út í að kaupa skip sem tekur 150 farþega og stefnan tekin á að kaupa farþegaskip. Fyrir valinu varð tvíbytnan Hafsúlan. Í framhaldi af kaupunum á Hafsúlunni var starfsemin flutt til Reykjavíkur. Flutningurinn var fyrst og fremst vegna þess að skipið var of stórt til að gera út frá Keflavík og einnig vegna þess að flytja þurfti alla farþega í rútu frá Reykjavík til Keflavíkur. Hvalaskoðunin sjálf tekur um þrjá tíma, en væri um 5-6 tíma ef gert væri út frá Keflavík. Fyrirtækið fjárfesti fyrir nokkru í gamla loðnuskipinu Fífil sem búið er að breyta í upplýsingamiðstöð. Partur af starfseminni er að skoða sig um þar áður en farið er í hvalaskoðunarferðir.

Yfir 90% gesta okkar eru útlendingar en hlutfall Íslendinga er vaxandi. Sá bátur sem við byrjuðum á í Keflavík er notaður fyrir sérferðir í hvalaskoðun, sundasiglingar og sjóstöng, en töluvert er um þær ferðir.“














GEIMSTOFAN.IS / FREMRI









LYKILL AÐ LÍFSGÆÐUM!



Í Sandgerðisbæ finnurðu lykil að lífsgæðum!

Fjölbreytt atvinnuframboð, fjölskylduvænt umhverfi, hátt þjónustustig, lægstu þjónustugjöld á landinu, mikið lóðaframboð, frábærar samgöngur á landi, í lofti og á legi, frístundabyggð, gjöful fiskimið, stuttar vegalengdir – og umfram allt: Vinalegt umhverfi og ljúft viðmót nágrannanna. Er hægt að biðja um það betra?

Vertu velkomin(n)!

www.sandgerdi.is

SANDGERÐISBÆR
INNAN SEILINGAR

KASKO

Húsavík

X 97·7 Enginn viðbjóður




**Sund og sæla á Þórshöfn**

Sundlaug heitir pottar, eimbað þreksalur kaffi nettenging og við.
Kveðja úr íþróttamiðstöðinni á Þórshöfn.



Hvalaskoðunarbáturinn Elding fer í 2-3 ferðir á hverjum degi.

# Verða ekki varir við samdrátt ferðamanna

*Fyrirtækið Elding hvalaskoðun ehf. sem gerir út frá Ægisgarði var stofnað árið 2000 og þetta er því sjötta sumarið sem fyrirtækið er starfrækt.*

„Við byrjuðum að gera út frá Sandgerði en fluttum eftir tvö ár á höfuðborgarsvæðið og fengum aðstöðu við Ægisgarðinn í Reykjavík. Þetta er því fjórða sumarið sem við gerum út frá höfuðstað landsins. Við gerum aðallega út á hvalaskoðunarferðir og erum með 2-3 ferðir daglega mánuðina apríl – október,“ segir Rannveig Grétarsdóttir framkvæmdastjóri Eldingar. „Einnig höfum við boðið fólki upp á sjóstangveiði, en þeim ferðum fer stöðugt fjölgandi. Við komum alltaf við í Akurey en talið er að þar séu um 15.000 pör af lunda á tímabilinu 15. maí til 15. ágúst. Ferðamönnunum þykja lundarnir næstum eins merkilegir og hvalirnir og hafa mjög gaman af komunni til Akureyjar. Farþegafjöldinn hjá okkur hefur farið stöðugt vaxandi frá árinu 2000, en þá var farið með tæplega tvö þúsund farþega í hvalaskoðun. Nú í ár stefnir í að við fáum 20.000 farþega. Þrátt fyrir fækkun ferðamanna til landsins í sumar þá sjáum við fram á enn meiri aukningu viðskiptavina. Um 90% af þeim hafa verið erlendir ferðamenn, en Íslendingum fjölgar alltaf og starfsmannahópar sem hafa farið með okkur í grill og sjóstöng í ár eru farnir að nálgast hundraðið. Þessa dagana erum við að setja upp nýja aðstöðu í höfninni þar sem við verðum með upplýsinga- og miðasöluhús þar sem gestir okkar geta sest niður og fengið sér kaffi, kíkt í blöð og á netið á meðan beðið er eftir bátunum.“ Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu fyrirtækisins, elding.is .




HÓTEL Ólafsvík

Sími 431650 fax 4361651
email hotel.olafsvik@simnet.is

vorum að opna glænýjar studioíbúðir
í tilefni þess bjóðum við gistingu fyrir tvo og 3 rétta kvöldverð
hússins á kr 12,900




**Ferðamenn - Erum við Goðafoss**

Minjagripir og póstkort
Bensín og olíur
Matvörur af ýmsu tagi

**VERSLUNIN GOÐAFOSS**
**641 Húsavík • Sími 464-3261 opið 8.30 - 22.00**




Ystafelli 3
641 Húsavík
Sími: 464 3133

Opið alla daga frá 10 til 20
Email: ystafell@simnet.is
Veffang: www.ystafell.is

# Meir en 30 ára aldursmunur

***Upphaf félagsins má rekja til ársins 1973 þegar nokkrir félagar voru að hlaupa í kringum Háskóla Íslands við slæmar aðstæður. Smám saman drógust þeir inn á Melavöllinn og fóru að spila fótbolta.***

„Knattspyrnufélagið Lunch United var aldrei stofnað formlega en hefur þróast í gegnum árin. Meðal þátttakenda í upphafi voru nokkrir úr skíðadeild Fram sem voru að styrkja sig fyrir átök vetrarins. Út frá þessu brölti urðu til tvö íþróttafélög, skíðadeild Fram og knattspyrnufélagið Lunch United,“ segir Eiríkur Jónsson, sem hefur verið virkur í félaginu Lunch United frá árinu 1986.

„Maður þekkti mann og í þennan hóp voru alltaf að detta inn og út einstaklingar, aðallega þeir sem hafa eitthvað komið nálægt knattspyrnu á einhvern máta, áhugamenn og gamlir menn úr meistaraflokki. Þegar gervigrasið var tekið í notkun áramótin 1985-86, varð stökkbreyting á aðstæðum félagsins sem að sjálfsögðu flutti starfsemi sína þangað. Lunch United gerði strax samning um afnot af vellinum þrjú hádegi í hverri viku, mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga. Það hefur alltaf verið mikil hreyfing á félagsmönnum inn og út, menn eldast eins og gengur og gerist eða flytja burt, missa áhugann eða heilsuna. Í Lunch United spila menn á öllum aldri, allt frá undir þrítugt og sá elsti er kominn yfir sextugsaldurinn. Meðal félagsmanna nú má telja Ásgeir Sigurvinsson, Arnór Guðjohnsen og Eyjólf Sverrisson.

Fyrir nokkrum árum átti sér stað heilmikil endurnýjun og hafa félagarnir verið um 50 um nokkurra ára bil. Komast færri að en vilja og um nokkurt skeið hefur verið sett stopp á nýja þátttakendur. Fyrir utan fótboltann eru ekki mikil samskipti, enda koma þátttakendur úr öllum áttum. Þetta eru eins og skyndikynni, við komum þarna saman í eina klukkustund og eigum góða stund saman áður en leiðir skilja að nýju. Einu sinni á ári er haldinn aðalfundur, en þá koma þátttakendur saman og spila leik, fara eftir það í Bláa lónið, borða góða máltíð og halda aðalfund þar sem kosin er ný stjórn.“



Á þessari æfingu Lunch United má þekkja marga þjóðþekkta einstaklinga, Víði Sigurðsson, Eirík Jónsson, Sigmund Erni Rúnarsson, Eyjólf Sverrisson, Þorstein Ólafsson og Jón Braga Bjarnason.



Eiríkur Jónsson reynir að krækja fram hjá Guðmundi Hilmarssyni.


Þjónustumiðstöðin
Vegamót
Sími: 435 6690 · Fax: 435 6790

Besti bitinn í bænum
Nætursala um helgar
PYLSU VAGNINN
SELFOSSI
við brúarendann

Norðlendingar
Ferðafólk
Mikið úrval af
grill fiski og grillkjöti
Flottasta grillborð landsins
Grillspjót margar gerðir
SÆLKERABÚÐIN
KJÖT & FISKUR
KAUPANGI



Laxasteikur á grillið
30% AFSLÁTTUR
Verið velkomin
Opið Sími: 461 3222
VIRKA DAGA 10:30-19:00
LAUGARDAGA 12:00-18:30

Sértilboð frá
Húsbílafélaginu og Norrænu
Sumarferð





Færeyjar

Þórshöfn er minnsta höfuðborg í Evrópu. Á eyjunum sem eru 18 býr ein minnsta þjóð í heimi, um 47.000 manns. Frá Þórshöfn eru góðar samgöngur til allra eyjanna, sem bjóða hvern og einn velkominn sem vill kynnast þessum litla heimi.
Lesið meira um Færeyjar á www.tourist.fo/www.faroeislands.com

Hjaltlandseyjar

Í landslagi Hjaltlandseyja skiptast á stórfenglegir klettar, langar sandstrendur og fallegar heiðar. Hjaltland er þekkt fyrir fuglabyggðir, fornleifafjársjóði og heillandi menningararf. Meðal annars má finna, fjölda golfvalla í stórbrotnu umhverfi, tónlistarviðburði, hátíðir, söfn og gallerí, kastala og rústir, tómstundasetur, sundlaugar, ásamt frábærum veitingastöðum og krám. Það er óþarfi að taka fram að héðan eru smáhestarnir "Shetland pony" upprunnir og eru ennþá meðal helstu tákna fyrir eyjarnar.
Lesið meira um Hjaltland á:
www.visitshetland.com

25% staðfestingargjald þarf að greiðast við bókun og eftirstöðvar einum mánuði fyrir brottför. Við bókun þarf að gefa upp nöfn farþega, kennitölur, símanúmer, heimilsfang, bílgerð, hæð/lengd og skráningarnúmer. Við greiðslu þarf að koma fram nafn á hópnum og nöfn aðila.



Hjaltlandseyjar
18. - 25. ágúst
26.900

Brottför frá Seyðisfirði 18. ágúst kl. 12:00 og komið til Leirvíkur föstudaginn 19. ágúst kl. 21:00. Brottför frá Leirvík 24. ágúst kl. 01:30 (aðfaranótt miðvikudags 24. ágúst) og komið til Seyðisfjarðar 25. ágúst kl. 08:00.

Verð pr. mann miðað við að tveir bóki sig saman og gisti í kynjaskiptum 4m. klefa (inn)
**Innifalið:** Sigling og gisting, einn húsbíll fyrir hverja tvo sem bóka í 4m. klefa. Hámarkslengd er 7 metrar. Aukagjald umfram 7 metra húsbíls er kr. 5.800 pr. meter en ekki er greitt fyrir aukahæð. Aukalega á mann í 4m klefa (út) kr. 5.000. Aukalega á mann í 2m klefa (út) kr. 17.000 Ath: Takmarkað framboð á klefum



Færeyjar
25. ág. - 1. sept.
22.900

Brottför frá Seyðisifirði 18. ágúst kl. 12:00 og komið til Færeyja föstudaginn 19. ágúst kl. 05:00 Brottför frá Þórshöfn 31. ágúst kl. 18:00 og komið til Seyðisfjarðar 1. sept kl. 08:00.

Verð pr. mann miðað við að tveir bóki sig saman og gisti í kynjaskiptum 4m klefa (inn)
**Innifalið:** Sigling og gisting, einn húsbíll fyrir hverja tvo sem bóka í 4m klefa. Hámarkslengd er 7 metrar. Aukagjald umfram 7 metra húsbíls er kr. 4.800 pr. meter en ekki er greitt fyrir aukahæð. Aukalega á mann í 4m klefa (út) kr. 4.000. Aukalega á mann í 2m klefa (út) kr. 15.000 Ath: Takmarkað framboð á klefum

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is

SMYRIL LINE ÍSLAND
Sætúni 8 · 105 Reykjavík · Sími: 570 8600 · Fax: 552 9450
www.smyril-line.is · email: info@smyril-line.is

BETRI STOFAN


„Það var ekki eins og ég hefði verið að drekka mikið. Mér fannst ég vera alveg skýr í kollinum. Nennti ekki að standa í einhverju veseni með að skilja bílinn eftir.“
Þessi frásögn er byggð á raunverulegum atburðum.
ÁHÆTTAN ER ALDREI ÞESS VIRÐI!
UMFERÐARSTOFA
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3161

## 1-2 milljónir



Santa Fe 2700cc 2001, ekinn 67.000 km, verð 1.870 þ. Krókur, grjóthlíf, sportljós, brettakantar. Sími 897 3877.



Mazda 3T, ekinn 23.000, 1600cc, verð 1.550 þ. Dökkar rúður, sumar og vetrardekk. Sími 861 2016.

Til sölu Land Rover Freelander árg. '00. Ekinn 100 þús. 5 gíra, bensín. Verð 1.130 þús. Uppl. í síma 694 8373.



Til sölu vel með farinn Grand Cherokee Limited með öllum þægindum árg. 1998 ekinn 120.000 km. Verð 1,5 m, áhvílandi 970. Uppl. í s. 696 9045 skipti möguleg á ódýrari .



Daihatsu Terios skrd. 13/01/98, ekinn 132 þ. Aðeins 2 eigendur. Ný kúpling, ný tímareim, ný dekk. Er eins og nýr. Bílallán 279 þ. Afb. aðeins 13 þ. á mán. Verð 480 þ. Uppl. í síma 487 5838 & 892 5837.

## 2 milljónir +



Verðstríð í USA. Nú er gaman að kaupa bíl. Nú er hárétti tíminn í að kaupa sér amerískan gæðing á kostakjörum starfsmanna bílaframleiðanda USA. Sendu okkur tölvupóst, óskir um bíl og verð á www.automax.is.



Dodge Magnum SE árg. '05, Ekinn 17 þ. Km. Verð 3.850.000 Uppl. í síma 694 3308.

Til sölu BMW 330 XTD 4x4 árg. 2002, mjög öflugur disel bíll sem eyðir litlu. Ekinn 118 þús. Verð 3.750 þús., áhv. 2.300 þús. Skipti möguleg. Uppl. í síma 898 1829.

## Bílar óskast

Toyota Avensis eða Toyota Corolla árg. 2002-2004 óskast í skiptum fyrir VW Passast 1800 árg. '98, 5 gíra, ek. 88 þús. Millgjöf stgr. Uppl. í s. 897 9938.

Óska eftir bíl á 150 til 200 þús. Helst sjálfskiptum, má þarfnast viðgerða. Sími 699 1300.

Óska eftir bíl í skiptum fyrir góðan Ford Taurus station '93 Verð 350 þús.+ 200 þús. milligjöf. Sími 698 6300.

Ódýr bíll sk. '06 óskast. Helst Toyota eða þ.v.l. Hámark 120 þ. Sími 659 8617.

Óska eftir ódýrum bíl á ca 0-70 þús. allt kemur til greina. Uppl. í síma 661 3548.

Óska eftir 3 línu BMW árg. '85-'91, 320, 323 eða 325. Skoða allt. Sími 892 4504 Einar.

Vantar góðan bíl í skiptum fyir Grand Cherokee Limited (550 þús.) árg. '93 & Volvo 850 árg. '95, (450 þús.) tilbúinn að borga eitthvað í peningum á milli. Uppl. í síma 847 0414.

Ódýr bifreið óskast!! Bifreið fyrir ca 15-50 þ. stgr. Má þarfnast smá lagfæringa. S. 844 6609 & 552 3404.

## Jeppar



Range Rover '92 en kemur á götuna '94 ekinn 170 þús. Ný dekk. Flottur bíll. Verðhugmynd 730 þús. Uppl. í síma 892 3248.



Grand Cherokee flottur dekurbíll '93 ekinn 108 þ. mílur. V. 490 þús stgr. Þarf að seljast v. flutnings. Uppl. í s. 897 6515.

## Vörubílar

Til sölu Scania 140 árg. '74 til niðurrifs, gangfær. Upplýsingar í síma 892 7929.

## Húsbílar



Fiat Dukato 2.0 árg. 2004 ek. 8 þús. Markísa, cd ofl. Einn með öllu. S. 845 0365 & 893 5719.



VW Karmann Húsbíll 1991, 2,4 TURBO D. Ekinn 190 þús. Útlit og ástand MJÖG gott, afturdrifinn. Verð 1.870 þús. S. 897 6204.



Til sölu nýr Ahorn camp T665 einn með öllu. Verð kr. 5.690.000. S. 848 2727. www.perlur.is.



Til sölu nýr Ahorn camp T560, verð kr. 4.390.000þ S. 848 2727. www.perlur.is.

Ford Econoline '86 húsbíll. Með ísskáp, miðstöð og vask. Uppl. í s. 897 7632 & 566 7232.

## Mótorhjól






Suzuki RM-Z 250 árg. '04-'05. Ek. 30 tímar. Eins og nýtt. S. 899 4923.



KTM 520 EXC 2001. Götuskráð og í topp standi. Verð 550 þús. Uppl. í síma 860 9242.

Óska eftir Honda CBR 600 eða 900RR eða sambærilegum hjólum. Skoða allt. Uppl. í síma 846 9067.

Yamaha V-Star 1100 árg. '00. Með mikið af aukahlutum. Verð 850 þ. stgr. Ekkert prútt og aðeins áhugasamir. S. 843 0747, Palli.

Til sölu Jawa 350 götuhjól. Nr. 2 í framleiðslu, árg. '81, hjól í toppstandi. Verðhugmynd 100-120 þús. Uppl. í s. 849 5458.

Icebike auglýsir. www.icebike.is.

## Fjórhjól

Til sölu Kawasaki Mojo '87, mikið yfirfarið. Verð 100 þús. Sími 695 4054.

## Hjólhýsi



ENKA hjólhýsi með hitara, eldavél, ísskáp, WC og fortjaldi. Kynningarverð kr. 1.080.000 með VSK. Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta hf. Járnhálsi 110 Rvk. Sími 580-0200



Pólskt hjólhýsi til sölu, með sólarsellu og fortjaldi. Upplýsingar í síma 844 5524 & 581 4889.



Til sölu Hobby 400SF. Árgerð 2005. Nýtt og ónotað lúxushús með föstu rúmi. Frábært verð aðeins 1.450 þús. Möguleiki á fortjaldi frá Isabella. Uppl. í síma 849 6004.



Örfá hjólhýsi eftir á þessu frábæra verði frá kr. 1.440 þús. 700 -1000 kg. á þyngd. Tilbúinn í fríið. Hentugt fyrir fólksbíla. Toppbílar Klettháls 2, S. 587 2000.

Til sölu Hobby 460UFE. Árgerð 2005. Nýtt og ónotað lúxushús á góðu verði, aðeins 1.670 þús. Uppl. í síma 846 0395.

Hjólhýsi til sölu Sprite 1967, nothæft, til sýnis við Hellu. Verð 60 þ. stgr. Sími 854 0974 & 865 0935.

## Fellihýsi



Palomino Colt árg. '99. Með fortjaldi, svefntjöldum, nýr rafgeymir ofl. Vel með farið í góðu standi. Verð 580.000. S. 892 0986.

Til sölu Viking 1906 Epic. Nýskráð 28.05.2004. Lítið notað og lítur út sem nýtt. Uppl. í síma 840 0073.

Palomino Yearling árg. 2003. Margir aukahlutir. Vel með farinn og lítið notaður. Uppl. í síma 822 5991.

Palamino Colt árg. '03, upphækkað með fortjaldi, svefntjöldum, miðstöð, rafmagn 220 og 12v, grjótgrind, sólarsella, WC, bremsur og fl. Verð 990 þús. S. 565 1707 & 862 1707.

Til sölu fortjald á 9 feta fellihýsi. Ca 50 þús. Uppl. í síma 893 4136.

Tracker fellhýsi 9 f. nýskr. '02 sama og Palomino Colt með fortjaldi og ísskáp. Verð 680.000 Uppl. í síma 895 1348 & 868 5277.

Til sölu Coleman Cheyenne fellihýsi árg. 2004 10ft. með kistu. Uppl. í síma 899 3717.

14 feta Coleman Fellihýsi árg. '92 m/nýju fortjaldi, baðherbergi m/WC og sturtu, heitt og kalt vatn, bakarofn, ísskáp m/frystihólfi, hefur alltaf verið geymt inni á veturna, er lítið notað og einstaklega vel með farið. Verð kr. 650.000. Uppl. í síma 896 6068.

Viking fellihýsi árg. 2000 til sölu. Mjög vel með farið, fortjald, sólarsella, 2 gaskútar og fl. S. 696 1021.

Colman Taos til sölu '98 með rafmagni 220 W. í góðu standi, uppl. í síma 893 1183 & 866 4504.

## Vinnuvélar







Mikið úrval af minni bensín og disel rafstöðvum á lager. Sérpantanir á stærri stöðvum sniðnar að óskum kaupenda. Upplýsingar hjá sölufulltrúum Merkúr hf. 824-6063 og 824-6061.



Gerni 400GTA 200 bör, 930l/klst. Aðeins kr. 99.900 án vsk. kr. 124.376 m. vsk. Jötunn Vélar ehf. Austurvegur 69 Selfoss s. 480 0400. www.jotunn.is

## Tjaldvagnar




Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi. KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.

Combi Camp árg. '91 til sölu, með fortjaldi, beisliskassa, eldhúsi og búnaði. Verð tilboð. Uppl. í síma 840 2141

Til sölu Combi Camp family árg. '89, með nýju fortjaldi, stór geymslukassi fylgir, góður vagn, lítur vel út. Uppl. í s. 896 3201.

Combi Camp til sölu með fortjaldi á fjöðrum, ásett verð 160 þús. Uppl. í s. 868 9520.

Óska eftir Camp-let tjaldvagni gegn staðgreiðslu. Sími 898 3689.

Til sölu Camp-let Concord '92 verð 350 þús. Uppl. í síma 692 2980.

## Lyftarar



Allar gerðir af vinnulyftum til leigu. Góð tæki & betra verð. Armar ehf s. 565 4646 & 660 1700. www.armar.is



Yale árg. 2000 3ja hjóla, 1,8 tonn, 3.596 vinnustundir. kr 900.000 S. 898 5463.




**Brettatjakkar 2500 kg frábært verð 27.500 án vsk. Partur-Spyrnan-Lyftarar ehf Eldshöfða 10 S. 585 2500.**

**Bátaland, allt til báta.**
Utanborðsmótorar, bátahlutir, dælur, öryggisbúnaður, bátar, þurrkubúnaður og margt fleira.
**Bátaland, Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði S. 565 2680, www.bataland.is**

## Bátar






Til sölu ál-kanó léttir og meðfærilegir, aðeins 32 kg. Stöðugir og viðhaldsfríir, þola geymslu útivið allan ársins hring. S. 895 1826 & 566 7887. hjakrissa@simnet.is

Handfærasökkur til sölu, mjög gott verð. Uppl. í s. 462 6512 & 897 9999. Akureyri.

Til sölu Johnson utanborðsmótor, 15 hö, seltuvarinn. Einnig til sölu 2ja ára gömul Singer saumavél. Uppl. í síma 431 1348.

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar




Óska erftir 16", 5 gata og 8" breiðum álfelgum. Uppl. í s. 892 0427.

Til sölu 4 notuð jeppadekk. BFGoodrich 33x12,50 R15LT Slitin cc 2/3 Verðhugmynd 10 þús. Uppl. í s. 894 0497.

4 stk. Michelin Primacy 205/55 R 16 notuð sumardekk. Verð kr. 20.000. S. 555 3154 & 691 3154.

## Ýmislegt



www.sjostong.is skemmtiferðir. Sími 898 3300.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Gluggatjaldahreinsun og tækniþrif.**
Hreinsum flestar gerðir gluggatjalda t.d rimla, strimla og plíserðuð. Einnig sjónvörp, tölvur, lyklaborð o.fl. sót af brunamunum.
**Bónbræður ehf, Hjallahrauni 8, s. 699 8403 & 896 5066 www.bonbraedur.is.**

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir. Uppl. í s. 824 1455 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

## Garðyrkja







**Túnþökur.**
Túnþökurúllur, túnþökur og holtagróður ávallt fyrirliggjandi
**Túnverk ehf. 892 3666 Gylfi Jónsson**

**Garðsláttur og umhirða.**
Njóttu sumarsins og láttu mig sjá um garðinn. Tek að mér slátt og almenna umhirðu að garðinum, fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög.
**Kem á staðinn og geri tilboð að kostnaðarlausu.**
**S. 869 3028.**
**Ásmundur.**




**Sími: 698 2020**
Garðsláttur, klippingar og önnur garðvinna. Sumarkveðja! Draumagarðar draumagardar@vortex.is

**Tökum garðinn í gegn!**
Sláum gras, klippum/fellum tré, hreinsum beð, eitrum tré og túnfífla, þökuleggjum, og margt margt fleira. Gerum góð tilboð. Síminn alltaf opin.
**Sláttumenn -Garðaþjónusta.**
**Þórhallur s. 846 0864 Hjörleifur s. 868 2667**

**Vorfáni - Hellulagnir**
Varmalagnir og drenlagnir ásamt tengingum. Tiltekt í görðum og önnur verk.
**S. 892 9141 eða 861 9142.**

Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@simnet.is

**Túnþökusala**
Túnþökur til sölu. Gerum tilboð í minni og stærri verk. Steini.s. 663 6666/663 7666

Tökum að okkur hellulagnir og ýmis önnur verk. Steinaflatir Uppl. s. 699 8826.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930

## Málarar

**Málningarþjónustan Fagurhús.**
Tek að mér alla almenna málningarþjónustu, sérhæfi mig í bröttum þökum. Þakrennu og sprunguviðgerðir. Uppl. í s. 849 1580.

## Meindýraeyðing




Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald




Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

## Stífluþjónusta




**Stífluþjónustan ehf**
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Röramyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Tölvuvandamál? Kem á staðinn. Viðurk. af Microsoft. Mikil reynsla. Ríkharður s. 898 0690, til kl. 23 alla daga.

## Dulspeki-heilun

Andrea spámiðill verður í bænum frá 6-11 júlí. Geri tarot, rúnir og spái í bolla. uppl. 893-1854 & 564 3356

## Spádómar

**Alspá 908-6440**
Finn týnda muni. Andleg hjálp, Ráðgjöf, nýjar leiðir, NLP. Y. Carlsson.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Hanna 908-6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

**Englaljós til þín.**
Ertu óhamingjusöm/samur? Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908-5050. Lára & Laufey.

Stendur þú á tímamótum? Spái í spil og bolla. Uppl. í s. 587 8786 & 847 5524, Nína.

Spái í spilin með ykkur. Tímapantanir í s. 691 8504. 100 kr. mín. Hildur.

## Iðnaður




## Rafvirkjun




## Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjs.is

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Innanhúsviðgerðir og nýlagnir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709. Lítil bið.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 heilsuval@topdiet.is

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife á toppnum í 25 ár! Shapeworks-Nouri Fusion www.arangur.is s. 586 8786.

## Snyrting

Fótaaðgerðarfræðingur/nuddari. Herbergi til leigu á lítilli snyrtistofu í Hafnarfirði. Uppl. í s. 820 4706 & 892 2970.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.



Stór hornsófi til sölu. Verð aðeins 65 þús. Uppl. í s. 692 6318.

Rúm til sölu 200x160 cm á 15 þús. Uppl. í s. 699 3343.

Borðstofuborð úr kirsuberjavið stærð 140x140 cm ónotað. S. 820 8990.

## Heimilistæki

Vestfrost ísskápur til sölu. Árs gamall með 2ja ára ábyrgð. Silfraður með ál hurðum. 50.000 kr. s. 899 0393.

## Dýrahald

**Hundabúr-Hvolpagrindur**
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Til sölu fallegir Stóra-Dan hvolpar á góðu verði. Upplýsingar í síma 892 8028.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



**Fjölskylduparadís**
Stór og góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og hjólhýsi. Sundlaug, veiði, strandblak og fótbolti. Gisting og veitingar. FRÍTT í sund fyrir dvalargesti. Hótel Eldborg, Snæfellsnesi www.hoteleldborg.is & s. 435 6602.

**Besta varðveitta leyndarmálið.**
Verið velkomin að Reykhólum. Jónsbúð, sími 434 7890.

Hestaleigan Fjallhestar Úthlíð Biskupstungum. Opin 11 -17 alla daga nema sunnudaga. Sími 486 8770. Nánar sjá www.uthlid.is

## Gisting

**Köben**
3ja herb. íbúð til leigu á Norrebrö ca 15 mín. á Strikið. Leigist frá sólahring til mánuð. Uppl. í síma 567 7843 & 694 5446.

## Byssur

Browning á Íslandi! Sjóbúðin á Akureyri s. 462 6120, sjá www.sjobudin.is

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




37% af öllum fluguveiddum laxi í Norðurá tók Frances til 4. júlí www.frances.is.

Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

# TIL SÖLU/ÞJÓNUSTA









# Nýtt símanúmer

## hjá dreifingu:




# 550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT




allt

Allt um mat
á föstudögum
í Fréttablaðinu.



---

VICTOR

## Kvöld og helgarvinna í boði á skemmtilegum vinnustað.

Okkur vantar hressa dugnaðarforka á bar og í sal.
Sendu okkur línu með helstu upplýsingum á
tommi@cafevictor.is

---

# KÓPAVOGSBÆR

## Frá Lindaskóla

- **Umsjónarkennara vantar til starfa á yngsta stigi á komandi skólaári.**

Laun samkv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.
Upplýsingar gefur skólastjóri, Gunnsteinn Sigurðsson í síma 861 7100

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Sjá ennfremur: ***www.kopavogur.is*** og ***www.job.is***

---

365

**Óskum eftir jákvæðum og hressum starfskrafti í þjónustuver okkar í 100% starf/fullt starf**

Starfið felst að mestu í sölu á smáauglýsingum í Fréttablaðið og DV en þjónustuverið sér einnig um skiptiborð og móttöku.

Um er að ræða framtíðarstarf.

Umsóknir berist á smaar@frettabladid.is merktar „Þjónustuver" fyrir 24. júlí 2005.

sýn digital ísland DV FRÉTTABLAÐIÐ

---



# Framtíðarstarf og sumarafleysingar

AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar.Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum.

Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is upplýsingar gefur Ríkarð í síma 693-5602.

AÐFÖNG

---

# Röskur sölumaður

**Sælgætisgerð óskar eftir að ráða röskan sölumann strax.**

Upplýsingar í síma: 588-3665.

---

pósthúsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

**Á virkum dögum:**

**101-14** Hverfisgata
**101-21** Blómvallagata, Brávallagata, Hringbraut, Ljósvallagata, Ásvallagata
**101-29** Fossagata, Hörpugata, Reykjavíkurvegur, Skerplugata, Þjórsárgata, Þorragata
**101-44** Bræðraborgarstígur, Drafnarstígur
**101-45** Blómvallagata, Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-49** Aðalstræti, Lækjargata, Pósthússtræti, Tryggvagata
**104-14** Drekavogur, Hlunnavogur, Njörvasund, Sigluvogur
**105-04** Háteigsvegur
**105-07** Flókagata
**105-18** Barmahlíð, Miklabraut
**105-40** Hamrahlíð, Stigahlíð
**107-01** Hringbraut
**107-02** Reynimelur
**107-06** Grenimelur
**107-07** Birkimelur, Reynimelur, Víðimelur
**107-08** Tómasarhagi
**107-10** Dunhagi, Fálkagata, Smyrilsvegur, Þrastargata
**107-26** Grandavegur
**110-17** Urriðakvísl, Álakvísl
**110-18** Birtingakvísl, Bleikjukvísl, Bröndukvísl, Stangarhylur
**111-23** Rjúpufell
**112-11** Logafold
**112-36** Bakkastaðir
**113-08** Gvendargeisli
**113-09** Grænlandsleið, Jónsgeisli
**170-02** Lambastaðabraut, Nesvegur, Tjarnarból, Tjarnarstígur
**200-58** Auðbrekka
**210-01** Haukanes, Þrastanes
**210-04** Kríunes, Súlunes, Þernunes
**210-28** Garðatorg, Heiðarlundur, Hofslundur, Kirkjulundur
**210-31** Brekkubyggð
**270-22** Reykjabyggð, Reykjamelur

---



# REYKJAVÍKURGOÐORÐ

## ALMENNUR FUNDUR

Fundur Reykjavíkurgoðorðs verður haldinn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík Laugardaginn í 12. viku sumars, þ. 9. júlí 2005.

## Dagskrá

1. **Ávarp Jörmundur Ingi Reykjavíkurgoði**
2. **Ræddar verða lagabreytingar sem nauðsynlegt gæti verið að gera vegna væntan legrar skráningar goðorðsins sem skráðs trúfélags**
3. **Önnur mál**

Allir áhugamenn um heiðinn sið velkomnir.
Skráning í Reykjavíkurgoðorð fer fram á staðnum.

**Jörmundur Ingi Reykjavíkurgoði**

---

# AUGLÝSINGASÍMI

# 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

# Um starfsheiður

**UMRÆÐAN**
VINNUBRÖGÐ
HAFRÓ



**JÓNAS BJARNASON**
EFNAVERKFRÆÐINGUR

*Til hvers birtir Hafró ástandsskýrslu sína? Ef hægt er að nota tölur í henni, sem eru óþægilegar, þá hætta menn bara að skrá þær. Ef hitamælirinn sýnir annað en þóknanlegt, þá er hann bara brotinn.*

Hinn 22. júní síðastliðinn er fréttagrein í Fréttablaðinu um útreikninga á hrygningarstofni þorsks. Haft var eftir Birni Ævari Steinarssyni, forstöðumanni veiðirannsóknasviðs Hafró, um nýleg skrif og tölur Guðjóns Arnars Kristjánssonar, formanns Frjálslynda flokksins: „Með þessu er vegið að okkar starfsheiðri.“ Svo segir Björn, að Guðjón hafi ekki áttað sig á því að árið 2003 hafi aðferðafræði við útreikning á hrygningarstofni verið breytt. Því sé Guðjón að bera saman epli og appelsínur. Svo voru birtar tölur Björns, en samkvæmt þeim er hann mun stærri 2005 en Guðjón hafði talið. Já, hvenær er aðferð breytt og hvenær ekki? Árið 2001, að afloknu vorralli, upplýsti forstjóri Hafró, dapur á svip, að stofnunin hafi ofmetið stærð stofnsins á liðnum árum. Því hafi leiðrétting verið gerð, en töluverð gagnrýni hefur orðið um hana. Svo upplýsir Björn Ævar nú, að svo hafi aðferð verið breytt 2003, það er útreikningar á hrygningarstofni. Það eru því skýringar til á öðrum tölum en þeim, sem eru nýjastar á Skúlagötu 4. Svo leiðréttir Björn formanninn með tölum, sem eru „rauntölur.“ Gagnvart slíkum tölum eru aðrir máttvana, ástandsskýrsla Hafró er jú heilög ritning.

En ýmislegt annað má tína til. Í ástandsskýrslu 2002 er í síðasta skipti skráð kynþroskahlutfall fyrir þorsk í afla á hrygningartíma. Þar er 4 ára þorskur 2001 41,3% kynþroska, alveg skelfileg há tala. Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður rak augun í þessa tölu og birti í Morgunblaðinu, en viðbrögð urðu þau að hætta birtingu á þannig tölum; það er að sjálfsögðu bagalegt að einhverjir séu að velta sér upp úr tölum, sem þeir hafa ekki vald á, lærdóm né reynslu. Björn Ævar gaf síðan ósannfærandi skýringar á þessu í nefndaráliti og upplýsir, að styðjast eigi við kynþroska í ralli, en það er jafnframt grunnlína eða eins konar biblía, í öllu öðru, árgöngum, hrygningarstofni, nýliðun, náttúrulegum dauða, fiskveiðidauða og er því nánast eins og boðorðin meitluð í stein. Já, fyrir árið 2001 er kynþroski 4 ára þorsks í ralli 4%, en þingmenn átta sig ekki á þessu. Ef reiknað er með 25% veiði árlega má sjá, að meiru var landað af 4 ára kynþroska fiski 2001 en átti að vera til í stofninum öllum samkvæmt ralli; meiri kynþroska fiskur kom sem sagt á land en átti að vera til. Eiginlega eru þessar breytingar á skráningum aðför að heiðri allra annarra en þeirra á Skúlagötu 4. Til hvers birtir Hafró ástandsskýrslu sína? Ef hægt er að nota tölur í henni, sem eru óþægilegar, þá hætta menn bara að skrá þær. Ef hitamælirinn sýnir annað en þóknanlegt, þá er hann bara brotinn.

Kynþroskahlutfall smáþorska er ekkert grín í ljósi þess, að vísindamenn hafa birt tugi vísindagreina, sem sýna að kynþroskahlutfall smáfisks fór sífellt hækkandi í 12 stofnum í Norður-Atlantshafi í aðdraganda hruns þeirra. Þeir hafa lýst aðferð til að reikna út erfðaheilbrigði einstakra stofna með því að mæla kynþroskhlutföll og bera þau saman við gildi sem áður voru fengin, til dæmis í byrjun síðustu aldar. Menn standa augljóslega ráðþrota gagnvart slíkri afskiptasemi útlendinga, sem ekkert vita um íslenska þorskinn og kvótakerfið.

Enn og aftur er höggvið í sama knérunn. Hutchings & Baum (Phil. Trans. R. Soc. 360. 2005) lýsa breytingum á kynþroska og ýmsu öðru í 177 stofnum, en flest er á sama veg. Þorskur og tugir annarra tegunda hafa orðið fyrir mikilli lækkun á kynþroskaaldri út um allt og íslenski þorskurinn einnig (frá Alþjóða hafrannsóknaráðinu, ICES), en svo virðist sem íslenskur þorskur hafi braggast eitthvað frá 1992-2004 hvað varðar meðalþyngd í hrygningarstofni. Þá er aftur komið að heiðrinum. Eru þeir hjá ICES jafnskammsýnir og þingmenn og bera saman epli og appelsínur? Notar ICES kynþroska í ralli eða í afla? Á þessu ári hefur kynþroski 4 ára fiska í ralli hækkað í 11%;. Er rallið að bregðast fræðunum líka? ■

## AF NETINU

### Andlegt og líkamlegt ofbeldi

Einhverjir sögðu: „Þar kom vel á vondan“ þegar Mikael Torfason kom fram í fjölmiðlum og lýsti því hvernig honum hefði verið hótað á meðan blaðið fjallaði um handrukkarana. Mér fannst hann nefnilega kominn í nákvæmlega sömu spor og hans eigin fórnarlömb. Nú vakna þessar spurningar aftur. Árásarmaður fréttastjórans fær óskilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir „ofbeldisfullt, rustafengið, ófyrirleitið og með öllu tilefnislaust framferði“ á meðan fréttastjórinn og ritstjórinn sleppa með nákvæmlega sama framferði. Hvers vegna? Jú, vegna þess að þeir eru nógu snjallir til að skilja ekki eftir sig sjáanlega áverka. Þeir beita ekki líkamlegu ofbeldi heldur andlegu. Það er jú svo miklu skárra. Fréttastjórinn fékk áverkavottorð hjá lækni, eflaust voru teknar myndir af hrufluðum og bláum hálsi hans. Með þau sönnunargögn voru orð hans um að hann hafi sortnað fyrir augum tekin trúanleg. Erfiðara er að færa sönnur á andlega áverka sem blöð á borð við DV valda þó þeir séu jafnan lengur að gróa en líkamlegir.

**Brynjólfur Ægir Sævarsson á deiglan.com**

### Áfall þegar Bítlarnir hættu

Ég er einn þeirra sem varð fyrir áfalli þegar Bítlarnir hættu – var þá bara tíu ára en hafði verið ákafur aðdáandi síðan tónar úr She Loves You bárust inn um gluggann heima hjá mér mörgum árum áður. Nú get ég notað ITunes og leikið mér að því að búa til Bítlaplötu sem kom aldrei út. Eftir að fjórmenningarnir hófu hver sinn sólóferil fóru þeir að gefa út margfalt meira efni en hljómsveitin hafði sent frá sér áður – og taldist hún þó nokkuð afkastamikil. Það er ekki furða að framleiðslunni hrakaði stöðugt. Ef hins vegar hefði komið út Bítlaplata árið 1971 hefðu þessi lög getað verið á henni:

**Egill Helgason á visir.is**

### Fréttir af borgarmálum

Það er mjög sjaldgæft að fréttamenn bjóði upp á ýtarlegar skýringar eða frásagnir af því sem fram fer í borgarmálum. Yfirleitt eru örstutt viðtöl við oddvita látin duga. Ef opnað er dagheimili þá kemur Steinunn Valdís og klippir á borða. Ef barnaheimili er lokað þá er stutt viðtal við Berg Felixson, og þá er það helsta upp talið. Innan borgarstjórnar fara hins vegar fram umræður rétt eins og á alþingi. Borgarfulltrúar leggja fram sínar fyrirspurnir eins og þingmenn og fá svör eins og þeir. En ekkert af því fer í fréttir. Fréttamenn liggja yfir alþingi en ekki sölum borgarstjórnar. Hvernig ætli landslagið væri ef fólk hefði fengið sömu nærmynd af málefnum Reykjavíkurborgar og það hefur fengið af landsmálum undanfarin áratug eða svo? Ætli allir stuðningsmenn R-listans væru ánægðir með samanburðinn? Hver veit.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**



# Aftur til varnar forsætisráðherra


UMRÆÐAN
ÞJÓÐHÁTÍÐARRÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA



GUÐMUNDUR G. ÞÓRARONSSON
VERKFRÆÐINGUR


Þessi grein er rituð til þess að andmæla þeim vaxandi hópi manna sem heldur því fram að þjóðhátíðarræða forsætisráðherra hafi verið léleg og því sem fram kom í útvarpsþætti um daginn að Halldóri takist aldrei að hrífa neinn með sér í ræðum sínum. Sannleikurinn er sá að þessi ræða var alls ekkert verri en margt af því sem verið er að segja við svona tækifæri.

Mér fannst til dæmis góður hjá Halldóri kaflinn um að fyrirtækin eigi ekki eingöngu að hugsa um gróða heldur líka um hag starfsfólksins, öryggi þess og velferð. Það er ekkert lakara þótt þetta atriði sé tekið að láni frá þýskum jafnaðarmönnum sem mjög hamra á þessu atriði nú. Menn eru að agnúast út í forsætisráðherra vegna þess að hann segi þetta á sama tíma og fjölskyldufyrirtæki hans hafi sagt upp öllu starfsfólki á Reyðarfirði, 20 manns, og flutt starfsemina til Hafnar. En þá verða menn að hafa í huga á þessum tímum þegar framámenn hafa ræðuskrifara, að sennilega hefur ræðuskrifarinn ekki vitað um uppsagnirnar og forsætisráðherra sést yfir þetta atriði í annríki sínu, eða hefur ekki munað eftir því í svipinn. Svo var forsætisráðherra ekki að tala um sitt fyrirtæki þarna. Hann var að tala um hin fyrirtækin.

Það var myndarlegt hjá forsætisráðherra að halda blaðamannafund til þess að hreinsa sig af ásökunum varðandi bankasöluna. Menn eru að gagnrýna að hann hafi gefið upp rangar tölur um eignaraðild sína í útgerðinni á Höfn. Þetta var auðvitað óheppilegt. En hvernig átti hann að vita eða muna nákvæmlega hvað hann átti þarna? Ríkisendurskoðun fór ofan í málið og ruglaðist í þessu máli með eignaraðildina, ekki einu sinni heldur tvisvar eða oftar. En Ríkisendurskoðun fór yfir málið margsinnis og upplýsti að eignaraðildin skipti ekki máli. Sumum fannst að vísu undarlegt að þessi virta stofnun skyldi misstíga sig svona á eignaraðildinni, vegna þess að hún var jú að rannsaka vanhæfi sem byggist á eignaraðild. En nú virðast liðnir þeir tímar þegar endurskoðun og bókhald voru nákvæmnisvísindi. Nú

*Menn eru að agnúast út í forsætisráðherra vegna þess að hann segi þetta á sama tíma og fjölskyldufyrirtæki hans hafi sagt upp öllu starfsfólki á Reyðarfirði, 20 manns, og flutt starfsemina til Hafnar. En þá verða menn að hafa í huga á þessum tímum þegar framámenn hafa ræðuskrifara ...*

sjáum við af yfirlýsingum Ríkisendurskoðunar að það dugar að gera þetta „cirka“, líklega í samræmi við nýja hagkerfið, og eins og Ríkisendurskoðun réttilega sagði, það eru ekki upphæðir eða stærðargráður sem skipta máli heldur hlutföll af heild. Menn geta heldur ekki munað allt. Meira að segja þýski bankinn mundi ekki eftir að geta þess í ársreikningum að hann ætti Búnaðarbankann!! Og hverjum dettur í hug að ætlast til að forsætisráðherra viti hvað hann á mikið í þessum fyrirtækjum þegar Ríkisendurskoðun ruglast í þessu og það skiptir svo líka alls engu máli þegar allt kemur til alls.

Menn eru að gera því skóna að bankasalan hafi verið eins konar svikamylla. Þetta er auðvitað alveg fráleitt. Litla útgerðarfyrirtækið fjölskyldunnar hans Halldórs keypti helmingshlut í einhvers konar fóðurfyrirtæki á Sauðárkróki. Það er auðvitað eðlilegt á þessum tímum þegar allir eru að kaupa fyrirtæki. Það er hins vegar tilviljun að litla fóðurfyrirtækið keypti sama daginn olíufyrirtækið ESSO og síðar vátryggingarfélagið VÍS. Nú geta allir fengið lán og það er langt gengið að setja samasemmerki milli aðstöðu framsóknarflokksins í bönkunum og framsækni fóðurfyrirtækisins.

Þegar Halldór setti skilyrði um að Landsbankinn seldi VÍS áður en hann væri seldur gat hann ekki vitað að hlutirnir æxluðust þannig að fyrirtæki hans mundi kaupa fóðurfyrirtæki fyrir norðan sem væri svo öflugt að það mundi kaupa VÍS. Sverrir Hermannsson, sá mikli reikningsmaður, segir reyndar að VÍS hafi verið selt mörgum milljörðum undir raunverði, en hann hefur ekki sýnt fram á það með rökum.

Síðan gerist þetta allt eins og í ameríska draumnum. Fóðurfyrirtækið á Sauðárkróki keypti Búnaðarbankann gegnum nútíma fyrirtækja-flækjuleið. Það hefur aldrei þótt rangt á Íslandi að hagnast og allra síst ef menn gera það óafvitandi, því ekki gat Halldór séð þetta allt fyrir. Hann var bara í einkavæðingarráðherranefndinni að fást við forystumenn, grúppu sem vildi kaupa Búnaðarbankann og það var enn ein tilviljunin að talsmaður grúppunnar og skipuleggjandi var fyrrverandi aðstoðarmaður Halldórs, fyrrverandi varaformaður framsóknarflokksins og meðreiðar-sveinn Halldórs í fjallgöngum til margra ára.

Nú eru einhverjir lögfræðingar að benda á að vanhæfi geti verið fólgið í því að selja vinum sínum og ættingjum og jafnvel sjálfum sér ríkisbanka. En það er altalað að unnt sé að panta lögfræðiálit. Allir sem fara af samviskusemi ofan í þetta mál sjá að hér er um fullkomlega eðlilega viðskiptahætti að ræða enda hefur Ríkisendurskoðun sagt það sjálf. Til hvers halda menn að við höfum Ríkisendurskoðun, fjármálaeftirlit og Samkeppnisstofnun ef menn geta ekki treyst því að slíkar stofnanir grípi inn í ef óeðlilega er staðið að málum? Aðgerðarleysi þeirra hlýtur að sýna að þetta er í lagi. Við eigum að gleðjast yfir þessum málalyktum en ekki vera með endalausar úrtölur eins og Halldór sagði í ræðunni. Sumir sjá bara myrkrið. Það er ævintýri líkast að litla útgerðarfyrirtækið á Höfn skyldi vera svo heppið að kaupa litla fóðurfyrirtækið á Sauðárkróki sem hafði á að skipa slíkum snillingum að fóðurfyrirtækið gat bæði keypt ESSO og VÍS og síðan Búnaðarbankann og ekki er verra að einstaklingar með aðstöðu í þjóðfélaginu, bláfátækt heiðursfólk sem er að reyna að hafa sig upp úr skítnum, skyldu efnast dálítið í leiðinni. Það var sagt í blöðunum að Halldór hefði krafist þess að báðir bankarnir væru seldir í einu. Ef það er rétt er það vegna þess að Halldór veit að lögmál hagfræðinnar um framboð og eftirspurn gilda ekki á Íslandi. Ef menn ætla að selja banka er best að selja marga í einu. Þannig fæst best verð ef framboð er nóg. Að setja þetta í samband við einhverja helmingaskiptareglu stjórnarflokkanna er auðvitað kjaftæði. Það sjá allir. Mér finnst nú talsvert langt gengið að menn séu, og meira að segja stjórnarandstaðan, með tilhæfulausar getsakir út af þessu öllu. Ég verð nú að segja það. ■

BRÉF TIL BLAÐSINS

## Kynbundið ofbeldi ?

Stundum kemur það fyrir að orð eða orðasambönd eru smíðuð, sennilega meðal háskólaborgara eða annara hópa samfélagsins. Stundum finnst mér að þessar smíðar séu framkvæmdar af fólki sem ekki hefur tilfinningu fyrir íslenskri tungu, hún verður ekki lærð af bókum nema að litlu leyti.

Oftar en ekki eru þetta merkingarlaus skrípi sem eiga sér stutta ævi sem betur fer. Síðasta skrípið af þessu tagi sem tröllríður fjölmiðlum er „kynbundið ofbeldi“. Gjörsamlega merkingarlaust orðasamband. Orðið kynbundinn hefur lengi haft ákveðna merkingu í íslensku og er svo gegnsætt sem frekast má verða. Það er eitthvað sem er bundið karlkyni, kvenkyni eða mannkyni.

Átök milli manna (og ég er svo gamaldags að ég tel konur með mönnum) eru ávallt kynbundin og orðið því merkingarlaust.

Ég sló þessu fram í heita pottinum um daginn. Þá var þar stödd ung og ákveðin kvenréttindakona sem skýrði fyrir mér að þetta orð hefði fengið nýja merkingu, væntanlega samda af kvenréttindakonum. Það þýddi ofbeldi karla gagnvart konum eða ofbeldi kvenna gagnvart körlum. Þótt allt gott sé að segja um kvenréttindakonur finnst mér að þær geti ekki breytt merkingu orða upp á sitt eindæmi. Þetta er eins og að taka orðið skólanemandi og einskorða það við háskólanemendur eða eitthvað slíkt.

Hún tók sem dæmi hið ágæta orð „tölva“ sem ég held að ég fari rétt með að Sigurður Nordal hafi búið til, sem dæmi um sömu gerð. Hér er ólíku saman að jafna, tölva er tilbúið orð sem fær ákveðna merkingu frá upphafi. „Kynbundið“ er orð sem hefur haft ákveðna merkingu, en á nú að merkja eitthvað annað, eða merkingin er þrengd mjög.

Með von um að þessi merking verði ekki langlíf.

**Tryggvi Hjörvar (eldri)**

# *Skoðanakúgun verkalýðsforingja*


UMRÆÐAN
VERKALÝÐSHREYFINGIN



ÞORLÁKUR AXEL JÓNSSON


Frjáls skoðanaskipti eru grundvallarstoð lýðræðis. Verkalýðshreyfingin barðist fyrir lýðræði frá stofnun og þurfti að sæta skoðanakúgun íhaldsafla á Íslandi jafnt og í útlöndum. Fari verkalýðsforingjar að beita valdi sínu til þess að drepa niður gagnrýni á störf sín, þegar foringjar öflugra verkalýðsfélaga – nátengdir tilteknum stjórnmálaflokki – nota sjóði félaganna til þess að koma í veg fyrir gagnrýni á störf sín í þeim flokki, þá er illa komið fyrir lýðræðishugsjón verkalýðshreyfingarinnar.

Í blaðinu Vikudegi var fyrir um einu og hálfu ári skrifað um störf nokkurra verkalýðsforingja hér á Akureyri í dálkinum „á götuhorninu“, dálkur sem eins og nafnið gefur til kynna er að uppistöðu til vangaveltur um menn og málefni, þetta voru störf þeirra Björns Snæbjörnssonar formanns Einingar-Iðju, Guðmundar Ómars Guðmundssonar formanns Félags byggingarmanna Eyjafirði og Konráðs Alfreðssonar formanns Sjómannafélags Eyjafjarðar, allt menn sem hafa verið í framboði fyrir Framsóknarflokkinn í undangengnum kosningum. Björn Snæbjörnsson þoldi ekki gagnrýnina á meintan hagsmunaárekstur flokksmannsins Björns og formannsins Björns og svaraði með grein í blaðinu, sem er

*Það er aftur á móti ekki smekksatriði hvaða afstöðu ber að taka þegar öflugar stofnanir á borð við verkalýðsfélögin á Akureyri beita peningunum sínum til þess að þagga niður í þeim sem gagnrýna störf verkalýðsforingjanna.*

óvenjulegt þegar „á götuhorninu“ er annars vegar en ekki athugavert í sjálfu sér. Af einhverjum ástæðum fór Björn Snæbjörnsson að skrifa um auglýsingar Einingar-Iðju í Vikudegi í grein sinni: „hefur ekki verið neinn feluleikur í gangi þegar ritstjóri Vikudags hefur falast eftir auglýsingum frá Einingu-Iðju í blað sitt,“ skrifar formaðurinn þar. Hvað koma auglýsingar Einingar-Iðju við starfi Björns Snæbjörnssonar í Framsóknarflokknum?

Guðmundur Ómar Guðmundsson hefur upplýst í Fréttablaðinu að frá því að Vikudagur gagnrýndi hann „á götuhorninu“ hafi Félag byggingamanna í Eyjafirði ekki auglýst í því blaði. Hér er ekkert gefið í skyn heldur verkin látin tala, félagssjóðnum er lokað gagnvart þeim sem gagnrýnir störf formannsins. Vikudagur vakti athygli á þessu í tengslum við 1. maí kveðjur verkalýðsfélaganna nú í vor. Viðbrögðin voru harkaleg. Björn Snæbjörnsson tók reyndar fram að hann væri ekki að hóta auglýsingabanni – batnandi manni er best að lifa – en hann ætlar ekki að borga 1. maí kveðjuna í Vikudegi.

Vikudagur er héraðsfréttablað skrifað með óvenjulegum hætti og má hver hafa sína skoðun á stíl blaðsins, sjálfur fagna ég fjölbreytni í fjölmiðlun. Það er aftur á móti ekki smekksatriði hvaða afstöðu ber að taka þegar öflugar stofnanir á borð við verkalýðsfélögin á Akureyri beita peningunum sínum til þess að þagga niður í þeim sem gagnrýna störf verkalýðsforingjanna. ■

# Staðreyndirnar óhaggaðar, Hjálmar!


UMRÆÐAN
FJÁRMÁL FRAMSÓKAR



FLOSI EIRÍKSSON
BÆJARFULLTRÚI


Hjálmar Árnason, alþingismaður, skrifar pistil á heimasíðu sína 5. júlí um bréf með nokkrum spurningum sem Helgi Hjörvar alþingismaður sendi formanni fjárlaganefndar. Ein af þeim spurningum sneru að „kaupum“ Framsóknarflokksins og/eða félaga honum tengdum á húseign fyrir flokkinn við Hverfisgötu í Reykjavík. Framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins staðfesti að það var rétt sem Helga virtist að Framsókn keypti af Keri/Olíufélaginu árið 1997 en ekki var gengið frá afsali og skuldskeytingu fyrr en fimm árum síðar, árið 2002; einmitt um svipað leyti og sömu menn voru að kaupa Búnaðarbankann. Orðaði framkvæmdastjórinn það svo í fréttum Stöðvar 2 að „framkvæmd húsakaupa Framsóknarflokksins af Keri er óheppileg, en ekki óeðlileg.“

Hjálmar tekur aftur á móti þann pól í hæðina að ekkert sé við þetta „óheppilegt“, svo notað sé orðalag framkvæmdastjórans, Málflutningur Helga sé ástæða til þess að velta upp „hugtakinu skítlegt eðli“ og virðist sem öll umræða um Framsóknarflokkinn falli undir þann eðlisflokk.

Orðaflaumurinn hjá Hjálmari breytir engu um staðreyndir málsins. Það stendur eftir ómótmælt að Ker og Framsóknarflokkurinn áttu í langvarandi viðskiptasambandi, og hefur nú margur maðurinn vakið athygli á tengslum sínum og hugsanlegu vanhæfi af minna tilefni en sölu á heilum banka. Forystumenn Framsóknar hafa hins vegar ekki látið frá sér neinar upplýsingar nema tilneyddir og þrautpíndir.

Málflutningurinn og orðnotkunin hittir Hjálmar verst fyrir enda sjálfgæft að sjá mann sýna sitt „rétta eðli“ með svo afhjúpandi hætti. Takk fyrir það, Hjálmar Árnason. ■


Tilboðsverð 12.999 kr.



Fljótvirkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir póstfangamiðar

Umboðsaðili:
Rafport
Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is
Umboðsmenn um land allt

At your side.
brother QL-550


HOTT HOTT Á HESTI
Höfum ríflega tvöfaldað rými verslunar okkar að Lynghálsi og stóraukið vöruúrvalið
með fjölda nýrra vörutegunda sem nú eru á sérstöku tilboðsverði!
HNAKKADAGAR
Söðlaðu um!
Tökum
alla gamla
hnakka
uppí nýjan!
TOP REITER
Top Reiter hnakkur
Sport 2000
Tilboðsverð
kr. 89.900,-
Verð áður
kr. 119.900,-
Tilboðsverð kr. 4900.-
Verð áður kr. 8900.-
Sonnenreiter
Dolce Vita
flíspeysur
15%
afsláttur af
CASCO
hjálmum
Nýi hnakkurinn frá
Top Reiter J-Classic
Tilboðsverð
kr. 114.000.-
Verð áður
kr. 139.900,-
Nýtt!
Margfaldur heims-og þýskalands
meistari Jolly Schrenk hannaði þenna
spaðalausa hnakk með djúpu sæti sem
gefur góðan stuðning.
Frábær hnakkur í fyrir frístunda-
og atvinnuknapa.
MYNDBÖND & BÆKUR
3 á aðeins kr. 995,-
(Ákveðnir titlar)
SAGA
BÁSAMOTTUR
Níðsterkar
gúmmímottur
183cm x 123cm
Gerum föst verðtilboð!
15%
afsláttur af
Saga Collection
mélum og
ístöðum
Hvítar reiðbuxur
Sonnenreiter
Tilboðsverð
kr. 9.900,-
Verð áður
kr. 17,900,-
Ný sending
af flottum
Sonnenreiter
vörum!
TOP REITER
15%
afsláttur af
TOP REITER
reiðtygjum
Mountain Horse
Kiruna
Tilboðsverð
kr. 7.900
Mountain Horse
Royal 2 in 1
Tilboðsverð
kr.14.900
Verð áður
kr.19.900
Skóbuxur
með rennilás
Saga Collection
Verð frá aðeins
kr. 5.900,-
SONNENREITER
by elta nova
Stærri, glæsilegri
og fjölbreyttari verslun!
ATH! ÞESSI TILBOÐ
GILDA TIL 18. júlí
Jakkar með
afrennanlegum ermum
Tilboðsverð kr. 4900,-
Verð áður kr. 6900,-
Heitt á
könnunni!
HESTAR & MENN
Lynghálsi 4 • Sími 567 3300 • www.hestarogmenn.is



BÓNUS
Tilboðin gilda til 10. júlí eða á meðan birgðir endast
REYKTUR REGNBOGI
1499 kg KR.
ÍSLENSKT SJÁVARFANG
REYKTUR
Regnbogasilungur
FERSK HINDBER
Fersk hindber 149 125g KR.
I. FLOKKS RÆKJA -KÍLÓ
499 kg KR.
Frábærir
RÆKJA
Úrvalsrækja
MANGÓ 454g
29 KR.
SAFARÍKT
SAFARÍKAR OG LJÚFFENGAR MANGÓSNEIÐAR
Ljúffengt lostæti!
SKÚFFUKAKA, 400g
199 KR.
Bónus skúffukaka
EKKERT BRUÐL
Bónus samloka
BÓNUS Samlokur
ALLAR TEGUNDIR
BÓNUS SAMLOKA
98 KR.
FRÁBÆRAR Í FERÐALAGIÐ
3 x 250 ml
59 KR.
Epla drykkurinn
Tumatríó
FROSIN JARÐARBER
159 750g KR.
FRÁBÆRT VERÐ- 700g!
jordbær
100% bómull
Stærðir: M-XXL
Skyrtur með brjóstvasa
BÓMULLARSKYRTA KVARTERMA
1299 KR.
Fínar í ferðina
Stærðir: M-XXL
Skyrtur með brjóstvasa
BÓMULLARSKYRTA KVARTERMA
1299 KR.
Margir litir
Þvottaefni 3 kíló!
299 3 kíló KR.
ypion
Ný uppskera!
EKKERT BRUÐL
NÝJAR ERLENDAR KARTÖFLUR
149 KÍLÓPOKI KR.
Frábært í bústaðinn!
HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI
699 kg KR.
Komið aftur!
Hangikjöt
FRAMPARTUR MEÐ BEINI KF
2 eldhúsrúllur
Fis
79 2 RÚLLUR KR.
Fljótandi handsápa
3 x 500 ml af ávaxtasápu
Hand Fruits
259 1,5 lítri KR.
Einnota borðáhöld
VELJIÐ SJÁLF!
25 bollar,
25 diskar,
25 hnífar,
25 teskeiðar,
25 skeiðar
eða 25 gafflar
EKKERT BRUÐL
SELT ÚR SÉR STANDI
99 25 stykki KR.



Ferðafélagar!
LONDON lamb
KF LONDONLAMB
989 kg KR.
GRILLKRYDDAÐAR SVÍNAKÓTELETTUR
ALI GRILLKÓTELETTUR
1049 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.
Grillkryddað Ali svínakjöt
ÚRBEINAÐUR KRYDDAÐUR SVÍNAHNAKKI
ALI úrbeinaður svínahnakki
1049 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.
RÓMARKRYDDAÐAR GRÍSAKÓTELETTUR
1049 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.
30% afsláttur við kassann
Skynsemin velur Bónus
EKKERT BRUÐL
FRÁBÆRAR UMBÚÐIR
98 350g KR.
ÞEIR VINSÆLUSTU Í BÓNUS!
UNGNAUTA hamborgarar
10 stykki 80g ungnautahamborgarar
799 KR.
10 stykki 115g ungnautahamborgarar
1099 KR.
Langvinsælastir!
Kolagrill
EINNOTA
EINNOTA GRILL
95 KR.
INSTANT BARBECUE
99 907g KR.
33cl Coca Cola
49 33cl KR.
Fjalla lamb
FJALLA lærissneiðar
1397 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1995kr.
27 mynda vél með flassi
139 270g KR.
EINNOTA MYNDAVÉL
298 KR.
30% afsláttur við kassann
PESTO ROSSO KRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR
Lambasneiðar
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR
PESTO/VILLI
699 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1169kr.
40% afsláttur við kassann
Caj P. lamb
LÆRISMJAÐMASTEIK
SS LÆRISMJAÐMASTEIK
1598 kg KR.
SS fremstir fyrir bragðið
Birgjum okkur upp í Bónus!
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.154 **-0,81%**

**Fjöldi viðskipta:** 389
**Velta:** 2.670 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | +1,54% | **Mosaic Fashions** | -2,17% |
| **Og Vodafone** | +0,98% | **Atlantic Petroleum** | -1,52% |
| **Kögun** | +0,34% | **Icelandic Group** | -1,381% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,00 -0,49% ... Bakkavör 38,90 -0,26%... Burðarás 15,80 -1,25%... FL Group 14,90 -0,67% ... Flaga 4,62 +1,54% ...Grandi 8,50 -0,58 ... Íslandsbanki 13,45 -0,37% ... Jarðboranir +0,00 ... KB banki 540 -1,28% ... Kögun 58,40 +0,34% ... Landsbankinn 17,10 -0,58% ... Marel -0,00% ... SÍF 4,85 -0,61 ...Straumur 12,15 +0,00% ... Össur 78,00 -1,27%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Ágætis meðgjöf

Kaup Íslendinga á dönskum fyrirtækjum taka á sig nýja mynd. Börsen greindi frá því í gær að A.P. Møller – Maersk hefði borgað Fons, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, yfir þrjá milljarða króna til að losna við danska flugfélagið Maersk Air út úr rekstrinum. Flugfélagið hefur verið algjör baggi á Dönunum síðan árið 2000 en talið er að um 30 milljarðar hafi verið greiddir með rekstrinum. Flugvélar fylgja ekki með í kaupunum en þær verða leigðar til nýju eigendanna. Íslendingarnir hyggjast sameina Maersk við Sterling og Iceland Express og mynda stærsta lággjaldaflugfélag Norðurlanda og það fjórða stærsta í Evrópu.



### Ryanair með vinninginn

Eins og margir vita eru lággjaldaflugfélögin á góðri leið að taka fram úr hinum hefðbundnu flugfélögum. Það eru ekki bara þeir félagar í Fons sem sjá tækifærin í bónusflugfélögunum. FL Group hefur mikinn hug að komast yfir easyJet. EasyJet flutti fimmtán prósentum fleiri farþega í júnímánuði en á sama tíma fyrir ári. Alls flutti félagið um 2,5 milljónir farþega og var sætanýting um 86 prósent. Farþegafjöldi hjá Ryanair, stærsta lággjaldaflugfélagi Evrópu og helsta samkeppnisaðila easyJet, var þrjár milljónir í júní og hækkaði um 700 þúsund frá sama mánuði í fyrra. Hækkunin nemur 30 prósentum en sætanýting var um 87 prósent í mánuðinum.

### MARKAÐSFRÉTTIR...

Evrópski seðlabankinn og Seðlabankinn í Bretlandi ákváðu í gær að halda stýrivöxtum sínum óbreyttum, eins og búist hafði verið við.

Nýskráningar atvinnulausra í Bandaríkjunum námu alls 319.000 í síðustu viku sem eru 7.000 fleiri en í vikunni áður. Nýskráningar eru heldur færri en sérfræðingar áttu von á.

Miklar lækkanir urðu á evrópskum hlutabréfamörkuðum eftir hryðjuverkaárásir í Lundúnum. FTSE vísitalan lækkaði um 1,38 prósent, DAX vísitalan í Frankfurt lækkaði um 1,85 prósent og CAC 40 vísitalan í París um 1,39 prósent.



**HÚSIN Í BORGINNI** Íbúðareigendur hafa í stórum stíl greitt upp lán sín hjá Íbúðalánasjóði með nýjum lánum frá bönkum og sparisjóðum.

# Segja Íbúðalánasjóð tapa milljörðum

**Samtök atvinnulífsins segja að Íbúðalánasjóður hafi tapað allt að fimmtán milljörðum vegna uppgreiðslu eldri lána.**

Tap Íbúðalánasjóðs vegna uppgreiðslna íbúðareigenda á eldri lánum má ætla að nemi tæpum átta milljörðum króna samkvæmt útreikningum Samtaka atvinnulífsins (SA). Er þá miðað við tölur um heildaruppgreiðslur lána sem birtust í ársskýrslu sjóðsins fyrir síðasta ár. SA gerir ráð fyrir að til fyrsta júlí á þessu ári hafi uppgreiðslurnar numið um 140 milljörðum króna. Miðað við þær forsendur, og að Íbúðalánasjóður þurfi að taka lán á hærri vöxtum en hann getur svo lánað aftur, áætlar SA að tapið nemi fimmtán milljörðum króna. Það sé rúmlega tveimur milljörðum meira en eigið fé sjóðsins í árslok 2004. Þetta kom fram í fréttabréfi samtakanna í gær.

Samtök atvinnulífsins benda á að deilt hefur verið um þær forsendur sem gefnar eru við þessa útreikninga. Sagt er að með hliðsjón af því að í útreikningunum sé ekki gert ráð fyrir uppgreiðslum í framtíðinni eða lækkandi útlánsvöxtum verði forsendur útreikninganna að teljast varlegar.

Í Markaðinum á miðvikudaginn kom fram að Íbúðalánasjóður hefði gert lánasamninga við banka og sparisjóði og lánað þeim allt að áttatíu milljarða. SA telur að önnur lánastarfsemi en lán til íbúðakaupa rúmist tæpast innan starfsheimilda sjóðsins, auk þess sem næsta víst sé að sjóðurinn tapi á slíkri lánastarfsemi.

Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri sjóðsins, sagði það einnig hlutverk sjóðsins að verja stöðu hans svo ekki reyndi á ríkisábyrgðina. Þess vegna hefðu lánasamningar verið gerðir við aðrar fjármálastofnanir.

– bg

# Lækkanir gengu til baka

**Verð á hlutabréfamörkuðum féll fyrst eftir fréttirnar af hryðjuverkunum en lækkunin gekk til baka. Fréttirnar hafa einkum áhrif á ferðamannaiðnaðinn og flugfélög. Litlar breytingar á íslenska markaðnum.**

Hlutabréfamarkaðir um allan heim lækkuðu skarpt þegar fréttist af hryðjuverkunum í Lundúnum. Breska FTSE-100 vísitalan lækkaði strax um meira en þrjú prósent og hafði ekki fallið meira á einum degi í tvö ár eða síðan Íraksstríðið hófst í mars árið 2003. Sterlingspundið lækkaði gagnvart öllum gjaldmiðlum.

Lækkunin gekk að töluverðu leyti til baka þegar leið á daginn og voru flestar evrópsku hlutabréfavísitölurnar 1,3-1,8 prósentum lægri en þær voru fyrir upphaf viðskipta. Hlutabréfaverð í norrænu kauphöllunum lækkaði einnig, um 2,3 prósent í Noregi, 1,7 prósent í Svíþjóð en minna annars staðar. Bæði Dow Jones og Nasdaq höfðu lækkað lítillega seinni part dags.

Sérfræðingar eru almennt sammála um að hryðjuverkin hafi fremur lítil áhrif á breskt efnahagslíf til lengri tíma. Lækkaði verð á hlutabréfum í hótelkeðjum og félögum í ferðaþjónustu, enda eru talsverðar líkur á því að straumur ferðamanna til Lundúna minnki. Flugfélag og tryggingafélög lækkuðu einnig í verði. British Airways, þriðja stærsta flugfélag Evrópu, féll til dæmis um fjögur prósent.

Aftur á móti hækkuðu hreingerningafyrirtæki og lyfjafyrirtæki, sem framleiða bóluefni til að bregðast við eiturefnaárásum hryðjuverkamanna.

Bæði gull og svissneskur franki hækkuðu í verði eins og oft gerist þegar stóratburðir skella harkalega á mörkuðum og fjárfestar vilja setja peningana sína í öruggt skjól.

Litlar breytingar urðu á íslenska markaðnum. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar lækkaði um 0,8 prósent í tæplega þriggja milljarða viðskiptum. Framan af degi þróaðist hún keimlíkt erlendum hlutabréfavísitölum og hafði lækkað um tvö prósent um hádegisbil. Tók hún þá að rétta úr kútnum.

Ekkert félag lækkaði verulega í verði. Hlutabréf í Mosaic Fashions, sem rekur margar tískuverslanir á Bretlandseyjum, lækkuðu um tvö prósent og fóru niður fyrir það gengi sem var í útboði til fjárfesta á dögunum. FL Group lækkaði um 0,7 prósent.

**eggert@frettabladid.is**



**ÞUNGUR Á BRÚN** Breski markaðurinn lækkaði hratt og mikið eftir að fréttist um sprengingarnar í Lundúnum. Aðrir markaðir fylgdu í kjölfarið en réttu úr kútnum þegar leið á daginn.

# Og Vodafone kaupir í Kall

**Hlutdeild Kalls á færeyskum GSM-markaði er 25 prósent. Og Vodafone á nú 82,1 prósent í félaginu.**

Og Vodafone hefur fest kaup á 68 prósenta hlut í færeyska fjarskiptafyrirtækinu Kall og er kaupverðið um 440 milljónir króna. Fyrir átti Og Vodafone rúmlega fjórtán prósenta hlut í Kall og á því nú 82,1 prósent í félaginu.

Kall hefur um 15 prósenta markaðshlutdeild á færeyskum fjarskiptamarkaði en um 25 prósenta hlutdeild á GSM-markaði. Hjá fyrirtækinu starfa átján manns.

Áætluð velta Kalls er á þessu ári 650 milljónir króna og er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu rétt eins og í fyrra.: „Kaup Og Vodafone tryggja Kall forskot á önnur samkeppnisfyrirtæki í Færeyjum,“ sagði Bjarni Askham Bjarnason, forstjóri Kalls.

Eiríkur S. Jóhannsson, forstjóri Og Vodafone, var ekki síður ánægður með kaupin: „Um er að ræða fyrirtæki sem er vel rekið og hefur vaxið hratt.“

- jsk



**VERSLUN OG VODAFONE** Og Vodafone hefur fest kaup á 68 prósenta hlut í færeyska fjarskiptafyrirtækinu Kall. Og Vodafone á nú alls rúmlega 82 prósent hlut í félaginu.

# Flugfélög tóku dýfu

**Hlutabréf í flugfélögum féllu í verði í kjölfar hryðjuverkanna í Lundúnum. Hluturinn í FL Group féll um 0,67 prósent.**

Hlutabréf í flugfélögum í bresku kauphöllinni tóku dýfu eftir að fregnir af hryðjuverkaárásunum í Lundúnum bárust, en réttu smám saman úr kútnum eftir því sem leið á daginn.

Hluturinn í EasyJet, sem Icelandair á tíu prósenta hlut í, stóð í 254,25 pensum í við lok viðskipta og lækkaði um 3,78 prósent frá því í gær, lægst var gengi bréfanna 241 pens á hlut. Bréf í British Airways féllu í verði um 4,22 prósent, þá lækkaði lággjaldaflugfélagið Ryanair um 2,4 prósent.

Hluturinn í FL Group stóð í 14,90 við lok viðskipta í Kauphöll Íslands og lækkaði um 0,67 prósent. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir of snemmt að spá fyrir um áhrif árásana á flugrekstur: „Þrátt fyrir allt komust nú flestir farþegar okkar áfallalaust út á flugvöll í morgun. Annars er erfitt að segja til um hvaða áhrif þetta komi til með að hafa.“

- jsk




**FLUGVÉLAR EASYJET** Hlutabréf í flugfélögum féllu í verði í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Lundúnum. Bréf í EasyJet lækkuðu um 3,78 prósent.



GOTT FÓLK McCANN
Það er gott að
„pulsa“
sig niður eftir rúntinn!
Íslendingar borða
SS pylsur

**JOHN D. ROCKEFELLER**
(1839-1937) fæddist þennan dag.



*„Ef eina markmið þitt er að verða ríkur, muntu aldrei ná því.“*

*John D. Rockefeller var bandarískur auðjöfur og góðgerðarmaður .Afkomendur hans hafa látið mikið að sér kveða í bandarísku þjóðlífi.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Ronnie Biggs sleppur úr fangelsi

Þennan dag árð 1965 flúði Ronald Biggs úr fangelsinu Wandsworth í Bretlandi en hann var einn þeirra sem tók þátt í Stóra lestarráninu tveimur árum áður.
Hinn 35 ára Biggs slapp ásamt þremur öðrum föngum um miðjan dag. Stiga hafði verið kastað yfir vegginn að utan meðan fangarnir voru úti. Fangarnir klifruðu yfir vegginn og stigu um borð í þrjá bíla sem biðu fyrir utan fangelsið. Flótti mannanna var vel skipulagður og tókst í alla staði vel. Það eina sem lögreglan fann eftir flóttann var yfirgefinn bíll fyrir utan lestarstöð með hlaðinni haglabyssu.
Þar með varð Biggs annar úr Stóra lestarráninu til að sleppa úr fangelsi en Charles Wilson flúði úr fangelsi í Birmingham árið áður.
Ronnie Biggs var frjáls ferða sinna í fjörutíu ár áður en hann sneri sjálfviljugur til Bretlands frá Brasilíu. Hann kom til Bretlands árið 2001, þá 71 árs, til að fá fría læknisþjónustu enda var hann bæði fátækur og veiklulegur eftir nokkur hjartaáföll. Farið var með hann þegar í stað í hámarksgæslufangelsi til afplánunar á þeim 28 árum sem eftir voru af fangelsisdómnum.
Charlie Wilson var handsamaður árið 1968.



**8. JÚLÍ 1965**

## MERKISATBURÐIR

**1361** Grundarbardagi háður á Grund í Eyjafirði.
**1903** Síldarsöltun hefst á Siglufirði.
**1918** Rithöfundurinn Ernest Hemmingway særist alvarlega í fyrri heimstyrjöldinni.
**1922** Ingibjörg H. Bjarnason er kjörin á þing fyrst kvenna.
**1951** Tveir bíða bana þegar bjarg lendir á rútu í Óshlíð með 30 íþróttamönnum innanborðs.
**1994** Kim Il Sung, leiðtogi Norður-Kóreu frá árinu 1948, andast.
**1996** Skipið Queen Elizabeth II kemur til Reykjavíkur.
**2003** Íranskar síamstvíburasystur látast í aðgerð sem skilja átti þær að, en þær voru samfastar á höfði.

## ANDLÁT

**Kristín Bjarnadóttir**, Hrafnistu, Hafnarfirði, er látin.

**Egill Jónasson**, Hagatúni 11, Höfn, lést laugardaginn 2. júlí.

**Jóhanna Bára Guðmundsdóttir**, Reynimel 78, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum, Fossvogi mánudaginn 4. júlí.

**Júlíus Unnar Jóakimsson**, Túngötu 16, Grenivík, lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga mánudaginn 4. júlí.

**Guðmunda Eiríksdóttir** frá Súðavík, dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, lést þriðjudaginn 5. júlí.

## JARÐARFARIR

13.00 **Karl Jóhann Karlsson** raffræðingur, Kleppsvegi 144, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Pála S. Ástvaldsdóttir** frá Sauðárkróki, til heimilis að Laufbrekku 24, Kópavogi, verður jarðsungin frá Digraneskirkju.

13.00 **Þóra Guðlaug Þorsteinsdóttir**, Lokastíg 18, Reykjavík, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju.

15.00 **Hrafnhildur Gísladóttir**, Sólhól, Bogaslóð 6, Höfn, verður jarðsungin frá Hafnarkirkju.

## AFMÆLI

**Ragnar Arnalds** rithöfundur er 67 ára.



**Hallveig Rúnarsdóttir** söngkona er 31 árs.



**Védís Hervör Árnadóttir** söngkona er 23 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1836 Joseph Chamberlain** stjórnmálamaður.



**1838 Ferdinand** greifi af Zeppelin.



**1951 Anjelica Huston** leikkona.

MELVIN G. MCINNIS TEKUR VIÐ NÝRRI PRÓFESSORSSTÖÐU Í BANDARÍKJUNUM:

# Saknar íslenska stormsins

„Auðvitað er þetta mikill heiður fyrir mig,“ segir Melvin G. McInnis geðlæknir sem nýlega tók við nýrri prófessorsstöðu við Háskólann í Michigan þar sem hann fær tækifæri til að byggja upp nýja deild sem sérhæfir sig í þunglyndi og tvískautaröskun. Melvin er að þremur fjórðu Íslendingur en ólst upp í Kanada fram á fullorðinsár.

Hann talar nær lýtalausa íslensku enda stundaði hann nám í læknisfræði við Háskóla Íslands frá árinu 1977 og dvaldi hér í níu ár áður en hann sérhæfði sig í geðlækningum í London. Síðastliðin fimmtán ár hefur hann starfað við hinn virta John Hopkins háskóla í Baltimore.

„Hér í Ameríku er mikill áhugi fyrir því að safna fé til rannsókna og til að styrkja akademískar stofnanir,“ segir Melvin og bætir við að háskólinn í Michigan hafi verið sérstaklega duglegur við það. „Fyrir nokkrum árum ákváðu þeir að leggja af stað með þunglyndismiðstöð byggða á svipaðri hugmynd og krabbameinsmiðstöðvar,“ segir Melvin en miðstöðin tekst á við allar hliðar þunglyndis bæði klínískar og rannsókna auk þess sem læknar úr öllum stéttum koma að starfseminni.

Þunglyndi er alvarlegt vandamál í Bandaríkjunum líkt og víðar í heiminum. Talið er að um sjö til tíu prósent íbúa heimsins þjáist af alvarlegu þunglyndi einhvern tíma á ævinni. „Þegar ég var í læknisfræði var mikið sjokk fyrir mig að uppgötva að það væri hægt að lækna minnst af þeim sjúkdómum sem við fáumst við,“ segir Melvin, sem telur þunglyndi langvinnan sjúkdóm líkt og sykursýki.

Melvin hlær þegar hann er spurður út í þau ummæli leikarans Tom Cruise að þunglyndislyf væru gagnslaus. „Það er nú greinilegt að þetta er öfgasinnaður maður sem aðhyllist sértrúarflokk,“ segir hann og telur að í rauninni sé ekki slæmt að fá slík ummæli þar sem þau stuðli að umræðu sem megi nýta til að fræða fólk.



**PRÓFESSOR MCINNIS** Melvin McInnis lítur á sig sem Íslending. Hann er að þremur fjórðu Íslendingur og á íslenska eiginkonu.

Melvin er giftur íslenskri konu og móðir hans er einnig alíslensk. Nafnið hefur hann frá föður sínum sem var hálfur Skoti en föðuramma hans sem verður 97 ára á árinu fæddist á Akureyri en flutti snemma til Kanada.

„Innst inni lít ég á mig sem Íslending. En þegar maður hefur búið í mörgum löndum tekur maður ákveðin einkenni frá hverju landi,“ segir Melvin sem skoðar íslensk dagblöð á netinu til að fylgjast með. „Þess sem ég sakna mest frá Íslandi er almennilegur stormur,“ segir Melvin hlæjandi og segist ekki komast til Íslands eins oft og hann vildi. ■



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Bára Guðmundsdóttir**
Reynimel 78, Reykjavík,

andaðist aðfararnótt mánudags 4. júlí á Landspítala í Fossvogi, verður jarðsungin í Fossvogskirkju þriðjudaginn 12. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð, en þeir sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Velferðarsjóð íslenskra barna.

**Þorlákur Halldór Arnórsson**
**Bárður Guðmundsson** **Ingibjörg Júlíusdóttir**
**Svanur Þorláksson**
**Þröstur Þorláksson**
**Gestur Þorláksson**
**Unnur Þorláksdóttir** **Jón Anton Holm**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem á einn eða annan hátt sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður og yndislegs afa,*

**Víkings Þórs Björnssonar**
fyrrverandi eldvarnareftirlitsmanns,
Munkaþverárstræti 2, Akureyri,

Starfsfólk lyflækningardeildar FFA og heimahlynningar á Akureyri fær sérstakar þakkir fyrir einstaka nærgætni og hlýtt og gott viðmót. Guð blessi ykkur öll.

**Kristján og Gurrý**
**Bjössi og Þórunn**
**Gugga og Pálmi**
**Þóra og Snorri**
**Finnur og Steina**
**Stefán, Áslaug Eva, Kristján Þór, Inga Þórey, Gunnar Þór, Víkingur Þór, Víkingur, Viktor Árni, Marteinn Þór, Baldur Þór, Marta, Arnþór Gylfi, Snorri Már, Halldóra og Katrín Magnea.**

# Sólheimar sýna baráttu Sesselju

Barátta Sesselju Hreindísar Sigmundsdóttur stofnanda Sólheima í Grímsnesi verður túlkuð af Leikfélagi Sólheima klukkan þrjú síðdegis. Sjötíu og fimm ár eru frá því Sesselja stofnaði barnaheimili í nokkrum tjöldum að Sólheimum og er sýningin sett á svið af því tilefni. Einnig geta gestir skoðað handverkssýninguna Hugur og hönd sem verður í tjaldi fyrir utan kaffihúsið og gengið um nýtt trjásafn að Sólheimum.

Sunnudaginn 17. júlí verður Sumarleikhús Sólheima með Kabarettsýningu úr Hárinu og völdum söngatriðum úr Latabæ á Kaffihúsinu Grænu Könnunni klukkan þrjú. Þar geta menn hlustað á skemmtilega tónlist og gætt sér á lífrænu kaffi og meðlæti sem Græna kannan er fræg fyrir. Edda Björgvinsdóttir sér um leikstjórn bæði á baráttu Sesselju og kabarettsýningunni.

Síðustu helgi var Sólheimakirkja vígð í tilefni afmælisins og geta gestir og gangandi fengið leiðsögn um kirkjuna milli 15.30 og 18.00 næstkomandi sunnudag 10. júlí. ■



**SESSELJA** Leikþáttur um baráttu Sesselju, stofnanda Sólheima, verður sýndur á laugardag í leikstjórn Eddu Björgvinsdóttur.



Vaxtalausar myndavélar
0%
VEXTIR
SONY
Sony Cybershot 4.1 MI DSC-S80
** 2.499
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988
STAÐGREITT
BT Bestu kaupin
4.1 megapixlar
SONY GÆÐI
RAFHLAÐA
Hleðslurafhlöður
Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.
2" litaskjár
Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem sem eru teknar á DSC-S80.
MPEG Movie
Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.
Carl Zeiss linsa
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.
SONY
Sony Cybershot DSC-S40
** 1.599
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
19.188
STAÐGREITT
4.1 megapixlar
Frábær kaup
Aðdráttur
3x optical 4,1 Mp, Carl Zeiss Vario Tessar linsan gefur hármarks gæði og þú nærð smáatriðum sem skipta máli í fullum gæðum.
Carl Zeiss linsa
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.
Litaskjár
Vandaður 1.5" hybrid litaskjár tryggir frábær myndgæði og skerpu jafnvel þegar verið er að taka myndir í mikilli birtu.
Panasonic
MiniDv videóvél NVGS17B
** 2.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
35.988
STAÐGREITT
Lækkað verð
FYLGIR
DV tengi og USB2
Miklir tengimöguleikar við PC og Apple vélar
800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.
2.5" Litaskjár
Hágæða LCD litaskjár sem þú snúið eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.
NightView 0 LUX
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.
SONY
SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-HC22
BT Bestu kaupin
Snerti-skjár!
** 4.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
59.988
STAÐGREITT
Tengistöð fylgir
FYLGIR
CCD myndflaga
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast
2,5" Litaskjár/ Snertiskjar
Björt og skýr mynd og allar stillingar fram-kvæmdar á skjánum.
Tengistöð
Ekkert mál að ná myndum af vélinni yfir á tölvuna sem og hlaða rafhlöðuna. Ekkert snúruvesen!
Carl Zeiss linsa
Carl Zeiss linsan gefur hámarks dýpt og litaðgreiningu myndarinnar
Segðu ostur :-)
BT
SONY
SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-HC19
Snerti-skjár!
** 3.799
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
45.588
STAÐGREITT
Vinsælasta vélin
FYLGIR
2,5" Litaskjár/ Snertiskjar
Björt og skýr mynd og allar stillingar fram-kvæmdar á skjánum.
CCD myndflaga
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast
640X aðdráttur
Með 640x digital og 20x optical aðdrætti nærðu öllum smá-atriðum sem þú vilt.
Carl Zeiss linsa
Carl Zeiss linsan gefur hámarks dýpt og litaðgreiningu myndarinnar
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

## ÚR SPORTINU

Craig Bellamy hefur skrifað undir fjögurra ára samning við Blackburn Rovers, en Bellamy lék áður með Newcastle United. **Bellamy** hittir fyrir fyrrum landsliðsþjálfara Wales, **Mark Hughes**, en hann tók við liðinu í fyrra af **Graeme Souness**, en hann fór til Newcastle eftir að **Bobby Robson** var rekinn. **Bellamy** er ekki þekktur fyrir að haga sér skynsamlega utan vallar, og var hann fljótur að lenda upp á kant við **Souness**, en hann er þekktur skaphundur. **Bellamy** á eftir að styrkja framlínu Blackburn töluvert, en liðinu gekk illa að skora á síðustu leiktíð.



Úrúgvæinn **Walter Pandiani**, sem lánaður var til Birmingham City frá Deporitvo La Coruna frá Spáni í fyrra, er loksins búinn að ná samkomulagi við Birmingham um að ganga til liðs félagið. **Steve Bruce**, knattspyrnustjóri Birmingham, hefur mikið reynt að fá Pandiani til félagsins en Deportivo hefur farið fram á greiðslu fyrir leikmanninn sem Birmingham hefur ekki getað reitt fram. **Pandiani** skoraði fjögur mörk í fjórtán leikjum fyrir Birmingham í fyrra og var duglegur að leggja upp mörk fyrir félaga sína. Hann neitaði tilboðum frá liðum í Tyrklandi og Þýskalandi og skrifar að öllum líkindum undir tveggja ára samning við Birmingham á næstu dögum.



Forráðamenn Everton hafa náð samkomulagi við **Mohammed Sissoko**, leikmann Valencia, og skrifar hann líklega undir samning á næstu dögum. **Sissoko** er tuttugu ára gamall landsliðsmaður Afríkuríkisins Malí og getur ýmist spilað sem miðjumaður eða framherji. Hann var keyptur frá Auxerre í Frakklandi árið 2003 til Valencia, og hefur spilað vel fyrir spænska félagið þegar hann hefur fengið tækifæri, en miðjumenn Valencia eru sterkir og því erfitt fyrir hann að vinna sér fast sæti í liðinu. **Jose Segui**, umboðsmaður **Sissoko**, sagði aðeins eiga eftir að ganga frá smáatriðum. „Samningurinn er í raun tilbúinn og vonandi eigum við eftir að ná eðlilegu samkomulagi um þessi mál sem allra fyrst."



Finnski landsliðsmaðurinn **Alexei Eremenko** er mjög eftirsóttur þessa dagana, en mörg ensk lið hafa sett sig í samband við umboðsmann hans eftir góða frammistöðu á sínu fyrsta tímabili á Ítalíu með Lecce. **Eremenko** var til reynslu hjá Leicester og Birmingham í fyrra, en hvorugt félagið hafði áhuga á því að semja við leikmanninn. „Tvö ensk félög hafa haft samband við mig og vilja fá mig. Ég get ekki sagt til um hvaða félög þetta eru, en þau eru bæði í úrvalsdeildinni," sagði **Eremenko** við enska fjölmiðla í gær.



Austurríski landsliðsmaðurinn **Rene Aufhauser** er nú til reynslu hjá Everton. **Aufhauser**, sem getur leikið bæði stöðu varnarmanns og miðjumanns, verður hjá félaginu í tvær vikur og verður hugsanlega boðinn samningur ef hann stendur sig vel. **David Moyes** hefur verið nokkuð duglegur við að fá leikmenn til félagsins, en hann telur að sérstaklega þurfi að styrkja vörnina. Everton tekur þátt í forkeppni meistaradeildarinnar og verður að hafa stóran leikmannahóp á næsta tímabili til þess að þola leikjaálagið betur.



Portúgalski landsliðsfyrirliðinn á leiðinni til Liverpool frá Real Madrid:

# Luis Figo er á leiðinni í enska boltann

**FÓTBOLTI** Portúgalski landsliðsfyrirliðinn Luis Figo er nú sagður á leiðinni til Liverpool frá spænska stórliðinu Real Madrid.

Figo missti sæti sitt í byrjunarliði Real Madrid í fyrra og hefur verið óánægður hjá félaginu síðan. Mörg ensk félög hafa reynt að fá Figo til sín og má þar helst nefna Newcastle og West Ham. Umboðsmaður Figo, Luis Douens, sagði Real Madrid þó enn eiga eftir að samþykkja félagskiptin.

„Við höfum náð samkomulagi við Liverpool en Real Madrid á enn þá eftir að samþykkja skiptin. Ef forráðamenn Real vilja fá pening fyrir Figo þá er ekki víst að þetta verði samþykkt."

Figo hafði fengið samþykki hjá stjórn félagsins fyrir því að fá að fara frá Real Madrid án greiðslu, og því kemur nokkuð á óvart ef farið verður fram á að Liverpool borgi fyrir leikmanninn. Arrigo Sacchi, yfirmaður knattspyrnumála hjá Real Madrid, fríaði sig ábyrgð.

„Florentino Perez á lokaorðið um það hvort félagið fer fram á greiðslu og þess vegna ætla ég ekki að skipta mér af þessu."

Figo, sem var kjörinn besti leikmaður heims árið 2001, var keyptur til Real Madrid frá erkifjendunum í Barcelona fyrir metupphæð árið 2000, og hefur síðan leikið stórt hlutverk í sókndjörfu liði Real Madrid. - mh

**LUIS FIGO** Portúgalinn, sem orðinn er þrjátíu og tveggja ára gamall, hefur verið með betri leikmönnum spænsku úrvalsdeildarinnar í áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



Tilraunir, fríkað úti, baðferðir, allt fyrir aurinn, áskoranir, stjórnanir, vakningar og margt fleira með snillingunum Pétri, Audda og Sveppa. Fullt af áður ósýndu efni.

STRÁKARNIR Á DVD

Tryggðu þér eintak strax í næstu verslun

Síminn sena 2






## STUÐ MILLI STRÍÐA | Rokk í Reykjavík

**SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR** REKST EKKI Á RÉTTU STJÖRNURNAR


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Rakst í söngvara Foo Fighters á Laugaveginum. Það var svo lítið pláss á gangstéttinni enda bærinn fullur af fólki. Og það ekki fullu fólki heldur bara fólki að spóka sig um hábjartan dag. Flestir ferðamenn, margir í skynsamlegum útivistarfatnaði, sumir bara kúl, eins og Grohl.

Ég kippti mér auðvitað ekki upp við áreksturinn við hann, lét sem ég vissi ekki hver hann væri enda maðurinn orðinn sannur Íslandsvinur, næstum því orðinn Íslendingur, fílar brennivín og stokkseyrskt ryksugurokk.

Hann skipar heldur engan sérstakan sess hjá mér. Eins og til dæmis John Taylor og Simon Le Bon. Ég hefði hugsanlega kippt mér upp við það að rekast þá. En ég var ekki svo heppin. Fór auðvitað á tónleikana eins og æði margir á mínu reki. Mér leið satt best að segja eins og ég væri á skólaballi í Réttó, mínum gamla skóla, þegar ég var þvælast frammi á meðan hljómsveitin spreytti sig á leiðinlegu (það er að segja nýju) lagi. Sem betur fer fóru þeir aftur í gamla og góða stöffið, voru alveg frábærir og ég söng hástöfum með og dansaði eins og brjálæðingur.

En ég var sem sagt ekki svo heppin að rekast á þá Duran-stráka í bænum enda þurftu þeir að drífa sig til Rómar. Og ég var ekki nægjanlegum tækjum búin til að fylgjast með þeim þar. Loftnetið bilað og bara hægt að sjá Rúv og Stöð 2 heima hjá mér. Enginn Sirkus og engin átta líf.

Ég gat bara ornað mér við minningarnar frá Live Aid 1985. Þegar ég lá límd við sjónvarpstækið og horfði á tónleikana. Ógurlega gaman að horfa á allar stjörnurnar stíga á svið. Tja þangað til Duran Duran mættu á svæðið, feitir og falskir. Hvílík vonbrigði! Ég gerðist afhuga þeim upp úr því og var lengi að ná sáttum við þá.

Sem ég hef auðvitað gert núna. ■

## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott



# Risatískusýning á Vegamótastíg

Hin íslenska tískuvika, Iceland Fashion Week, verður haldin dagana 13. til 18. júlí. Tískusýningin sjálf verður á Vegamótastíg laugardaginn 16. júlí og þar munu íslenskar fyrirsætur koma fram í fötum eftir 16 unga fatahönnuði víðsvegar að úr heiminum. Þrír íslenskir hönnuðir voru sérstaklega valdir til að taka þátt.

Auk þess að vera góð lyftistöng fyrir unga hönnuði er tískuvikan einnig frábær landkynning. Margir erlendir gestir koma til landsins í tengslum við hana, þar á meðal blaðamenn frá mörgum af virtustu tískufjölmiðlum í heimi. Ítalska og franska Vogue, Fashion Television í París og Wireimage.com.munu senda sína fulltrúa og bandaríska leikkonan Adrienne Frantz mun einnig heiðra Íslendinga með nærveru sinni, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Alla dagana verður þétt dagskrá fyrir gestina þar sem meðal annars verður ferðast um landið og farið í Bláa Lónið.

Kynnir sýningarinnar kemur frá breska ríkissjónvarpinu BBC og þeir hönnuðir sem koma frá Englandi eru styrktir af sjóði prinsins af Wales, The Prince's Trust. Kaupendur munu líka sækja tískuvikuna og eru þeir aðallega frá London og Japan.

Hár og förðun verður í höndum íslensks fagfólks frá MAC og Toni&Guy. Sérfræðingar þeirra vinna nú hörðum höndum, með fatahönnuðunum að því skapa heildarútlitið og leikur ekki vafi á því að tíska næstu missera verður mörkuð í þeirri vinnu. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/ARUN NEVADER

**ICELAND FASHION WEEK** Val á fyrirsætum verður í Vetrargarðinum í Smáralind, fimmtudaginn 14. júlí. Allir eru velkomnir að koma og fá forsmekk af fatnaðinum þar. Meiri upplýsingar um dagskrána er að finna á icelandfashionweek.is.

Veitingastaðirnir Cafe Oliver og Vegamót hafa verið í samstarfi við Iceland Fashion Week. Arnar Þór Gíslason á Cafe Oliver hristi saman kokkteil tískuvikunnar og hann er vægast sagt mjög góður:

**ALOA TEN**

9 cl Hetsal Aloa Vera drykkur
3 cl Tanqueray Ten
Hrist með lime og klaka
Dreypt í glas yfir mulinn ís með lime
Skvetta af Sprite



FRÉTTABLAÐIÐ/ARUN NEVADER

**UNGIR FATAHÖNNUÐIR** Iceland Fashion Week er boðsýning og verða m.a gefnir miðar á FM957 í þessari viku og næstu. Það er því um að gera að fylgjast vel með.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Vince Vaughn** hefur endanlega slegið á allar sögusagnir þess efnis að hann og **Jennifer Aniston** séu að hittast. Þau eru nú stödd við tökur á kvikmyndinni **Break Up** og einhverjir ljósmyndarar eru sagðir hafa náð myndum af honum og **Aniston** knúsast. **Vaughn** segir þau vera góða vini. „Við erum að gera mynd saman. Jennifer er fín stelpa en hún á mjög erfitt núna og þetta hafa verið erfiðir tímar hjá henni," hefur imdb.com eftir Vaughn. „Ég veit vel að fólk vildi gjarnan að við værum saman en svo er ekki. Hún þarf ekki öxlina mína til þess að gráta," bætir **Vaughn** við. Þetta er reyndar allt hið skondnasta mál því **Vaughn** lék einmitt á móti **Brad Pitt** og **Angelinu Jolie** í Mr. og Mrs. Smith en sú mynd er sögð hafa orðið til þess að **Brad Pitt** og **Jennifer Aniston** skildu.



Enn bætist í leikarahóp þriðju **X-Men** myndarinnar því nú eru tennissysturnar **Venus** og **Serena Williams** sagðar berjast um hlutverk í myndinni. Það er **Brett Ratner** sér um stjórnvölinn Systurnar berjast um hlutverk tvíkynhneigðrar vændiskonu og er Brett Ratner mjög spenntur fyrir því að fá aðra hvora um borð. Þær yrðu þá ekki fyrstu íþróttamennirnir til þess að leggja X-Men lið því fyrir liggur að **Vinnie Jones** leiki í myndinni auk **Halle Berry** og **Ian McKellen**.



# Viðkvæmur Leguizamo

Leikarinn John Leguizamo sem hefur meðal annars leikið í myndunum Moulin Rouge og Romeo and Juliet segist ætla að hugsa sig tvisvar sinnum um áður en hann samþykkir að leika í annarri uppvakningamynd. Hann segir það hafa verið mjög erfitt fyrir sig að vinna við myndina Land Of The Dead því honum fannst afar erfitt að borða matinn sinn með samstarfsmenn sína fyrir augunum þegar þeir höfðu verið farðaðir eins og uppvakningar.

„Þegar ég fór í mat þurfti ég að horfa á þessa uppvakninga með blóð og innyfli hangandi út úr sér. Það var ekki hægt að horfa á þau. Ég þurfti að taka bakkann minn og borða í húsbílnum mínum. Jafnvel þó að ég vissi að þau voru öll í gervi þá var þetta bara svo ógeðslegt," segir Leguizamo sem var þó þakklátur fyrir að hafa ekki verið í myndinni Dawn Of The Dead frá 1978 sem var leikstýrt af sama leikstjóra, George Romero. „Romero notaði ekta svínainnyfli fyrir þá mynd sem var tekin upp í Pittsburgh að sumri til. Innyflin rotnuðu öll og leikararnir voru sífellt ælandi. Sem betur fer þurfti ég ekki að þola það." ■



Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

*Blúshátíðin í Ólafsfirði hófst í gær. Dagskrá hátíðarinnar verður óvenju fjölbreytt í ár. Meðal þeirra sem koma fram eru Heiða og Lísa úr Idol-keppninni, rokksveitin Roðlaust og beinlaust og hinar ástsælu Borgardætur sem óþarft er að kynna fyrir landsmönnum. Þá má ekki gleyma blúsurunum sjálfum en þar verða fremstir í flokki Blúsmenn Andreu með blúsdrottningunni Andreu Gylfa í broddi fylkingar færustu tónlistarmanna landsins. Að lokum er vert að minna á tónleika í kirkjunni í Ólafsfirði klukkan hálf fimm á laugardaginn þar sem þær Andrea Gylfadóttir og Ellen Kristjánsdóttir flytja andlega söngva, bæði íslenska og bandaríska.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Malarastúlkan fagra í Siglufjarðarkirkju

Frumflutningur á íslenskri þýðingu Guðmundar Hansen og Gunnsteins Ólafssonar á Malarastúlkunni fögru eftir Franz Schubert í flutningi Hlöðvers Sigurðssonar ténórs og Antoníu Hevesi píanóleikara fer fram í Siglufjarðarkirkju laugardaginn 9. júlí kl. 17:00. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Þjóðlagahátíðar á Siglufirði. Lagaflokkurinn Malarastúlkan fagra eftir Franz Schubert er meðal fegurstu verka rómantíska tímabilsins í tónlist. Ljóðin orti Peter Müller. Þar greinir frá malarastrák sem fellir hug til heimasætunnar, malarastúlkunnar fögru. Hann gerir hosur sínar grænar fyrir henni en stúlkan vill heldur njóta samvista við veiðimanninn sem lítur við og við í heimsókn. Malarastrákurinn heitir stúlkunni eilífri tryggð í ljóðum sínum en svo fer að hann kýs að leggjast til svefns undir spegli myllulækjarins.
Guðmundur Hansen, fyrrverandi skólastjóri í Kópavogi, þýddi ljóðin á íslensku í samvinnu við Gunnstein Ólafsson.



**HLÖÐVER SIGURÐSSON OG ANTONÍA HEVESI** Þau frumflytja íslenska þýðingu á lagaflokknum Malarastúlkan fagra eftir Franz Schubert í Siglufjarðarkirkju á laugardaginn klukkan 17.00.

## EKKI MISSA AF…

…tónleikum hljómsveitarinnar **Kimono** í **Gallerí Humar eða frægð** í Smekkleysu plötubúð klukkan 17.00 í dag. Frítt er inn.

…tónleikum norska orgelleikarans **Bjørn Andor Drange** í **Hallgrímskirkju** klukkan 12.00 á laugardaginn. Á efnisskránni eru verk eftir Grieg, Bach, Saint-Säens og Harald Sæverud.

…ljóða- og söngvaskemmtun í Ketilshúsinu í Listagili á Akureyri klukkan 21.30 á laugardaginn. Kvöldið ber yfirskriftina **Dansað fram í dauðann** og verða flutt þar kvæði eftir T.S. Eliot og Jóhannes úr Kötlum. Flytjendur eru Þorsteinn Gylfason, Sif Ragnhildardóttir, Michael Jón Clarke og Richard Simm.


















# Útnárinn Ísland er bárujárnsklæddur

**Bárujárn er eitt helsta einkenni húsanna í miðbæ Reykjavíkur. Óvíða í heiminum hefur það verið notað eins mikið til klæðningar og hér á Íslandi.**



**LAUFÁSVEGUR 34** Í síðustu viku sá greinarhöfundur tvær konur á miðjum aldri grandskoða þetta fallega bárujárnsklædda hús á Laufásveginum sem byggt var árið 1908. Voru konurnar spurðar hvað þær væru eiginlega að skoða. Þær sögðust aldrei hafa séð svona járn á húsi áður auk þess sem gluggarnir væru sérlega fallegir. Konurnar, sem voru dönskar, tóku margar myndir af húsinu til minningar um bárujárnið og dvölina á Íslandi.

„Íslendingar hafa lagt tvennt til byggingalistasögunnar, annars vegar torfbæinn og hins vegar bárujárnsklædda timburhúsið. Þegar sveiserstíllinn svokallaði barst til landsins frá Norðurlöndunum um 1890 þá byrjuðu íslenskir forsmiðir að klæða vegleg timburhús með bárujárni. Þegar Norðurlandabúar sjá þessi hús í dag þá taka þeir bakföll af undrun því þeir eiga ekki að venjast því að sjá hús í sveiserstílnum klædd bárujárni, en það er einmitt mikið af slíkum húsum í miðborginni. Norðmönnum eða Svíum datt ekki í hug að nota bárujárn til að klæða húsin sín því þeir áttu nóg af timbri,“ segir Magnús Skúlason forstöðumaður húsafriðunarnefndar.

### Afsprengi iðnbyltingarinnar

Bárujárn var afsprengi iðnbyltingarinnar í Bretlandi og kom fyrst fram á sjónarsviðið í kringum 1830. Aflmiklar gufuvélar voru forsenda þess að hægt væri að „valsa“ bárurnar, sem bárujárn dregur nafn sitt af, í slétt járn en það hafði ekki gefið góða raun að nota slétt járn til klæðningar.

Það er einkum þrennt sem gerir bárujárn að undraefni. Í fyrsta lagi eru það bárurnar sem gefa efninu styrk langt umfram það sem ætla mætti af þykkt þess, í öðru lagi valda bárurnar því að loft getur leikið um svæðið bak við járnið sem dregur stórlega úr rakaskemmdum og í þriðja lagi er bárujárn galvaníserað sem eykur mjög mikið á endingu járnsins og gerir það að verkum að bárujárn getur enst í allt að 100 ár.

„Þegar Íslendingar fengu verslunarfrelsi og fóru í auknum mæli að versla við Skotland og England, sérstaklega að selja þeim sauði, þurfti að finna einhverja vöru til að flytja til baka, þá fengu íslenskir kaupmenn þá hugmynd að fllytja inn bárujárn í staðinn fyrir sauðina,“ segir Pétur H. Ármannsson hjá byggingarlistardeild Listsafns Reykjavíkur.

„Það var um 1880 sem bárujárnið fer að verða útbreitt hér á landi og eru nokkrar ástæður fyrir því. Timburklæðningin sem var notuð hér á landi áður en bárujárnið kom til sögunnar var óhentug í þeim veðrabrigðum sem eru á Íslandi. Bárujárnið þótti heppilegra en gamla klæðningin því það einangraði betur. Einnig spilaði inn í að á seinni hluta 19. aldarinnar fóru menn að tryggja hús sín hjá dönskum fyrirtækjum og ef hús var bárujárnsklætt voru tryggingarnar ódýrari en ella því eldhætta er minni þegar hús eru klædd bárujárni en þegar þau eru timburklædd,“ segir Pétur.



**STÝRIMANNASTÍGUR 10** Bárujárnsklædda húsið á Stýrimannastíg 10, sem byggt var árið 1906, er í sveiserstílnum svokallaða sem barst hingað til lands frá Norðurlöndunum undir lok 19. aldar. Íslenskir smiðir aðlöguðu notkun á bárujárni að þessum byggingarstíl en það hafði ekki tíðkast áður.

### Þótti ekki fínt í öðrum löndum

Pétur segir að íslenskum smiðum hafi tekist einstaklega vel upp að laga notkun á bárujárni að norrænum byggingarstíl þó svo að bárujárnið hafi ekki þótt við hæfi í öðrum löndum. „Það datt engum í Bretlandi eða á Norðurlöndunum í hug að nota bárujárn nema í skúra eða útihús því það þótti ekki fínt, bárujárnið var heppilegt og ódýrt efni en það þótti ljótt og því var það nær eingöngu notað á íbúðarhús á jaðri hins siðmenntaða heims,“ segir Pétur.

„Bárujárnið var mikið flutt í útjaðar breska heimsveldisins. Ég fór með nýsjálenskan arkitekt í skoðunarferð um miðborg Reykjavíkur um daginn og hann var gáttaður þegar hann sá allt bárujárnið á húsunum því hann hélt að engin þjóð ætti eins mikið af bárujárnsklæddum húsum og Nýsjálendingar,“ segir Pétur og minnist einnig á að bárujárn sé mikið notað í Ástralíu.

Bárujárn varð fljótt ríkjandi í klæðningum húsa hér á landi, bæði á þökum og eins á veggjum. Fyrsti maðurinn sem talinn er hafa sett bárujárnsklæðningu á þak og veggi á húsi sínu var Valgarður Breiðfjörð, smiður og kaupmaður, sem bárujárnsklæddi hús sitt við Aðalstræti 8 árið 1876. Almennt var bárujárn þó ekki lagt á húsveggi fyrr en eftir 1890. Í grein frá árinu 1897 sem bar titilinn Handhægasta byggingarefnið og birtist í blaðinu Reykvíkingi segir Valgarður Breiðfjörð: „Það er engum efa bundið, að það handhægasta, varanlegasta og besta byggingarefni sem við höfum nokkru sinni fengið, er galvaniseraða þakjárnið,“ en bárujárnið gekk undir ýmsum nöfnum hér áður fyrr áður en orðið bárujárn festist við það.

### Lifði lok timburhúsaaldar

Þrátt fyrir að timburhúsöld hafi liðið undir lok á Íslandi um 1920 var bárujárnið áfram notað á þök steinsteyptu húsanna sem byrjuðu að rísa í borginni. Listin að bárujárnsklæða hús féll svo í gleymsku í um hálfa öld allt fram til um 1970 að áhugi fór að vakna aftur á gamla timburstílnum og menn fóru aftur að nota bárujárn til klæðningar á nýjum húsum í nýjum hverfum.

„Bárujárn þykir ekki fínt og því kom það mér á óvart þegar ég sá það notað á húsþaki í Písa á Ítalíu fyrir nokkrum árum og eins veit ég að það er mikið notað á Falklandseyjum en þar er veðurfar svipað og hér á landi. Ég held að að bárujárnið sé til víða í heiminum í ófínni hverfum en ég held að Ísland sé eini staðurinn þar sem bárujárnið er viðurkennt og þykir bara flott,“ segir Magnús Skúlason.

*Heimildir: Bárujárn: Verkmenning og Saga. Höfundar: Grétar Markússon, Hjörleifur Stefánsson og Stefán Örn Stefánsson. Ritstjóri: Hjörleifur Stefánsson. Minjavernd 2, Reykjavík 1995.*

ingi@frettabladid.is

# Ljósmyndir af listaverkum

Komin er út bókin Material time, work time, life time sem hefur að geyma ljósmyndir með myndum af listaverkum frá myndlistarþætti Listahátíðar í Reykjavík 2005. Verkið var unnið að frumkvæði Eiðastóls.

Bókin hefur að geyma ljósmyndir úr vinnustofum Dieters Roth, og af verkum listamannsins frá sýningunni Lest, ásamt myndum frá sýningunni Tími, rými, tilvera, alþjóðlegri samsýningu á Listahátíð 2005.

Þrjátíu og fjórir, innlendir og erlendir, listamenn unnu verk sín sérstaklega fyrir þessa sýningu og þróuðu frekar viðfangsefni sem finna má í verkum Dieters Roth.



**BLIND PAVILION 2004** Þessi mynd af verki Ólafs Elíassonar er ein af fjölmörgum sem finna má í nýrri bók með myndum af listaverkum frá myndlistarþætti Listahátíðar í Reykjavík 2005.

Bókinni fylgir sýningarskrá á ensku með viðtölum við listamennina.

Bókin er til sölu hjá Listasafni Reykjavíkur og á Listasafni Íslands. ■

# Kvikmyndafræði í HÍ

Í haust verður í fyrsta skipti boðið upp á kvikmyndafræði sem aukagrein við Háskóla Íslands.

„Okkur fannst svona að það væri kominn tími til að menntageirinn sinnti þessum mjög svo veigamikla menningarþætti. Menntun fólksins í landinu mótast að miklu leyti af kvikmyndinni,“ segir Guðni Elísson dósent í almennri bókmenntafræði, sem verður umsjónarmaður námsins fram að jólum.



**GUÐNI ELÍSSON** „Okkur fannst að það væri kominn tími til að menntageirinn sinnti þessum mjög svo veigamikla menningarþætti.“

Guðni verður með námskeið um tilraunamyndir Friðriks Þórs Friðikssonar, Eldsmiðinn og Rokk í Reykjavík, í kvikmyndafræðinni í haust. „Við ætlum að reyna að taka fyrir einstaka leikstjóra, bæði innlenda og erlenda í náminu, leikstjóra eins og Friðrik, Fellini, Bergmann og eins hefur verið nokkur áhugi á Tarkovskí,“ segir Guðni og bætir því að aðsóknin að kvikmyndafræðinni hafi verið nokkuð góð það sem af er sumri.

Kvikmyndafræðin verður í samvinnu við tungumálaskorirnar sem sjá um sérstök námskeið um kvikmyndir viðkomandi landa eða menningarsvæða, t.d. verða tvö námskeið um þýskar kvikmyndir, námskeið um franskar kvikmyndir og kvikmyndir Rómönsku-Ameríku.

Guðni segir að ráðinn verði aðjúnkt sem sjái um að kenna skyldunámskeiðin tvö innan kvikmyndafræðinnar, kvikmyndasögu og kvikmyndafræði og er gert ráð fyrir því að aðjúnktinn taki til starfa í janúar.

Til að byrja með verður kvikmyndafræðin eingöngu kennd sem aukagrein en síðar er gert ráð fyrir því að hún verði kennd á MA-stigi. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

6 7 **8** 9 10

**Föstudagur**

### ■ ■ TÓNLEIKAR

☐ 12.00 Funk-hljómsveitin **Mimoun** frá Hollandi með hádegistónleika í **Ketilshúsinu** á Akureyri. Mimoun flytur litríka tónlistarblöndu sem samanstendur af austurlenskri og lýrískri balkantónlist og arabískum sambarythma.

☐ 18.00 **Big Fies Big Band** frá Odder Kommune Musikskole heldur konsert á íbúa-grillhátíð í göngugötu **Mosfellsbæjar**.

### ■ ■ OPNANIR

☐ 17.00 **Áslaug Thorlacius** opnar myndlistarsýningu í **Slunkaríki** á Ísafirði. Á sýningunni sýnir Áslaug teikningar, vatnslitamyndir og ljósmynd sem hún hefur unnið upp úr ferð sem hún fór um Vestfirði sumarið 2004.

☐ 17.00 **Þórdís Aðalsteinsdóttir** opnar sýninguna **Private View** í **101 Gallery**. Þetta er fyrsta einkasýning Þórdísar á Íslandi en hún útskrifaðist frá School of Visual Arts, New York, árið 2003.

☐ 18.00 Opnun listasýningarinnar **Myndasögur í sprengjubyrgi** í **Gallerí Humar eða Frægð!** að Laugavegi 59 (Kjörgarði, Bónus)

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.
















**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

**Rob Thomas:** Something to Be, **Lights on the Highway:** Lights on the Highway, **The Bees:** Free the Bees, **Clinic:** Internal Wrangler, **Queens Of The Stone Age:** Lullabies to Paralyze, **Coldplay:** X&Y, **Anouar Brahem:** Lepas du shat noir og **Sin City** – Soundtrack.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## *Ókeypis útgáfutónleikar*

Hljómsveitin Hölt hóra heldur útgáfutónleika á Grandrokki í kvöld en þeir gáfu út plötuna Love Me Like You Elskar Mig 22. júní. „Við spilum alla plötuna auk annarra laga sem fólk hefur sjaldan heyrt okkur spila. Með okkur verður hljómsveitin Nortón sem spilar skemmtilegt fönk. Við lofum að sjálfsögðu brjáluðum tónleikum og setjum upp nýtt ljósakerfi og höfum tryllt „show," segir Atli Fannar Bjarkason söngvari sveitarinnar. Húsið opnar klukkan tíu og hafa strákarnir ákveðið að hafa ókeypis inn. „Okkur langaði bara að sem flestir kæmu og hlustuðu og þess vegna ákváðum við að hafa aðgang ókeypis. Við ætlum svo að selja plötuna á staðnum og vonum bara að sem flestir láti sjá sig."



**HÖLT HÓRA** Sveitin heldur útgáfutónleika í kvöld í tilefni af útkomu þeirrar fyrstu plötu, Love Me Like You Elskar Mig.

### > Plata vikunnar ...



**HUDSON WAYNE: The Battle of the Bandidos**

*„Strákarnir gera þetta vel en ég held að næsta plata verði jafnvel enn betri með nýjum liðsmönnum."* **BG**

### > Popptextinn ...

*Is that why they call me a*
*sullen girl, sullen girl*
*They don't know I used to sail*
*the deep and tranquil sea*
*But he washed me shore and*
*he took my pearl*
*And left an empty shell of me*

Fiona Apple hefur gengið í gegnum súrt og sætt. Í laginu Sullen Girl fjallar hún um þá erfiðu lífsreynslu að hafa verið nauðgað.












FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR SNORRI

**RASS SAMFÉLAGSINS** Hljómsveitin Rass sendir frá sér sína fyrstu plötu. Gripurinn nefnist Andstaða og er heitið komið til vegna hápólitísks hugsunarhátts sveitarmeðlima.

# Stungið á kýlum samfélagsins

Platan Andstaða er væntanleg til landsins með hinni hápólitísku pönksveit Rass. *Borghildur Gunnarsdóttir* spjallaði við **Guðna Finnsson**, bassaleikara sveitarinnar.

Nú á næstu dögum er væntanleg plata frá pönksveitinni Rass og ber gripurinn heitið Andstaða. „Nafnið var valið út frá því að við erum svo pólitískir. Þetta er hápólitísk pönkhljómsveit," segir Guðni Finnsson bassaleikari sveitarinnar en hann er einnig í hljómsveitunum Dr. Spock og Ensími. Platan átti að koma út 17. júní en félagarnir eru enn að bíða eftir því að hún komi til landsins. Andstaða er fyrsta plata hljómsveitarinnar en Rass hefur starfað í um tíu ár. „Upphaflega fórum við að spila saman bara af því að við höfum verið félagar í gegnum tíðina og höfum verið saman í nokkrum hljómsveitum. Auk mín eru þeir Björn og Toggi gítarleikarar, Óttar Proppé söngvari og Addi trommuleikari. Við spiluðum alltaf einu sinni á ári og fannst þetta svo skemmtilegt að við ákváðum að gera plötu. Einnig fundum við fyrir miklum utanaðkomandi þrýstingi."

Þegar Guðni er beðinn um að lýsa tónlist sveitarinnar segir hann aðalatriðið vera að spila nógu hratt. „Þetta er bara ekta pönk þannig að aðalmálið er að spila nógu hratt og nógu fast. Við hlustum ekkert allir á sömu tónlistina en áhrifin koma aðallega frá því besta úr þessari senu þegar pönkið var á blómatímanum."

Lögin á plötunni eru tólf talsins og þar á meðal eru til dæmis lögin Burt með Kvótann og Kárahnjúkar. „Textarnir eru að sjálfsögðu hápólitískir og í þeim er stungið á kýlum samfélagsins. Þetta er alvöru pönkplata og ég er mjög ánægður með hana. Megnið af lögunum eru glæný og sum urðu til svona tuttugu mínútum áður en við fórum í hljóðverið svo það er mikil sköpun í gangi," segir Guðni en platan var tekin upp í Thule stúdíóinu.

Aðspurður hvort þeir hafi haft einhvern sérstakan rass í huga þegar þeir völdu nafnið á hljómsveitina svarar hann án þess að hika: „Rass samfélagsins." ■

# G! fallegasta tónlistarhátíð heims

G! Festival tónlistarhátíðin í Færeyjum verður haldin í fjórða skipti helgina 22. til 24. júlí. Hátíðin er samstarfsverkefni Reykjavík Grapevine, Landsflugs og Grapevine búðarinnar. Upprunalega hugmyndin að hátíðinni var sú að nýta sér glæsilegt landslag Færeyja sem umgjörð fyrir „fallegustu tónlistarhátíð heims". Hugmyndasmiðir hátíðarinnar vildu blanda saman því nýja og gamla, rafljósum við þokuna og rokktónum við sjávarniðinn.



**G! FESTIVAL** Frábær stemmning myndast í fallegu umhverfinu. Nánari upplýsingar má finna á www.gfestival.com.

Mikill fjöldi hljómsveita og listamanna frá öllum Norðurlöndunum kemur fram. Meðal þeirra verður íslenska reggíhljómsveitin Hjálmar, danska hljómsveitin Nephew og finnska hljómsveitin Darude. Hinir fornfrægu glysrokkarar í stórhljómsveitinni Europe hafa einnig boðað komu sína en lag þeirra „The Final Countdown" þekkir hvert einasta mannsbarn.

Hátíðin verður haldin í Götu í Færeyjum og er boðið upp á pakkaferðir með flugi frá Reykjavíkurflugvelli. Miðaverð er 33.600 krónur og innifalið í því verði er flug til og frá Færeyjum, ferðir til og frá flugvelli, miði á G! hátíðina, tjaldstæði og morgunmatur á hátíðadögunum.

Sala miða hefst í dag í Grapevine búðinni að Laugavegi 11 og búðin er opin alla daga frá tólf á hádegi til tíu á kvöldin nema sunnudaga en þá er lokað. ■

# Vinsælasta tónlistin á Íslandi

**Á móti sól**
**árita disk sinn**
**á morgun, laugardag í Hagkaupum Smáralind frá kl. 16-17**

**Raggi Bjarna**
**áritar disk sinn**
**í dag í Hagkaupum Smáralind frá kl. 17-18**




5. sæti*
1.999 kr
Alm. verð 2.399-

Á MÓTI SÓL - Hin 12 topplögin




1. sæti*
1.999 kr
Alm. verð 2.399-

RAGGI BJARNA - Með hangandi hendi



1.499 kr Alm. verð 2.399- 13. sæti*
GORILLAZ-Demon days




1.499 kr Alm. verð 2.399- 11. sæti*
SYSTEM OF A DOWN-Mesmerize



1.999 kr Alm. verð 2.399- 9. sæti*
KK & MAGGI-Fleiri ferðalög



1.999 kr Alm. verð 2.399- 7. sæti*
DAVÍÐ SMÁRI-You do something to me



1.999 kr Alm. verð 2.399- 4. sæti*
HILDUR VALA



1.499 kr Alm. verð 2.399- 2. sæti*
COLDPLAY-X & Y



1.999 kr Alm. verð 2.399- 14. sæti*
EMILÍANA TORRINI-Fisherman´s woman




1.999 kr Alm. verð 2.399- 12. sæti*
BUBBI-Paradís



1.499 kr Alm. verð 2.399- 10. sæti*
FOO FIGHTERS-In your honour



1.999 kr Alm. verð 2.399- 8. sæti*
BUBBI-Ást



1.499 kr Alm. verð 2.499- 6. sæti*
Eurovision song contest 2005



1.499 kr Alm. verð 2.399- 3. sæti*
DURAN DURAN-Greatest

*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 15. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA










# Longoria lærir að tala frönsku

Eva Longoria, stjarna þáttanna um aðþrengdu eiginkonurnar, er byrjuð að læra frönsku. Ekki að hún sé að fara leika franskt tálkvendi heldur gerir hún þetta til að kæta nýja kærastann sinn, körfuknattleikshetjuna úr San Antonio Spurs, Tony Parker. Hin þrítuga þokkadís, sem orðuð hefur verið við 24 leikarann Kiefer Sutherland og Svarthöfðann Hayden Christiansen, segir að sér finnist þokkafullt að geta talað við Parker á móðurmáli hans. Parker er alinn upp í Frakklandi og franskur ríkisborgari þrátt fyrir að vera fæddur í Belgíu.

Parið er oft fjarri hvort öðru og Longoria styttir sér stundirnar með því að hlusta á frönskukennslu af spólum sem hún hefur pantað sér. ■



**EVA OG TONY** Parið er ekki búið að vera lengi saman en hér sést það haldast í hendur eftir að lið Tony Parker, San Antonio Spurs, hrósaði sigri í NBA-deildinni.



**LIL' KIM** Lil' Kim er hér í fylgd með lögfræðingi sínum Mel Sachs.

# Lil' Kim í fangelsi

Rappkvendið Lil' Kim var í fyrrakvöld dæmd í árs fangelsi fyrir að ljúga eiðsvarin og hylma þar með yfir góðum vinum sínum. Árið 2001 braust út skotbardagi milli tveggja rappklíkna fyrir framan Hot 97 útvarpsstöðina. Lil' Kim laug því til að hún hefði ekki séð fyrrum framkvæmdastjóra með byssu og ekki heldur fyrrverandi lífvörð sinn. Þeir játuðu síðar báðir sekt sína.

Lil' Kim er einn fyrsti kvenkyns rapparinn sem dæmdur er í fangelsi. Lil' Kim þarf auk þess að greiða fimmtíu þúsund dollara eða rúmlega þrjátíu milljónir íslenskra króna í sekt. ■






**LEHMAN OG JULIE ANDREWS** Ernest Lehman fékk heiðursóskarinn árið 2001 og Julie Andrews afhenti honum styttuna. Með þeim á myndinni er eiginkona Lehmans.

# Lehman látinn

Ernest Lehman, nafn sem hringir kannski ekki mörgum bjöllum, er látinn. Lehman þessi var handritshöfundur og var sex sinnum tilnefndur til Óskarsverðlauna. Hann skrifaði meðal annars handrit að sígildum kvikmyndum eins og West Side Story og Sound of Music.

Lehman, sem varð 89 ára gamall, fékk fimm sinnum verðlaun frá samtökum handritshöfunda og skrifaði auk þess margar smásögur fyrir Esquire og Cosmopolitan. Þá á hann einnig heiðurinn af því að hafa skrifað handritið að North By Northwest sem Alfred Hitchcock leikstýrði. Þá færði Lehman hið klassíska leikrit Who's Afraid of Virginia Woolf í kvikmyndabúning. Hann framleiddi þá mynd einnig en hún var með Elisabeth Taylor og Richard Burton í aðalhlutverkum. ■




# Fær Geldof friðarverðlaunin?

Jan Simonsen, meðlimur í Nóbelsnefndinni, tilkynnti í fyrradag að hann hefði tilnefnt Bob Geldof til friðarverðlauna Nóbels. Í yfirlýsingu frá Simonsen kemur fram að hann tilnefni Geldof vegna þess að hann hafi tekið frumkvæði í því að skipuleggja rokktónleika sem hafi átt að varpa ljósi á bágar aðstæður fátækustu þjóða og þrýsta á leiðtoga heimsins að berjast gegn fátækt.

Bob Geldof hefur oft haft viðurnefnið hungurpopparinn. Hann var forsprakki hljómsveitarinnar Boomtown Rat en hefur á undanförnum tuttugu árum eytt sínum tíma í að kynna fyrir heimsbyggðinni aðstæðurnar í Afríku. Hann skipulagði LiveAid-tónleikana 1985 þar sem hann safnaði peningum handa fórnarlömbum hungursneyðarinnar í Eþíópíu. Tuttugu árum síðar kom Geldof aftur fram og kom að skipulagningu nýrra tónleika undir nafninu Live 8 sem síðar voru haldnir í tíu borgum. Með þeim vildi Geldof þrýsta á leiðtoga átta helstu iðnríkja heims að frysta skuldir fátækustu þjóðanna og efla þróunaraðstoð. ■



**BOB GELDOF** Meðlimur í norsku Nóbelsnefndinni hefur tilkynnt að hann hafi tilnefnt Bob Geldof til friðarverðlaunanna.






**TURTILDÚFURNAR CRUISE OG HOLMES** Þrátt fyrir fregnir þess efnis að Cruise og Holmes séu í óða önn að skipuleggja brúðkaup fyrir næsta mánuð virðist Katie nú vilja taka því rólega.

## Ekkert hjónaband á döfinni

Þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar í blöðum og sjónvarpi er Katie Holmes ekki tilbúin að ganga í hjónaband ef marka má fréttavefinn contactmusic.com. Þar hefur hann eftir Batmanleikkonunni að enginn í Hollywood vilji giftast. „Ég vil ekki giftast núna en ég vil eldast með einhverjum,“ hefur vefurinn eftir Katie.

Eins og flestum ætti að vera kunnugt um þá bað unnusti Katie, Tom Cruise, hennar í París á þjóðhátíðardegi Íslendinga 17. júní. Á meðan Tom Cruise hefur látið eins og ástfanginn táningsdrengur hefur Katie, sem er 16 árum yngri, verið ögn rólegri í tíðinni. Samkvæmt heimildarmönnum fréttavefsins vill Katie fá að njóta sambandsins áður en hún verður þriðja eiginkona Tom Cruise. ■



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„This is not a war. This is an extermination!“**

**Svar:** Ogilvy úr kvikmyndinni War of the World frá árinu 2005.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR KYNNTIST ÞVÍ AFTUR HVERNIG ER AÐ VERA SJÓNVARPSFÍKILL

## *Ein með sjónvarpinu*



**SJÓNVARPIÐ** Var einu sinni besti vinur minn og aldrei að vita nema það verði það aftur.

Ég er rosalega mikið fyrir að horfa á sjónvarp. Alveg frá því að ég man eftir mér fannst mér langskemmtilegast af öllu að horfa á sjónvarp. Ég sleppti því fúslega að fara út að leika til að horfa á sjónvarp og laug miskunnarlaust af vinum mínum þegar þeir reyndu að draga mig út úr húsi.

Þegar ég var fjögurra ára kunni ég heilu þættina af My Little Pony utan að og þegar ég var sjö ára gat ég talað ensku með áströlskum hreim eins og fólkið í Grönnum. Ég bölvaði fólkinu í blokkinni í Melrose Place í sand og ösku þegar það gerði eitthvað heimskulegt og grét þegar Monica bað Chandler um að giftast sér í Friends. Ég hef þolað margt með sjónvarpinu og það hefur þolað mig. Það er í raun furðulegt út af fyrir sig að ég fúnkeri í raunverulega heiminum.

Þessa dagana er það tímaleysi sem veldur því að ég horfi ekki eins mikið á sjónvarp og ég gerði. Mér finnst líka sjónvarpið á Íslandi einkennast af alltof væmnum, bandarískum þáttum sem eiga sér engar stoðir í raunveruleikanum.

En á mánudaginn kynntist ég þætti sem virti fínu línuna sem er á milli þess að vera fallegt og væmið. Extreme Makeover – Home Edition náði mér á sitt band eins og Grannar gerðu forðum. Þegar þátturinn var búinn var ég grátbólgin og meyr og langaði helst ekki að fara út úr húsi í nokkra daga. Í þættinum var húsi indællar fjölskyldu breytt frá A til Ö og þau voru svo þakklát og yndisleg. Þau létu mig trúa á sjónvarpið aftur. Það er greinilega eitthvað gott eftir í þessum sjónvarpsheimi. Kannski svo gott að ég byrja miskunnarlaust að tilkynna mig veika í vinnunni og ljúga að fjölskyldunni minni bara svo ég geti verið heima hjá mér. Ein með sjónvarpinu.



▶ 20.10 *Bíó*

MY DOG SKIP



▶ 20.30 *Söngur*

ÞAÐ VAR LAGIÐ



▶ 19.30 *Tónlist*

ÍSLENSKI LISTINN



▶ 21.00 *Raunveruleiki*

PIMP MY RIDE



▶ 19.40 *Íþróttir*

LANDSBANKADEILDIN

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Bitti nú! (14:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (8:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
▶ **20.10 Hundurinn minn** (My Dog Skip) Fjölskyldumynd frá 2000. Sagan gerist í Mississippi upp úr 1940 og segir frá feimnum níu ára strák sem fær í afmælisgjöf hund sem verður honum afar kær.
**21.45 Belle de jour** Bíómynd eftir Luis Bunuel frá 1967. Severine er glæsileg ung læknisfrú sem elskar mann sinn heitt. Samt forðast hún allt líkamlegt samband við hann og svalar fýsnum sínum á öðrum vettvangi.

**23.20** Gullmót í frjálsum íþróttum **1.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers (89:150) **13.25** 60 Minutes II 2004 **14.10** U2 **14.50** Jag (12:24) (e) **15.35** Bernie Mac 2 (17:22) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.30** Simpsons **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons**
**20.00 Joey (20:24)**
▶ **20.30 Það var lagið** Nýr íslenskur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.
**21.30 Two and a Half Men (11:24)**
**21.55 Osbournes 3(a) (10:10)** Það ríkir engin lognmolla þegar Ozzy er annars vegar.
**22.20 Men With Brooms** (Sópað til sigurs) Nokkrir vinir í kanadískum smábæ snúa bökum saman á nýjan leik til að láta draum sinn og gamla þjálfarans rætast. Takmarkið er að vinna meistaratitilinn í kurli (Curling). Bönnuð börnum.

**0.00** Kung Pow: Enter the Fist (Bönnuð börnum) **1.20** Black Hawk Down (Stranglega bönnuð börnum) **3.40** Fréttir og Ísland í dag **5.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Seinfeld 2 (4:13)**
▶ **19.30 Íslenski listinn** Jónsi í Í svörtum fötum fer með okkur í gegnum vinsælustu lög vikunnar og tekur púlsinn á öllu því heitasta í dag.
**20.00 Seinfeld 2 (5:13)**
**20.30 Friends (10:24)** (Vinir) Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.
**21.00 MTV Movie Awards 2005** Hátíðin var haldin með stæl í Los Angeles á dögunum þar sem síðasta ár í kvikmyndaheiminum var gert upp. Meðal þeirra sem komu fram voru Eminem, Lindsay Lohan og Foo Fighters. Grínistinn Jimmy Fallon er kynnir á hátíðinni.
**22.30 Kvöldþátturinn** (brot af því besta) Brot af því besta úr Kvöldþáttum vikunnar.

**23.15** David Letterman **0.00** David Letterman **0.45** Friends (10:24) **1.10** Kvöldþáttur **1.55** Seinfeld 2 (5:13)

### SKJÁREINN

**18.00** Cheers – 4. þáttaröð

**18.30 Worst Case Scenario (e)**
**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Still Standing (e)**
**20.00 Ripley's Believe it or not!**
**20.50 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
▶ **21.00 Pimp My Ride** Þættir um hvað hægt er að gera fyrir bíla sem allir hafa gefið upp á bátinn.
**21.30 MTV Cribs** Í „MTV Cribs“ þáttunum bjóða stjörnurnar fólki að skoða heimili sín hátt og lágt.
**22.00 Tremors** Hjá íbúum Dýrðardals (Perfection Valley) Nevada gengur lífið sinn vanagang flesta daga. Nema þegar Ormurinn hvíti, hinn 10 metra langi þorpsormur, rumskar af værum svefni.
**22.45 Sjáumst með Silvíu Nótt (e)**
**23.15** The Swan (e) **0.00** Dead Like Me (e) **0.45** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.15** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

*besta sætið*

**17.20** Landsbankadeildin (KR – ÍA)

**19.10 Gillette-sportpakkinn**
▶ **19.40 Landsbankadeildin** (FH – Keflavík) Bein útsending frá leik FH og Keflavíkur í Kaplakrika. Landsbankadeildin er nú hálfnuð en þegar félögin mættust í fyrstu umferðinni höfðu Íslandsmeistararnir betur, 3-0.
**22.00 World Poker Tour 2** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur HM í póker átt miklum vinsældum að fagna og kemur margt til.
**23.30** World Supercross **0.25** Landsbankadeildin (FH – Keflavík) **2.15** K-1

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Virginia's Run **8.00** Sounder **10.00** Two Weeks Notice **12.00** Overboard **14.00** Sounder **16.00** Two Weeks Notice **18.00** Overboard **20.00** Virginia's Run **22.00** Showtime (Bönnuð börnum) **0.00** Chasing Holden (Bönnuð börnum) **2.00** O (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Showtime (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Sherwood Craig **8.30** Um trúna og tilv. **9.00** Maríusystur **9.30** Bl. efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** T.D. Jakes **11.00** Robert Schuller **12.00** Samverust. (e) **13.00** Joyce Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Kvöldljós **16.00** Joyce Meyer **16.30** Bl. efni **17.00** Dr. David Cho **17.30** Freddie Filmore **18.00** Mack Lyon **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttast. **20.00** Vatnaskil Hvítasunnuk. Fíladelfía **21.00** Mack Lyon **21.30** Acts Full Gospel **22.00** Joyce Meyer **22.30**

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The E! True Hollywood Story **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Style Star **14.30** Extreme Close-Up **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** 101 Most Starlicious Makeovers **17.00** Dr. 90210 **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** High Price of Fame **21.00** Style Star **22.00** E! Entertainment Specials **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls 0.00 Wild On **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers

### AKSJÓN

**7.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga


ALLAR STÆRSTU FRÉTTASTÖÐVARNAR!

Fræðslupakkinn
Verð frá 2.450 kr. / M12 verð: 2.290 kr.

digital ísland
FRÁBÆR DAGSKRÁ - FULLKOMIN TÆKNI

ÁSKRIFT: 514 5100 | WWW.DIGITALISLAND.IS | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

GOTT FÓLK McCANN

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Tremors SKJÁREINN **22.00**

***Þættirnir hafa vakið lukku vestan hafs.***

### *Samvistir við orm*

Hér er á ferð nýr þáttur á dagskrá um íbúa Perfection Valley í Nevada. Allt gengur vel fyrir sig þangað til hinn tíu metra langi þorpsormur rumskar af værum svefni og þarf að fá sér snarl. Íbúar kjósa samvistir við orminn, því svo lengi sem hann heldur sig í dalnum þora gráðugir byggingaverktakar ekki að ráðast til atlögu við bæinn. Furðulegir þættir um stórt vandamál í litlum bæ.



Aðalleikarar í Tremors.

Með aðalhlutverk fara Richard Biggs, Victor Browne og Michael Gross.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Umsjón: Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ásdísi Olsen. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. **12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Birta – Umsjón: Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ásdísi Olsen e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútvarpið e.

**23.00** Úrval úr Allt & sumt

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Frakkneskir fiskimenn á Íslandi **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Bara stelpa **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Lifandi blús **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Plötuskápurinn **19.40** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Hljómsveit Reykjavíkur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Ungmennafélagið **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Football: Goooal ! **12.15** Cycling: Tour de France **16.00** Volleyball: European League Finland **18.00** Wrestling: TNA Impact USA **19.00** Powerlifting: World Championship South Africa **20.00** Cycling: Tour de France **21.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **21.30** Freestyle Motocross: US Tour Phoenix **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Xtreme Sports: Latin X-games **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Hetty Wainthropp Investigates **12.55** Teletubbies **13.20** Tweenies **13.40** Fimbles **14.00** Balamory **14.20** Monty the Dog **14.25** Bill and Ben **14.35** Stitch Up **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Diet Trials **16.00** Animal Park **17.00** Rick Stein's Food Heroes **17.30** The Best **18.00** Elephant Diaries **18.30** Big Cat Diary **19.00** A Picture of Africa **19.30** Nollywood **20.00** Alistair McGowan's Big Impression **20.30** Top of the Pops **21.00** Queen & Country **22.00** A Picture of Africa **22.30** Nollywood **23.00** A History of Britain **0.00** British Isles: A Natural History **1.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Seconds from Disaster: Flood at Stava Dam **13.00** Seconds from Disaster: Fire on the Ski Slope **14.00** Seconds from Disaster: Tunnel Inferno **15.00** Seconds from Disaster: the Bomb in Oklahoma City **16.00** Seconds from Disaster: Pentagon 9-11 **17.00** Seconds from Disaster: Derailment at Eschede **18.00** Seconds from Disaster: Crash of the Concorde **19.00** Tau Tona – City of Gold **20.00** Diamonds of War **21.00** State of Fear *no Borders* *premiere* **23.00** Riddles of the Dead: Sole Survivor **0.00** Death by Natural Causes: Watery Death

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Killing for a Living **13.00** Pet Star **14.00** Miami Animal Police **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Pet Star **19.00** Animal Precinct **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Venom ER **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Animal Precinct **1.00** Pet Star

**DISCOVERY**
**12.00** Super Structures **13.00** Leonardo's Dream Machines **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** Extreme Machines **17.00** Thunder Races **18.00** Mythbusters **19.00** American Casino **20.00** Scene of the Crime **21.00** Impossible Heists **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Spy Master

**MTV**
**13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** The Osbournes **20.00** Wonder Showzen **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.30** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** Green Day Storytellers **20.00** Mtv Live **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** Green Day Storytellers **1.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Design Challenge **12.35** The Stylists **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** Cheaters **15.10** Arresting Design **15.35** Staying in Style **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Famous Homes & Hideaways **18.05** Awesome Interiors **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** My Messy Bedroom **20.45** Ex-Rated **21.10** Sextacy **22.00** Girls Behaving Badly **22.25** Hotter Sex **23.10** Insights **23.40** Weekend Warriors **0.05** Awesome Interiors **0.30** Design Challenge **0.55** The Stylists **1.20** Crimes of Fashion

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**13.25** Lady in White **15.20** The End **17.00** Dempsey **19.20** Cohen and Tate **20.45** Extremities **22.15** Somtimes They Come Back **23.55** Posse **1.45** Summer Heat **3.05** The Fantasticks

**TCM**
**19.00** Where Eagles Dare **21.30** Wise Guys **23.00** Savage Messiah **0.40** The Man Who Laughs **2.20** The Secret of My Success

**HALLMARK**
**12.45** The Legend of Sleepy Hollow **14.15** Mary, Mother Of Jesus **16.00** Touched By An Angel Ili **16.45** Ford: The Man and the Machine **18.30** Taking Liberty **20.00** Just Cause **20.45** Scarlett **22.30** Incident in a Small Town **0.00** Just Cause **0.45** Taking Liberty **2.15** Scarlett

**BBC FOOD**
**12.00** A Cook's Tour **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** Paradise Kitchen **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Food Source **16.30** Gondola On the Murray **17.00** Jancis Robinson's Wine Course **17.30** The Tanner Brothers **18.30** Friends for Dinner **19.00** Deck Dates **19.30** Far Flung Floyd **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Floyd's Fjord Fiesta **21.30** Saturday Kitchen

**DR1**
**12.25** Gr¢n glæde **12.50** Fra Kalahari til Sameland **13.20** Sporl¢s **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Shin Chan **14.10** Braceface **14.30** SommerSummarum **15.30** Yu-Gi-Oh! **16.00** Fredagsbio **16.10** Lauras stjerne **16.20** Mira og Marie **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Endelig fredag **19.00** TV Avisen **19.25** SommerVejr **19.30** AftenTour 2005 **19.55** Sidste nedtælling **21.55** To Die For

**SV1**
**13.30** Packat & klart – sommarspecial **14.00** Rapport **14.05** Fader Ted **14.30** Honung **15.00** Lugna kocken **15.25** Blomsterspråk **15.30** Runt omkring på Island **15.55** En fiol till Arve Tellefsen **16.00** Hästfolk **16.30** Richard Scarrys äventyrsvärld **16.55** Gula giraffens djurhistorier **17.00** Laura **17.30** Rapport **18.00** Sällskapsresan **19.50** Svensson, Svensson **20.20** Foyle's War **22.00** Rapport **22.10** Allsång på Skansen **23.10** Brainstorm **0.55** Sändning från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fær Tómas Knútsson kafari sem prýðir forsíðu nýjasta tölublaðs Time Magazine.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR

**HARPA PÉTURSDÓTTIR** LENTI INN Í MIÐRI DANIELLE STEEL BÓK

# *Fortíðardraugar*

Ég var á djamminu um daginn og hitti þennan líka glæsilega og vel menntaða mann sem ég endaði með að gefa númerið mitt. Skömmu síðar hringdi hann í mig og bauð mér á stefnumót. Með nettan fiðring í maganum ákvað ég að taka boðinu. Ég var örugglega búin að eyða tveimur klukkustundum í að hafa mig til þegar hann flautaði og ég stökk út í bíl hans sem lúkkaði næstum jafn vel og hann sjálfur. Við keyrðum af stað og áður en ég vissi var ég á leiðinni út úr bænum. Fljótlega áttaði ég mig á því að við vorum ekki að fara út að borða á neinn af þeim stöðum sem maður á að venjast. Þegar við vorum komin að Litlu Kaffistofunni hafði ég safnað nægum kjarki til að gubba út úr mér spurningunni: Hvert erum við eiginlega að fara? Hann svaraði um hæl: Það á að koma á óvart! Spennan innan bifreiðarinnar var að ná hámarki! Bæði á milli okkar tveggja sem þekktumst lítið sem ekki neitt og vegna óvissunnar um það hvernig kvöldið myndi þróast. Hann stoppaði bílinn út í vegkanti og sagði mér að fara út. Ég hlýddi því en vissi ekki hvort ég ætti að vera heilluð eða hrædd. Þá greip hann í hendina á mér og leiddi mig úr í hraunið. Þar breiddi hann úr teppi í kvöldsólinni og bauð mér upp á rauðvín og osta. Ég vissi bara alls ekki hvað ég átti að halda, hvort ég væri stödd í 5. kafla í Danielle Steel bók eða hvort gaurnum væri virkilega alvara. Ég sá hins vegar fljótt að honum var full alvara og ætlaði greinilega að heilla mig upp úr skónum. Ég fylltist þó efasemdum vegna of mikillar rómantíkur fyrir eitt kvöld og ekki bætti úr skák þegar hann vildi endilega gefa mér blóm sem hann hafði týnt á leiðinni. Ég ákvað að gefa honum þennan séns og lét sem ekkert væri.

Við komumst loks á leiðarenda sem var veitingahús í sveitinni og fórum að spjalla og kynnast betur. Þá tók hins vegar kvöldið 180 gráðu beygju á methraða. Honum tókst að steypa annars vel heppnuðu kvöldi í hreinar og beinar náttúruhamfarir! Honum datt í hug að ræða á okkar fyrsta stefnumóti um fyrrverandi kærastuna sína og hversu illa hún hefði farið með hann!

Umræðuefni kvöldsins var síðan eingöngu hún! Ég sat á móti honum, á því sem hefði getað verið svo gott stefnumót og hugsaði með mér hvort 6. kaflinn í bókinni væri í alvörunni svona. Hverjum dettur í hug að ætla að sjarmera stúlku með því að ræða sína fyrrverandi?



Eftir því sem leið á kvöldið áttaði ég mig á því að drengurinn hafði greinilega mikla reynslu af því að vera í sambandi en alls enga af því að heilla konur frá upphafi til enda. Hann vissi greinilega ekki að það er algert tabú að ræða fyrrverandi kærustur á frumstigum deitferlisins! Þegar ég kom heim henti ég mér á sófann og renndi yfir kvöldið í huganum og áttaði mig á því hversu óviðeigandi og súrrealískt þetta var allt saman. Eftir þetta lækkaði staðalinn um það hvað telst vera vont deit!

Hér með, og vegna þessa, ætla ég að ráðleggja ykkur karlmönnum sem standa í stefnumótum eins og ég, að taka aldrei upp á því að ræða ykkar fyrri kvennamál á fyrsta deiti!



**Lárétt: 1** stórborg, **6** á húsi, **7** grastotti, **8** jökull, **9** hvíldi, **10** eldsneyti áður fyrr, **12** rödd, **14** matur, **15** ekki, **16** tímabil, **17** hræðslu, **18** mæla.
**Lóðrétt: 1** ánægjuvottur, **2** trjátegund, **3** í röð, **4** nákvæm, **5** veiðarfæri, **9** eyða, **11** nakta, **13** ættgöfgi, **14** glöð, **17** öfugur tvíhljóði.

**Lausn.**

**Lárétt: 1** berlín, **6** ris, **7** tó, **8** ok, **9** sat, **10** mór, **12** alt, **14** ket, **15** ei, **16** ár, **17** ugg, **18** tala.
**Lóðrétt: 1** bros, **2** eik, **3** rs, **4** ítarleg, **5** nót, **9** sóa, **11** bera, **13** tign, **14** kát, **17** ua.

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR
ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



**STRÁKARNIR** Auðunn Blöndal var hrekktur af starfsfélögum sínum þegar hann tók þátt í prufu hjá Eskimó fyrir Clint Eastwood-myndina.

**AUÐUNN BLÖNDAL:** FELLDUR Á EIGIN BRAGÐI

# Lék dauðasenu fyrir Clint

Það verður ekki logið upp á þá Sverri Þór Sverrisson, Pétur Jóhann Sigfússon og Auðunn Blöndal sem betur eru þekktir undir nafninu Strákarnir. Ekki nóg með að þeir komi gestum sínum á óvart með hvers kyns uppátækjum heldur gera þeir í því að hrekkja hver annan.

Nú standa yfir áheyrnarprufur hjá Eskimó fyrir Clint Eastwood-myndina Flags of our Fathers, sem tekin verður upp í Krýsuvík. Leitað hefur verið af karlmönnum á aldrinum 18-40 ára og sérstök áhersla verið lögð á að finna leikara sem tala lýtalausa ensku. Auðunn Blöndal bjó í Bandaríkjunum um nokkurra ára skeið og hefur vakið athygli fyrir leik sinn í Svínasúpunni. Því lá í augum uppi að hann ætti góðan möguleika á að komast í myndina. Í sakleysi sínu sagði hann starfsfélögum sínum frá þessari ákvörðun, eitthvað sem hann hefði kannski betur látið ógert.

„Við erum að safna efni fyrir nýju þáttaröðina," sagði Sverrir Þór þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Við ákváðum að nýta okkur þetta tækifæri og hringdum niður í Eskimó. Báðum þær um að láta Auðunn gera eitthvað aðeins meira," bætir hann við. Stúlkurnar sem sáu um áheyrnarprófin voru með myndbandsupptökuvél og eftir smá stund báðu þær Auðunn um að leika eina senu. Sú var ekki af auðveldara taginu því Auðunn átti að leika hermann í dauðateygjunum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð hann sig mjög vel en varð heldur súr í bragði þegar hann frétti af ráðabruggi starfsfélaga sinna.

Sverrir segir þó að Auðunn hafi tekið þessu öllu karlmannlega enda sé þetta hluti af vinnunni. „Við ættum náttúrlega löngu að vera búnir að græða augu í hnakkann á okkur," segir Sverrir en bætir því við að Auðunn væri nú ekki barnanna bestur og hefði sennilega verið fyrstur manna til þess að nýta sér álíka tækifæri sjálfur. Aðspurður hvort hann og Pétur ætluðu ekki að prófa sjálfir sagði Sverrir það ekki vera á döfinni. „Þá vantar víst ekki litla feita hermenn."

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Stefán Pálsson** sem hefur séð um dómgæslu í Spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur fagnar því á bloggsíðu sinni að útvarpskonan **Anna Kristín Jónsdóttir** taki við kefli hans og semji spurningar fyrir keppni vetrarins. „Ég er hæstánægður að botn sé fenginn í málið, enda veitir spurningahöfundi ekki af góðum tíma til að semja öll þessi ósköp – hvað þá í fyrsta skiptið," segir Stefán með yfirvegun þess sem reynsluna hefur. Dómarinn fyrrverandi ráðleggur væntanlegum keppendum að búa sig undir bókmenntaspurningar frá Önnu Kristínu en þessa ályktun dregur hann af frammistöðu Önnu í spurningaleik **Ólafs Bjarna Guðnasonar** á Talstöðinni en þar hefur hún verið sigursæl. „Ef marka má þessar keppnir, sem ég heyrði ýmist að hluta eða í heild sinni, mættu framhaldsskólaliðin búa sig undir bókmenntaspurningar á næsta ári, íslenskar jafnt sem erlendar. Sjálfur hlífði ég liðunum að mestu við íslenskum skáldsögum – ekki vegna þess að ég teldi það slæmt spurningaefni, heldur vegna þess að ég hef ekki lesið nógu mikið af þeim sjálfur."





Búið er að ráða hina tvo aðalleikarana í **Flags of our Fathers** en eins og kunnugt er verður **Ryan Phillippe**aðalstjarna hennar. Við hlið hans verða tveir ungir leikarar sem veðjað er á að verði stjörnur framtíðarinnar. Annar þeirra er **Adam Beach** og þetta verður fyrsta alvöru hlutverk hans en hann hefur leikið lítil hlutverk í myndum eins og **Windtalkers**. Hinn er öllu þekktari og heitir **Jesse Bradford**. Hann lék aðalhlutverkið í **Swimfan** auk þess að hafa leikið í myndum á borð við **Cherry Falls** og **Clockstoppers**.



Myndin er í leikstjórn **Clint Eastwood** og verður hún að hluta til tekin upp í **Krýsuvík**. **Paul Haggis** skrifar handritið en **Steven Spielberg** verður einn framleiðenda. Reiknað er með að tökur hefjist í ágúst.

Humar
1.290,-kr.kg
Ótrúlegt verð á fínum humri.
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga
10.00 - 14.30

# Hjólað yfir hálendið fyrir Kolbrúnu Rós

Félagarnir Róbert Traustason, Arnaldur Birgir Konráðsson og Evert Víglundsson munu leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn krabbameini um helgina. Þeir ætla að hjóla frá Reykjavík til Akureyrar, yfir Kjöl á mettíma. „Við ætlum að reyna að klára þetta á innan við 36 klukkutímum. Við hjólum þetta bara í einum rykk án hvíldar. Það er reyndar búið að spá stormi á hálendinu en það gerir þetta bara meira spennandi," segir Róbert.

Tilgangur ferðarinnar er að safna fé fyrir unga stúlku, Kolbrúnu Rós. Hún er aðeins á þriðja aldursári en hefur greinst með slæmt krabbamein og þarf nauðsynlega að komast til meðferðar í Svíþjóð. „Þetta er mikil harmsaga. Krabbameinið hefur dreift úr sér víða um líkama Kolbrúnar og er komið í beinin. Hún þarf að komast í beinmergsskipti í Svíþjóð í september. Ungir foreldrar hennar hafa bæði þurft að hætta að vinna til að sinna henni. Kolbrún er fyrsta barn þeirra en þau eiga von á öðru barni í september, í sömu viku og Kolbrún á að fara í aðgerðina."



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**MANNVINIRNIR** Strákarnir eru allir í feiknaformi. Þeir eru með Boot Camp námskeið hjá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur og vinna sem einkaþjálfarar í Pumping Iron.

„Við erum mikið fyrir að takast á við erfið verkefni og erum bjartsýnir á að Kolbrún Rós muni ná sér. Á meðan það er von, þá gerum við það sem við getum," segir Róbert.

Þeir munu legga af stað frá Ingólfstorgi klukkan tólf á hádegi í dag, föstudaginn 8. júlí.

Ef fólk vill styrkja Kolbrúnu Rós og fjölskyldu hennar þá hefur verið opnaður bankareikningur á hennar nafni:

**kennitala: 040902-2790**
**bankanúmer: 0315-13-300882** ■


Ferðataskan í sumar
FAXE BREWERY
FAXE
PREMIUM
DANISH LAGER BEER
12
Besti
ferðafélaginn
Léttur öllari

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR

SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

## Leikur að orðum

Upplýsingaflæðið í henni veröld er svo yfirgengilegt, malandinn, talandinn, þvaðrandinn og blaðrandinn svo skefjalaus að það er hætt við að þær upplýsingar sem við þurfum nauðsynlega að fá, fari framhjá okkur.

**DATT** þetta sisvona í hug þegar ég var að horfa á fréttir CNN fréttastofunnar sem heldur því fram að hún sé áreiðanlegasti fréttamiðill í heimi. Í tveimur fréttum sem stóðu hlið við hlið var orðið „anarkí“ eða stjórnleysi notað.

**FYRRI** fréttin fjallaði um blaðamennina Judith Miller og Matt Cooper sem hefur verið skipað að geta heimildarmanna að fréttum sem þau skrifuðu. Hún neitaði og fer í fangelsi í fjóra mánuði. Hann ætlar að kjafta frá. Hann ákvað það á leiðinni í réttarsalinn eftir að hafa „kvatt son sinn með tárin í augunum um morguninn“. Maður gæti ælt í fjórtán metra boga. Blaðamaður sem ekki stendur með kröfunni um tjáningarfrelsi fjölmiðla og réttinn til þess að vernda heimildarmenn, á að fá sér starf sem endaþarms-sleikja hjá ríkisvaldinu.

**NEMA** hvað, dómarinn í málinu, Thomas Hogan, sagðist ekki geta annað en fangelsað J. Miller, vegna þess að annars gætu blaðamenn borið fyrir sig tjáningarfrelsi fjölmiðla í alls kyns málum – sem á endanum myndi leiða til stjórnleysis, anarkí.

**NÆSTA** frétt á eftir fjallaði um heimsókn Bush forseta til Skotlands. Í hinum steindauða bæ Auchterader, sem er einn og hálfan kílómetra frá Gleneagles þar sem átta ríkustu þjóðir funda, mættu nokkur hundruð manns til þess að mótmæla fátækt í heiminum, kjarnorkuvopnum, stríðinu í Írak og Afganistan, sem og gróðurhúsaáhrifunum í heiminum. Í fréttinni fjallaði CNN ekki um þetta fólk sem mótmælendur, heldur stjórnleysingja, anarkista.

**EF** það er stjórnleysi að standa vörð um starfsgrundvöll sinn, eða mótmæla hungri, fátækt, stríði og misnotkun jarðarinnar – er illa komið fyrir mannkyninu.

**EÐA** hvað sjáum við næst í hinum vestræna heimi? Stríð gegn anarkistum – sem eru þá allir sem ekki eru sammála sínu ríkisvaldi.







